# FRÉTTABLAÐIÐ

68. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 21. MARS 2019


## Ræða svimandi háar fjárhæðir

**GEIRFINNSMÁL** Sáttanefnd forsætisráðherra hefur enn ekki hafið viðræður um bótafjárhæðir eða forsendur bóta við viðsemjendur sína sem sýknaðir voru af aðild að Guðmundar- og Geirfinnsmálum síðastliðið haust.

Hálft ár er liðið frá sýknudómi Hæstaréttar og skipun nefndarinnar og er þeim sem Fréttablaðið hefur rætt við farið að leiðast nokkuð þófið.

Nefndin fundaði með öllum hlutaðeigandi í janúar og febrúar til að ræða um grunn að sáttum á breiðum grundvelli en peninga mun hins vegar ekki hafa borið á góma á fundum nefndarinnar með fólkinu.

Fyrir nokkrum vikum mun nefndinni svo hafa borist útreikningar mögulegrar bótafjárhæðar frá einum málsaðila. Framreiknuð niðurstaða útreikningsins er sögð hafa verið svo svimandi há að sáttanefndinni féll allur ketill í eld og algjört hlé varð á sáttaumleitunum.

Heimildir blaðsins herma hins vegar að nú hafi nefndin loks óskað eftir fundum í næstu viku og hyggist nú herða sig upp og ræða mögulegar forsendur og fjárhæðir bóta.



Kristrún Heimisdóttir, formaður sáttanefndarinnar.

Starf nefndarinnar er nokkuð snúið en í ljós kom eftir að nefndin var skipuð, að hún hefur ekki umboð að lögum til að semja um greiðslur bóta úr ríkissjóði. Því þurfti að kalla ríkislögmann til, sem reyndist vanhæfur í málinu vegna föður síns sem var vararíkissaksóknari og kom að meðferð málanna á áttunda áratugnum. Var Andri Árnason hæstaréttarlögmaður settur ríkislögmaður í málinu.

Viðsemjendur nefndarinnar hafa ekki allir jafnan bótarétt og enn liggur ekki fyrir hvort nefndin hyggst leggja til að leitað verði sátta við Erlu Bolladóttur, en henni var einni synjað um endurupptöku.

Kristrún Heimisdóttir, formaður sáttanefndarinnar, hefur lagt áherslu á að ræða ekki starf nefndarinnar við fjölmiðla. – aá / sjá síðu 6



# Er eðlilegt fólk til?

Við erum eins misjöfn og við erum mörg en geðheilsu eigum við öll sameiginlega. Sífellt fleiri eru greindir með frávik og geðraskanir og fordómar gegn þeim blunda enn í fólki. En erum við ekki öll með frávik? 16-18

## Stefnir á átök um túlkun

**KJARAMÁL** Efling og SA túlka með mismunandi hætti til hvaða starfsmanna boðuð verkföll, sem hefjast eiga á miðnætti, nái til. Verkfallið myndi ná til um 2.600 félagsmanna Eflingar og VR á hótelum og hjá hópbifreiðafyrirtækjum.

SA telur að verkfallið nái aðeins til félagsmanna þess félags sem boðar verkfallið. – sar / sjá síðu 2



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

## Syngur sig frá áfallastreitu

**LÍFIÐ** Söngkonan og jarðbundna flugfreyjan Heiða Ólafsdóttir tekst á við afleiðingar umferðarslyss og áfallastreituröskun syngjandi bjartsýn.

Hún segir lagasmíðar hafa bjargað henni í gegnum erfiða tíma í lífi hennar. „Það að brasa í minni eigin tónlist hefur alveg bjargað geðheilsunni.“



Heiða Ólafsdóttir.

Afraksturinn má heyra á nýrri plötu sem nefnist Ylur og hún fagnar með tónleikum á föstudagskvöld. – þþ / sjá síðu 42

### Fréttablaðið í dag

**Halldór**




**SKOÐUN** Helga Vala Helgadóttir skrifar um okurlandið Ísland. 22

**SPORT** Það eru lykilmenn fjarverandi í landsliðshópnum sem fer til Suður-Kóreu. 26

**MENNING** Þórdís Helgadóttir vill gera eitthvað nýtt. 34

**LÍFIÐ** Hallgrímur Helgason kemur út á hljóðbók. 44

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **LÍFIÐ**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


**HNÍFAPARATÖSKUR**

12 MANNA
ÁSAMT FYLGIHLUTUM
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ KR. 24.990



Tékk KRISTALL

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

-11KR.
-09KR.
-07KR.

Nú eru allar 55 stöðvar Orkunnar þínar stöðvar.

ORKAN

## Veður




Suðvestan 10-18 m/s, en 15-23 NV-til á landinu og 20-25 þar í kvöld og fram eftir nóttu. Þurrt og yfirleitt bjart veður A-lands, annars él.

SJÁ SÍÐU 30

# GPS-tæki geta leitt til vandræða

**FJARSKIPTI** Gömul GPS-tæki gætu hætt að virka sem skyldi eftir 6. apríl næstkomandi ef kerfi þeirra hefur ekki verið uppfært nýlega. Vandamálinu sem tækin standa frammi fyrir svipar mjög til hins svokallaða „Y2K-vandamáls“ sem herjaði á tölvukerfi heimsins um síðustu þúsaldamót.

Tækin styðjast við 10 bita tvenndarkerfi (e. binary) til að telja vikurnar en slíkt kerfi nær aðeins að telja upp í 1.024 sem þýðir að á 1.024 vikna, eða tæpra 20 ára, fresti endurræsist tímatal tækjanna. Síðast endurræstist tímatalið í ágúst 1999.

Boð gervihnatta til GPS-tækja innihalda ákveðinn dagsetningarkóða sem þarf til að reikna út staðsetningarhnit. Því getur mögulega komið fram ruglingur í útreikningi hnita eftir 6. apríl. Heimavarnarráð Bandaríkjanna sendi frá sér yfirlýsingu þar sem varað er við þessu.

Ríkarður Sigmundsson, starfsmaður Garminbúðarinnar sem sér um sölu GPS-tækja, segist muna vel eftir málinu þegar það kom upp árið 1999. „Ég held að það sé nú bara verið að gera of mikið úr þessu núna eins og þá,“ segir Ríkarður, aðeins örfá mál hafi komið upp þar sem GPS-tækin virkuðu ekki rétt. „En það er gott að fólk viti af þessu og uppfæri tækin, þá á þetta ekki að vera neitt vandamál.“ Einfalt er að uppfæra GPS-tæki á borð við göngu- og bílatæki heima fyrir en hægt er að leita til Garminbúðarinnar með flóknari tæki. – ókp



# Fékk forsmekkinn að framtíðarstarfinu



Grímar Gauti Ólafsson sagði frá því í Fréttablaðinu nýverið að hann langaði að verða „löggubílalagari“ þegar hann yrði stór. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tók hann á orðinu og bauð honum í heimsókn á verkstæði lögreglunnar við Skógarhlíð þar sem Árni Friðleifsson varðstjóri færði hann í sanninn um lögreglubíla. Grímar Gauti var í skýjunum með heimsóknina og lagði kannski grunninn að framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Aðstoðarmenn inn í borgarráð

**REYKJAVÍK** Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúar Miðflokksins og Flokks fólksins leggja til á fundi borgarráðs í dag að „stjórnarandstöðuflokkarnir“ fái seturétt fyrir aðstoðarmann sinn á fundum ráðsins.



**Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðismanna í borgarstjórn.**

Samkvæmt tillögunni hefði aðstoðarmaður ekki málfrelsi né tillögurétt á fundum borgarráðs en væri til aðstoðar flokkunum þremur. „Slíkt fyrirkomulag myndi tryggja jafnræði milli flokkanna þar sem aðstoðarmaður borgarstjóra situr fundi borgarráðs, meirihlutanum og borgarstjóra til aðstoðar,“ segir í tillögunni. – gar

# Túlka verkfallsboðun ekki með sama hætti

**Efling og SA túlka með mismunandi hætti til hvaða starfsmanna boðuð verkföll, sem hefjast eiga á miðnætti, nái til. Verkfallið myndi ná til um 2.600 félagsmanna Eflingar og VR á hótelum og hjá hópbifreiðafyrirtækjum.**

**KJARAMÁL** Næsta lota verkfalla Eflingar og VR hefst á miðnætti að óbreyttu. Félögin munu þó eiga fund með Samtökum atvinnulífsins (SA) hjá ríkissáttasemjara í dag þar sem það mun ráðast hvort sólarhringsverkfall muni hefjast á miðnætti.

„Við mætum alltaf tilbúin til að hlusta. Þótt við séum í verkfallsaðgerðum komum við af fullri alvöru á slíka fundi. Mér finnst mjög mikilvægt að undirstrika það að verkfallsaðgerðir eru til þess að þrýsta á um að viðræður hefjist en ekki til að skemma fyrir þeim,“ segir Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar.

Efling og SA hafa ólíka skoðun á því til hvaða starfsmanna boðaðar aðgerðir myndu nákvæmlega ná til. SA leggur áherslu á að verkfall hjá hópbifreiðafyrirtækjum nái aðeins til félagsmanna þess félags sem boðar verkfallið. Þannig geti starfsmenn í öðrum stéttarfélögum sinnt sínum störfum.

Efling telur hins vegar að verkfallsboðunin nái yfir alla hópbifreiðarstjóra á félagssvæði sínu þar sem félagið sé það eina sem hafi gildan kjarasamning fyrir þessa starfsstétt á því svæði.

„Það getur vel verið að það sé fólk að vinna í þessum störfum sem er ranglega skráð í önnur félög. Við lítum svo á að þessi verkfallsboðun taki ekkert síður til þeirra. Þú ert ekki undanþeginn bara af því að þú ert rútubílstjóri sem er ranglega skráður í iðnaðarmannafélag til dæmis,“ segir Viðar.

Í tilkynningu frá SA er bent á að rísi ágreiningur um framkvæmd verkfalla heyri það undir félagsdóm. Viðar segir viðbúið að aðilar




**Það gæti stefnt í átök um túlkun á verkfallsboðun.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Við lítum svo á að þessi verkfallsboðun taki ekkert síður til þeirra.**
>
> Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar

muni láta reyna á þessa túlkun. „Við höfum okkar túlkun og munum vinna samkvæmt henni og beinum tilmælum til fólks eftir því.“

Björn Ragnarsson, forstjóri Reykjavík Excursions, segir að komi til verkfalls bílstjóra muni það hafa töluverð áhrif á þjónustu fyrirtækisins. „Við gerum ráð fyrir að þetta muni hafa töluverð áhrif á okkar dagsferðir og vorum búin að loka fyrir hluta af okkar dagsferðum. Það munu verða einhverjar raskanir og við náum ekki að sinna allri okkar þjónustu,“ segir Björn enn fremur.

Hann segir að áhersla verði lögð á akstur til og frá Keflavíkurflugvelli. „Það er ekkert mikið meira en það sem við náum að sinna.“

Af um 200 bílstjórum fyrirtækisins eru um 30 sem eru í öðrum stéttarfélögum en VR eða Eflingu. Björn segir stjórnendur fyrirtækisins túlka þetta með sama hætti og SA, að þessir 30 séu ekki á leið í verkfall. Ætli Efling sér að sinna verkfallsvörslu miðað við sína túlkun þýði það auðvitað að starfsemin stöðvist en með því gæti Efling orðið skaðabótaskyld gagnvart farþegum sem misstu af flugi.

Reykjavíkurborg hefur sent erindi til undanþágunefndar vegna aksturs skólabíla sem myndi að óbreyttu stöðvast á morgun. Niðurstaða málsins lá ekki fyrir í gær.

sighvatur@frettabladid.is



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

**Nýtt Húsasmiðjublað**
er komið út stútfullt af frábærum tilboðum. Skoðaðu blaðið á husa.is

LADY málning
**25%** afsláttur

Nilfisk háþrýstidælur
**20%** afsláttur

# RAUÐIR DAGAR
Í HÚSASMIÐJUNNI

GROHE og Damixa blöndunartæki
**25%** afsláttur

Parket
**20%** afsláttur

# SJÓÐANDI HEIT TILBOÐ

Komdu í Húsasmiðjuna og gerðu klikkuð kaup á Rauðum dögum.
Fullar verslanir af flottum vörum á enn betra verði.

**599 kr**
Erikurnar eru komnar
Vorerika
10327408

30% afsláttur
**7.995 kr**
~~11.495 kr~~
Borvél 18V MAX
2 rafhlöður li-ion 1.3Ah, sn./mín., 0-400/0-1350, hersla 28nm, hleðslutími 1 klst., 10 mm patróna, LED ljós.
5159480

20% afsláttur
Takmarkað magn
Fæst í Skútuvogi og husa.is
Kynningaverð
**39.990 kr**
~~49.990 kr~~
HOOVER Ryksuguvélmenni
Rafhlöðuending 90 mín., Hleðslutími 4 tímar, Rafhlaða Li-ion, þyngd - 2,26 kg.
1805316

25% afsláttur
OUTBACK
**29.990 kr**
~~39.950 kr~~
Gasgrill Sunset Solo
3ja brennara. Grillflötur: 628x406 mm, 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9.67W.
3000393

GROHE
**6.690 kr**
~~8.995 kr~~
Sturtusett
Grohe Vitalio Start III 600.
7910827
25% afsláttur

25% afsláttur
damixa
**10.790 kr**
~~14.425 kr~~
Handlaugartæki
Damixa Pine.
8000033

33% afsláttur
**1.990 kr**
~~2.990 kr~~
Eggjasuðutæki
Tristar
1841128

STANLEY
25% afsláttur
**5.996 kr**
~~7.995 kr~~
Búkkar
Stanley 2 stk stst81337.
5079934

Kynningaverð, aðeins 100 stk.
Electrolux
**49.990 kr**
~~59.990 kr~~
Þvottavél 1200 sn. EW6S427W
Tekur 7kg og með A+++ orkunýtingu,
1805436

**Byggjum á betra verði**

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á HUSA.IS

# Segir Vaðlaheiðargöng aðeins fyrir þá efnameiri

**SAMGÖNGUMÁL** „Þessi samgöngubót er aðeins fyrir þá efnameiri. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd,“ segir Guðbergur Egill Eyjólfsson, íbúi í Fnjóskadal, en hann rekur ásamt fjölskyldu sinni dýragarðinn Daladýrð á bænum Brúnagerði í dalnum.

Frá því Vaðlaheiðargöng voru opnuð hefur hann nýtt göngin enda margt að sækja til Akureyrar. Nú er svo komið að hann hefur tvisvar keypt 100 ferðir í göngin og eru þær ferðir búnar. „Við reynum eftir fremsta megni að fara Víkurskarðið aðra leiðina þar sem þetta er mikill kostnaður,“ segir Guðbergur.

> **Við reynum eftir fremsta megni að fara Víkurskarðið aðra leiðina þar sem þetta er mikill kostnaður**
>
> Guðbergur Egill Eyjólfsson

Þá rekur fjölskyldan saumastofu og hafa starfsmenn komið frá Akureyri. „Allt mögulegt vinnuafl fyrir svæðið býr á Akureyri. Til að vera samkeppnishæf þá þurfum við að greiða hærri laun. Þetta er því nokkur farartálmi,“ segir Guðbergur.

Hilmar Gunnlaugsson, formaður stjórnar Vaðlaheiðarganga, segir 700 krónur á hverja ferð ekki hátt verð og að fyrirtækið verði að geta greitt af lánum. „Við sjáum á umferðartölum að við erum að fá í gegnum göngin þá umferð sem fór um Víkurskarðið í fyrra en auðvitað er of snemmt að fullyrða það að það haldi áfram,“ segir Hilmar.

Göngin voru opnuð rétt fyrir síðustu jól og gjaldtaka hófst í byrjun árs. Mikið hefur verið rætt um að gjald fyrir þyngstu bifreiðar sé of hátt og fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa gagnrýnt hátt verð.

Vaðlaheiðargöng reyndust miklu dýrari en ráð var fyrir gert og því þarf að greiða niður hærra lán með veggjöldum en vonir stóðu til. – sa



Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ætla ekki að skrifa undir

**STJÓRNMÁL** Hvorki Öryrkjabandalagið né Alþýðusambandið ætla að skrifa undir skýrslu samráðshóps um breytt framfærslukerfi almannatrygginga. Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra skipaði hópinn í apríl 2018 og til stóð að vinnunni yrði lokið síðasta haust. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði í ræðu á þingi á þriðjudaginn að vinna starfshópsins væri á lokametrunum.

Halldór Sævar Guðbergsson, varaformaður ÖBÍ, segir í samtali við Fréttablaðið að hvorki ÖBÍ né ASÍ ætli að skrifa undir skýrsluna. „Stjórn ÖBÍ treysti sér ekki til að skrifa undir þetta vegna þess að við sjáum ekki að þetta verði fötluðu fólki til framdráttar. Framfærslan er ekki tryggð og það er mjög óljóst hvernig kerfið verður byggt upp,“ segir Halldór Sævar. Þar að auki sé ekki skýrt að afnema eigi tekjuskerðingar.

Til stóð að skrifa undir skýrsluna í síðustu viku, fundurinn var afboðaður eftir að afstaða ÖBÍ lá fyrir. Ekki er búið að boða annan fund. - ab.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Misræmi í afgreiðslu kjararáðs

**Kjararáð tók ekki til afgreiðslu erindi tuga embættismanna áður en það var lagt niður. Hluti síðustu ákvarðana ráðsins ekki birtur. Forstjóri Landspítalans sá eini sem hlaut hulduhækkun árið 2011.**

**KJARAMÁL** Kjararáð hafnaði beiðnum minnst 37 embættismanna, auk allra dómara landsins, um hækkun launa áður en ráðið var lagt niður. Þar af voru í það minnsta tveir sem ekki voru virtir svars. Þetta er meðal þess sem lesa má úr fundargerðum kjararáðs fyrir árin 2015-18.

Nýverið fékk Fréttablaðið fundargerðir ráðsins afhentar eftir að hafa í tvígang þurft að leita til úrskurðarnefndar um upplýsingamál til að fá afgreiðslu ráðsins og fjármála- og efnahagsráðuneytisins hnekkt. Fundargerðir áranna 2015-18 fengust afhentar en eldri fundargerðir þar sem of tímafrekt myndi reynast að afmá upplýsingar úr þeim.

Ráðið var lagt niður í fyrra en áður en til þess kom tók það ákvörðun í málum 44 starfa sem beiðnir höfðu verið sendar um þess efnis. Ein ákvörðunin, um laun aðstoðarseðlabankastjóra, var aldrei birt en samkvæmt henni eru mánaðarlaun hans tæpar 1,9 milljónir króna. Sömu sögu er að segja um þóknun dómara í Félagsdómi og nefndarmanna nefndar um dómarastörf. Forseti Félagsdóms fær til að mynda rúmar 870 þúsund krónur greiddar alla mánuði ársins fyrir störf sín.



Kjararáð var lagt niður í fyrra, en launaákvarðanir ráðsins höfðu sætt harðri gagnrýni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þegar lögum um kjararáð var breytt árið 2016 var sett bráðabirgðaákvæði í lögin um það að málum sem væri ekki lokið fyrir 1. janúar 2018 skyldi ljúka samkvæmt eldri lögum. Af því leiddi að í kringum jólahátíðina 2017 sendi fjöldi embættismanna bréf til ráðsins með beiðni um hækkun launa. Síðasti fundur ráðsins það ár var hins vegar 20. desember og erindi sem bárust eftir þann dag því ekki afgreidd heldur vísað frá.

Það er þó ekki algilt. Til dæmis var beiðni skólameistara Flensborgarskólans ekki afgreidd þótt hún væri send 15. desember 2017. Svipaða sögu er að segja af erindi forstöðumanns Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Þá voru erindi forstjóra Skipulagsstofnunar og framkvæmdastjóra fjölmiðlanefndar ekki afgreidd þótt þau hefðu borist í maí 2017. Erindi forstjóra Byggðastofnunar og Íbúðalánasjóðs hlutu heldur ekki afgreiðslu þrátt fyrir að vera enn eldri.

> **Ein ákvörðunin, um laun aðstoðarseðlabankastjóra, var aldrei birt en samkvæmt henni eru mánaðarlaun hans tæpar 1,9 milljónir króna.**

Til viðbótar þessu má nefna ítrekuð erindi Dómarafélags Íslands með beiðnum um endurskoðun á launum dómara. Bréfanna er hins vegar ekki getið í fundargerðum ráðsins og virðist sem ráðið hafi ákveðið að taka þau ekki til meðferðar.

Að endingu er vert að nefna að ráðið hafnaði að taka beiðni lögreglustjóra landsins um endurupptöku launa sinna til meðferðar þar sem „[ekki yrði ráðið] að breytingar hafi orðið á starfi lögreglustjóra sem breyta mati kjararáðs á launakjörum þeirra frá því sem fram kemur í [úrskurði frá 2015].“

Í gagnabeiðni Fréttablaðsins var óskað eftir bréfum ráðsins til þeirra sem undir það heyra vegna almennrar hækkunar og breytingar á einingakerfi ráðsins árið 2011. Taldi blaðið að tækifærið hefði verið nýtt til að hækka laun einhverra umfram almennu hækkunina. Þeirri beiðni var hafnað. Í bókun frá árinu 2015 kemur á móti fram að forstjóri Landspítalans var sá eini sem var hækkaður umfram almennu hækkunina. Hækkuðu laun hans við þetta um tæp 24 prósent meðan aðrir þurftu að sætta sig við lægri hækkun. joli@frettabladid.is




ALLAR ALMENNAR BIFREIÐAVIÐGERÐIR OG SMURÞJÓNUSTA

**Ís-Band rekur fullkomið bifreiða- og þjónustuverkstæði, ásamt varahlutaþjónustu.**

**Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.**

**Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA (Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Jeep og RAM).**

STUTTUR BIÐTÍMI

Tímapantanir
í síma 534 4433
Erum á Smiðshöfða 5





ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF - VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN - SMIÐSHÖFÐA 5 - 110 REYKJAVÍK
SÍMI 534 4433 - THJONUSTA@ISBAND.IS - WWW.ISBAND.IS - **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**


Kringlan
Viðbúin, tilbúin,
FERMING
Í Kringlunni finnur þú fullt af allskonar fyrir ferminguna. Allt frá kökunni til klæðanna og skartinu til skreytinga. Úrvalið er endalaust!
GJAFA KORT
Opið til níu í kvöld
kringlan.is
KONTOR REYKJAVÍK




**Opel Ampera** Raðnúmer 445530
Nýskráður: 2012 / Rafmagn
Sjálfskiptur / Ekinn: 40.000 km.
**Verð: 2.490.000 kr.**

**Gott úrval notaðra bíla**
**benni.is**



**OPEL INSIGNIA GS INNOVATION**
Raðnúmer 445506
Nýskráður: 2018 / Bensín
Sjálfskiptur/ Ekinn: 23.000 km.
**Verð: 3.990.000 kr.**




**SSANGYONG REXTON**
Raðnúmer 150340
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 50.000 km.
**Verð: 5.390.000 kr.**




**AUDI A3 SPORTBACK E-TRON**
Raðnúmer 112580
Nýskráður: 2018 / Bensín / Rafmagn
Sjálfskiptur / Ekinn: 4.000 km.
**Verð: 4.490.000 kr.**



**TOYOTA YARIS ACTIVE**
Raðnúmer 150359
Nýskráður: 2015 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 80.000 km.
**Verð: 1.590.000 kr.**



**OPEL MOKKA**
Raðnúmer 340190
Nýskráður: 2017 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 29.000 km.
Verð: 2.990.000 kr.
**Tilboð: 2.670.000 kr.**




**SSANGYONG TIVOLI HLX**
Raðnúmer 720047
Nýskráður: 2017 / Dísel
Sjálfskiptur / Ekinn: 52.000 km.
Verð: 3.190.000 kr.
**Tilboð: 2.790.000 kr.**



**CHEVROLET SPARK**
Raðnúmer 445368
Nýskráður: 2016 / Bensín
Beinskiptur / Ekinn: 22.000 km.
Verð: 1.190.000 kr.
**Tilboð: 990.000 kr.**



**CHEVROLET CRUZE**
Raðnúmer 445227
Nýskráður: 2013 / Bensín
Sjálfskiptur / Ekinn: 44.000 km.
Verð: 1.790.000 kr.
**Tilboð: 1.490.000 kr.**

Bílabúð Benna

**Reykjavík**
Krókháls 9
Sími: 590 2035

**Opnunartímar:**
Virka daga 9-18
Laugardaga 12-16

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Opnunartímar:**
Virka daga 9-18
Laugardaga 10-14

* Birt með fyrirvara um mynd og textabrengl.





**Verjendur við munnlegan málflutning í Hæstarétti síðastliðið haust.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Gætu krafið ríkið um fleiri milljarða í bætur

**Engin leið er að vita hvernig dæmt yrði um bætur í Guðmundar- og Geirfinnsmálum færu þau fyrir dóm. Málin eru fordæmalaus. Ef byggt yrði á bótum til Klúbbmanna gæti heildarfjárhæðin numið nokkrum milljörðum króna.**

**GEIRFINNSMÁL** Ríkið gæti þurft að greiða milljarða í skaða- og miskabætur vegna sýknudómsins sem féll síðastliðið haust í Guðmundar- og Geirfinnsmálum.

Með vísan til þess að um fordæmalaust mál er að ræða í íslenskri réttarsögu, er ekki hlaupið að því fyrir samningsaðila að gera sér í hugarlund hvernig bótamálið yrði dæmt af dómstólum.

Þrír hinna sýknuðu eru enn á lífi, Kristján Viðar Júlíusson, Guðjón Skarphéðinsson og Albert Klahn Skaftason. Þeir eiga allir stjórnarskrárvarinn hlutlægan bótarétt vegna frelsisskerðingar að ósekju. Forsætisráðherra hefur lagt áherslu á að sáttum verði náð við þá og einnig aðstandendur Sævars Marinós Ciesielski og Tryggva Rúnars Leifssonar sem eru látnir.

Tveir dómar sem vísað hefur verið til sem fordæma um bótagreiðslur eru annars vegar svokallað Vegasmál Sigurþórs Arnarsonar sem dæmdar voru bætur í Héraðsdómi Reykjavíkur 2015. Hann var sakfelldur árið 1993 fyrir að verða manni að bana á veitingastaðnum Vegas og sat í fangelsi í 15 og hálfan mánuð. Eftir að Sigurþór vann mál sem hann höfðaði gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu var mál hans endurupptekið fyrir íslenskum dómstólum og Sigurþór sýknaður. Honum voru dæmdar rúmar 18,7 milljónir árið 2015 í skaða- og miskabætur.

### Mögulegar bótafjárhæðir miðað við eldri fordæmi

| | Frelsissviptir dagar | Uppreiknaðar bætur |
|---|---|---|
| Sævar Marinó Ciesielski | 3.059 | 685.216.000 kr. |
| Krisján Viðar Júlíusson | 2.710 | 607.040.000 kr. |
| Tryggvi Rúnar Leifsson | 2.193 | 491.232.000 kr. |
| Guðjón Skarphéðinsson | 1.800 | 403.200.000 kr. |
| Albert Klahn Skaftason | 180 | 40.320.000 kr. |

**Alls 2.227.008.000 kr.**

> **Erfitt er að festa fingur á hve háar bætur dómstólar myndu ákveða í svo fordæmalausu máli.**

Dómurinn varpar nokkru ljósi á túlkun lagaákvæða sem tekið hafa breytingum, til dæmis um aukinn bótarétt.

Hins vegar er litið til dóms Hæstaréttar í bótamáli fjögurra manna sem sátu í gæsluvarðhaldi í Síðumúlafangelsi á árunum 1976-1977 vegna rannsóknar á hvarfi Geirfinns. Í dóminum var meðal annars vísað til óforsvaranlegra húsakynna Síðumúlafangelsis og óvæginnar fjölmiðlaumfjöllunar. Miskabætur sem mönnunum voru dæmdar jafngiltu verðmæti einbýlishúss á þeim tíma þegar dómur féll árið 1983 og nema á núvirði að teknu tilliti til verðlagsbreytinga rúmum 23 milljónum, um það bil 224 þúsund krónum fyrir hvern dag.

Samkvæmt heimildum blaðsins lagði einn viðsemjenda sáttanefndarinnar útreikning bóta á grundvelli þessa fordæmis fyrir nefndina, auk útreiknings bóta fyrir missi atvinnutekna. Ekki heyrðist frá nefndinni um nokkurra vikna skeið eftir að fyrrnefndir útreikningar voru lagðir fyrir hana en ljóst er að niðurstaða útreikninganna hleypur á hundruðum milljóna í tilviki flestra hinna sýknuðu.

Útreikningarnir taka ekki til annarra bóta sem komið gætu til, þar á meðal skaðabætur vegna missis atvinnutekna meðan á frelsissviptingu stóð og eftir atvikum einnig eftir að afplánun lauk með vísan til mannorðsmissis hinna dómfelldu í kjölfar málsins.

Með vísan til þess að fólkið sat inni allt frá 6 mánuðum til rúmlega 8 ára er ljóst að bætur fyrir missi atvinnutekna gætu einnig orðið umtalsverðar.

adalheidur@frettabladid.is

# Eyjamenn ræða skertar tekjur

**VESTMANNAEYJAR** Fjármálastjóri Vestmannaeyjabæjar áætlar að beint tekjutap sveitarsjóðs vegna loðnubrests verði 145 milljónir króna. Það sé ekki talið leiða til þess að forsendur fjárhagsáætlunar bresti. Hins vegar telur bæjarráð að hagræða þurfi í rekstrinum.

Bæjarráð fjallaði einnig um áform ríkisstjórnarinnar um að skerða tekjur jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. „Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingum á tekjum sveitarfélaganna,“ bókaði bæjarráðið og tók svo fyrir næsta mál á dagskrá sem var að ákveða átta milljóna króna aukaútgjöld til að kaupa sláttuvél fyrir fótboltavelli bæjarins. – gar



**Hásteinsvöllur í Vestmannaeyjum.**

> **Áætlað tekjutap bæjarins er 145 milljónir.**


*Klínísk rannsókn með 31 sjálfboðaliða **Skv. gögnum frá tilraunastofu
THE TIMELESS ONE
SÝNILEGA FÆRRI HRUKKUR OG LÍNUR
Á EINUNGIS 2 VIKUM*
HÚÐIN ÞÍN VERÐUR STINNARI OG UNGLEGRI.
BÆTTU TEYGJANLEIKA HÚÐARINNAR OG KOMDU Í VEG FYRIR HRUKKUR**
MEÐ AÐSTOÐ SJALDGÆFRA JAPANSKRA ÞÖRUNGA.
GEFÐU HÚÐINNI MIKINN OG GÓÐAN RAKA
SEM VEITIR HENNI ÆSKULJÓMA.
NÝ KYNSLÓÐ AF BENEFIANCE KREMI SEM BERST GEGN ÖLDRUN HÚÐARINNAR.
SHISEIDO
Benefiance
Wrinkle Smoothing Cream
Crème Lissante Anti-Rides
SHISEIDO
GINZA TOKYO
Shiseido fæst í Hagkaup Skeifu, Kringlu, Akureyri, Smáralind og Garðabæ.
SHISEIDO DAGAR 21. – 27. MARS
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SHISEIDO VÖRUM.
Fallegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Shiseido vörur fyrir 7.900 eða meira.*
*Á meðan birgðir endast
HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Þjóðarsorg eftir mannskætt ofviðri

**Hundruð liggja í valnum í Mósambík, Simbabve og Malaví og tala látinna hækkar enn þegar vika er liðin frá því að hitabeltislægðin Idai gekk á land. Heilu þorpin og hverfin eru á floti og von er á frekara regni á næstu dögum.**



Byggð í úthverfi Beira úr lofti. Ástandið er afar slæmt, hundruð hafa farist og flóðin eru mikil. NORDICPHOTOS/AFP

**MÓSAMBÍK** Tala látinna í Mósambík, Simbabve og Malaví hækkar enn eftir að hitabeltislægðin Idai gekk á land síðasta fimmtudag. Staðan þykir verst í Mósambík, þar sem stormurinn gekk á land, en stjórnvöld greindu í gær frá því að rúmlega 200 dauðsföll hefðu nú verið staðfest.

Fulltrúar Sameinuðu þjóðanna sögðu frá því að alls hefði stormurinn bitnað á rúmlega 2,6 milljónum íbúa á svæðinu. Helsta hættan stafar nú af flóðum en vindur olli einnig töluverðu tjóni. Mældist 47 metrar á sekúndu þegar stormurinn gekk á land. Samkvæmt Rauða krossinum gengur enn erfiðlega að komast að íbúum í neyð enda vegir stórskemmdir og heilu þorpin á floti. Talið er að 400.000 hið minnsta hafi misst heimili sín í hamförunum.

„Þetta er versta neyðarástand í sögu Mósambík,“ sagði Jamie LeSueur, sem stýrir björgunarverkefni Rauða krossins í hafnarborginni Beira, við Reuters. Borgin varð einna verst úti í storminum og flóðvatn víða margir metrar á dýpt. Þá sagði LeSueur enn fremur að líklega myndi tala látinna hækka.

Blaðamaður BBC í Beira sagði frá því að íbúar í Beira væru án matar, skjóls og klæða. Neyðin væri því mikil en í ljósi aðstæðna berst hún seint og illa. „Ég hef ekkert. Ég hef misst allt. Við höfum engan mat. Ég er ekki einu sinni með teppi. Við þurfum hjálp,“ hafði blaðamaðurinn eftir konu í bænum Manhava. Búist er við frekara votviðri og er því enn hætta á meira tjóni.

**200**

**hið minnsta hafa farist í Mósambík.**



Hjálparstarfsfólk fylgir íbúum í skjól á flugvelli í Beira. NORDICPHOTOS/AFP

**Ég á ekkert. Ég hef misst allt. Við eigum engan mat. Ég er ekki einu sinni með teppi. Við þurfum hjálp.**

Kona í bænum Manhava

Samkvæmt sama miðli eru uppi spurningar um hvort stjórnvöld í Mósambík hefðu átt að vera betur undirbúin fyrir hamfarir sem þessar. Árið 2000 fórust hundruð í miklum flóðum og þrátt fyrir þá reynslu finnist mörgum stjórnvöld ekki hafa lært nóg til að takast á við næstu hamfarir.

Filipe Nyusi forseti hefur lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg í Mósambík. En víðar er syrgt. Í Simbabve stendur opinber tala látinna í 98 en hundraða er enn saknað.

Africa News greindi frá því að Tansanía hefði styrkt Mósambík, Simbabve og Malaví vegna hamfaranna og sent 214 tonn af matvælum sem og 24 tonn af lyfjum og öðrum nauðsynlegum heilbrigðisvörum. Þá hafa bæði Suður-Afríka og Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna sett af stað safnanir í von um að fá almenning til að styðja við hjálparstarf í löndunum þremur. Evrópusambandið hefur aukinheldur styrkt ríkin þrjú um 3,5 milljónir evra. **thorgnyr@frettabladid.is**


## Aðalfundur Farfugla

Aðalfundur Bandalags íslenskra Farfugla verður haldinn mánudaginn 8. apríl n.k. kl. 19.00 í Farfuglaheimilinu í Laugardal, Sundlaugavegi 34.

Venjuleg aðalfundarstörf og lagabreytingar

Stjórnin.


## Radovan Karadzic fær lífstíðardóm

**HOLLAND** Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníuserba, er á leiðinni í lífstíðarfangelsi. Alþjóðaglæpadómstóllinn í Haag kvað upp dóm sinn í málinu í gær og þyngdi þar með fyrri dóm en Karadzic hafði fengið fjörutíu ára fangelsisdóm fyrir stríðsglæpi og þjóðarmorð á neðra dómstigi árið 2016. Karadzic sagði sakfellingu sína byggða á sögusögnum og mýtum.



Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníuserba.

Karadzic er sakfelldur fyrir að hafa skipulagt fjöldamorðið í Srebrenica árið 1995. Þá voru 8.373 Bosníumúslimar myrtir. Karadzic er ekki sá fyrsti sem er dæmdur fyrir aðild að málinu. Alþjóðaglæpadómstóllinn hefur til að mynda dæmt hershöfðingjann Radislav Krstic í 35 ára fangelsi og þá vakti það heimsathygli árið 2017 þegar herforinginn Slobodan Praljak stytti sér aldur með því að drekka eitur eftir að dómur var kveðinn upp í máli hans. – **þea**

**Karadzic sagði sakfellingu sína byggða á sögusögnum og mýtum.**




WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.




**NISSAN Leaf Tekna Bose 24 kW**
Nýskr. 01/16, ekinn 61 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 2.390.000 kr.**




**HYUNDAI Santa Fe III Premium**
Nýskr. 01/17, ekinn 75 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.190.000 kr.**




**NISSAN Juke Acenta Plus 4wd**
Nýskr. 03/16, ekinn 38 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.990.000 kr.**




**RENAULT Captur Intens**
Nýskr. 08/16, ekinn 55 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.290.000 kr.**




**SUZUKI Swift Sport**
Nýskr. 02/18, ekinn 10 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 2.990.000 kr.**




**SUBARU XV Premium**
Nýskr. 02/17, ekinn 31 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.990.000 kr.**




**DACIA Logan**
Nýskr. 10/16, ekinn 25 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 1.970.000 kr.**




**HYUNDAI i10 Classic**
Nýskr. 03/16, ekinn 20 þ.km,
bensín, beinskiptur.
**Verð 1.350.000 kr.**




**FORD Focus Titanium**
Nýskr. 05/18, ekinn 3 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.490.000 kr.**




**NISSAN Micra Tekna Bose**
Nýskr. 08/17, ekinn 10 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.490.000 kr.**

## LAGERSALA

**Valdir bílar á einstöku tilboðsverði. Fyrstur kemur – fyrstur fær!**




**HYUNDAI Santa Fe III Comfort**
Nýskr. 04/13, ekinn 88 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.590.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.990.000 kr.**




**SUBARU Outback Premium Eyesight**
Nýskr. 05/16, ekinn 101 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3,790.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**3.190.000 kr.**




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 09/15, ekinn 76 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.790.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**1.990.000 kr.**




**HYUNDAI IX35 Comfort**
Nýskr. 06/15, ekinn 64 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.690.000 kr.**




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 04/17, ekinn 65 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.590.000 kr.**



- Ástandsskoðun
- Ný vetrardekk
- Allt að 80% lán
- Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland – Klettháls 11 – 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

bílaland

# Google færir tölvuleikjaspilun í skýið

**Google kynnir Stadia til leiks. Segir að allir muni geta spilað nýjustu leikina í gegnum streymi. Vinnslan fari fram í gagnaverum tæknirisans. Viðskiptamódelið liggur ekki fyrir. Sams konar verkefni hafa áður mistekist en innviðir Google gætu gert útslagið.**

Eftir langar umræður, spár og getgátur um hvað Google ætlaði sér að kynna í ávarpi sínu á tölvuleikjahönnuðaráðstefnunni GDC í vikunni sviptu þeir Sundar Pichai forstjóri og Phil Harrison, yfirmaður nýja leikjaverkefnisins, hulunni af Stadia. Þetta nýjasta nýtt frá Google er ekki leikjatölva, eins og ýmsir höfðu spáð, heldur stafræn þjónusta.

Google-menn sögðu frá því að með því að nýta það mikla afl sem finna má í þúsundum gagnavera fyrirtækisins víða um heim geri Stadia hverjum sem er kleift að spila nýjustu og stærstu leikina á hvaða tæki sem er. Hvort sem um er að ræða 200.000 króna borðtölvu, gömlu fermingarfartölvuna eða jafnvel símann þinn. Ákveðin þumalputtaregla er að ef tölvan þín eða síminn getur keyrt YouTube á tækið að geta keyrt Stadia.

Vinnslan mun nefnilega öll fara fram í gagnaverunum og leiknum verður síðan streymt í símann þinn, tölvuna eða sjónvarpið. Þannig mun maður ekki þurfa að bíða tímunum saman eftir því að hlaða leiknum niður heldur mun maður, samkvæmt Google, geta einfaldlega byrjað hvenær sem er.

En þrátt fyrir að Stadia sé spennandi og hugmyndin um að maður geti spilað stóra og þunga leiki á hvaða tæki sem er er mörgum spurningum enn ósvarað.

Ekki var farið út í hvernig neytendur verða rukkaðir. Erlendir tækni- og leikjamiðlar velta því fyrir sér hvort módelið verði svipað og Netflix og X-Box Game Pass, þar sem neytandinn borgar mánaðarlega fyrir áskrift að efninu, hvort neytendur muni þurfa að borga fyrir leikina sjálfa en enga áskrift að þjónustunni eða jafnvel hvort tveggja.




Sundar Pichai kynnti Stadia en sagðist lítill tölvuleikjamaður. Spilar þó af og til FIFA 19. NORDICPHOTOS/GETTY

Þar sem Stadia er vefþjónusta er hraðrar og öruggrar nettengingar vitanlega krafist, enda ekkert grín að streyma tölvuleikjum í 4K-upplausn og sextíu römmum á sekúndu eins og Google lofar. En tölvuleikjaunnendur víða um heim hafa lýst efasemdum sínum um að upplifunin af streymdum leikjum verði fullnægjandi þar sem svörunartíminn gæti lengst á milli þess að spilari ýtir á takka og leikurinn svarar.

Google gerði beta-prufu á tækninni undir heitinu Project Stream á síðasta ári. Gafst þá spilurum tækifæri til að prófa Assassin's Creed Odyssey. Viðbrögðin voru almennt góð en vissulega þótti upplifunin verri eftir því sem nettengingin varð hægari. Opna á Stadia í ár og var tilkynnt um að næsti leikur í DOOM-seríunni verði í boði á þjónustunni. Þá hefur Google opnað eigið leikjastúdíó.

> **Hægt verður að spila nýjustu og stærstu leikina á svo gott sem hvaða tæki sem er svo lengi sem maður hefur háhraðanettengingu.**

Hugmyndin um að streyma leikjum er ekki ný af nálinni. Sprotafyrirtækið Onlive setti slíka þjónustu í loftið á síðasta áratug, en verkefnið gekk ekki upp. Sony heldur úti PlayStation Now og Microsoft er að feta sig áfram með þjónustu að nafni xCloud. Munurinn á Onlive og Sony annars vegar og Microsoft og Google hins vegar er þó sá að síðarnefndu fyrirtækin tvö eru mun betur í stakk búin til þess að bjóða upp á þjónustu af þessu tagi enda nú þegar með fjölda gagnavera um heim allan.

Fyrrnefndur Harrison sagði í viðtali við Eurogamer að tímasetningin skipti miklu máli. Netið hefði þróast mikið á undanförnum árum. Í þokkabót hefði Google þá innviði sem þarf fyrir verkefni á borð við Stadia. **thorgnyr@frettabladid.is**


# Aðalfundur Lífsverks lífeyrissjóðs

Engjateigi 9 – Reykjavík – **þriðjudaginn 9. apríl kl. 17:00**

**Dagskrá fundar:**

- **Hefðbundin aðalfundarstörf**
- **Önnur mál, löglega upp borin**

**Björn Ágúst áfram í stjórn Lífsverks**

Framboðsfrestur um eitt sæti í stjórn Lífsverks rann út 12.mars. Tvö framboð bárust innan tilskilins frests en annað var dregið til baka. Björn Ágúst Björnsson, stjórnarformaður, sóttist eftir endurkjöri. Kjörnefnd mat framboð hans gilt og er hann sjálfkjörinn í stjórn Lífsverks til næstu þriggja ára.

Stjórn Lífsverks verður því óbreytt frá og með næsta aðalfundi en stjórnina skipa auk Björns, Agnar Kofoed-Hansen, Eva Hlín Dereksdóttir, Margrét Arnardóttir og Unnar Hermannsson. Stjórn Lífsverks er eingöngu skipuð sjóðfélögum.

**Ávöxtun 2018:**

| | Hrein nafnávöxtun | Hrein raunávöxtun |
|---|---|---|
| Samtryggingardeild | 4,4% | 1,1% |
| Lífsverk 1 | 1,5% | -1,7% |
| Lífsverk 2 | 4,3% | 1,0% |
| Lífsverk 3 | 3,9% | 0,6% |

Engjateigur 9 105 Reykjavík
www.lífsverk.is

**Um Lífsverk lífeyrissjóð:**
Lífsverk er opinn lífeyrissjóður fyrir háskólamenntaða en allir geta greitt til séreignardeilda sjóðsins. Sérstaða sjóðsins er m.a.

- **Sjóðfélagalýðræði**
- **Rafrænt stjórnarkjör**
- **Góð réttindaávinnsla**
- **Hagstæð sjóðfélagalán**

Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2018 var samtals 88,9 milljarðar kr. og hækkaði um 8 milljarða kr. á árinu. Hrein eign í samtryggingardeild í lok árs 2018 var 74,3 milljarðar kr. og hækkaði um 5,7 milljarða kr. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar samtryggingardeildar er 4,3% sl. 5 ár og 2,9% sl.10 ár.

**Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar**




LÍFSVERK LÍFEYRISSJÓÐUR


## Ný AirPods óvænt kynnt



Apple kynnti í gær næstu útgáfu hinna feikivinsælu þráðlausu heyrnartóla sinna, AirPods. Fyrri útgáfa var vinsæl jólagjöf hér á landi um síðustu jól og var víða uppseld í janúar.

Önnur kynslóð AirPods lítur svo gott sem eins út og fyrri kynslóð. Uppfærslan er því undir húddinu, ef svo má að orði komast.

Fyrst og fremst ber að nefna að nýja hleðsluhulstrið utan um heyrnartólin er hægt að hlaða þráðlaust. Það er útbúið hinni algengu Qi-hleðslutækni sem þýðir að það er hægt að hlaða hulstrið með næstum hvaða þráðlausa hleðslutæki sem er. Þá hefur lítilli LED-peru verið komið fyrir utan á hulstrinu til þess að hægt sé að fylgjast með hleðslustöðunni.

Apple hefur einnig uppfært örflögu heyrnartólanna. Hin nýja H1-örflaga hefur það fram yfir W1-örflögu fyrri kynslóðar að hægt er að tala um klukkustund lengur í síma áður en heyrnartólin verða rafmagnslaus, þau eiga að tengjast tvöfalt hraðar þegar skipt er um tæki og hægt verður að biðja stafræna aðstoðarmanninn Siri um aðstoð án þess að ýtt sé á heyrnartólin.

Þeir AirPods-eigendur sem eru ekki tilbúnir til þess að fjárfesta strax í nýjum heyrnartólum en ágirnast samt sem áður þráðlausa hleðslu þurfa ekki að fara í fýlu af því að nýja hulstrið virkar með gömlu tólunum og verður einnig selt stakt. **– þea**

## TÆKNI

# ESB sektar Google um 200 milljarða

**Google fékk í gær þriðju sektina frá ESB á jafnmörgum árum fyrir að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína þegar kemur að auglýsingum á netinu.**




Margrethe Vestager, yfirmaður samkeppnisdeildar ESB, á blaðamannafundinum í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Evrópusambandið sektaði bandaríska tölvurisann Google um 1.490 milljónir evra, eða tæplega 200 milljarða króna, fyrir að hafa misnotað markaðsráðandi stöðu sína. Margaret Vestager, yfirmaður samkeppnisdeildar ESB, greindi frá þessu í Brussel í gær.

Brot Google áttu sér stað á tíu ára tímabili, frá árinu 2006 til 2016. Brotin felast í því að hindra að keppinautarnir selji auglýsingar á netinu með því að nota markaðsráðandi stöðu sína. Eftir að málið komst upp breytti Google auglýsingasamningum sínum við þriðja aðila til að veita þeim meira svigrúm til að birta auglýsingar í samkeppni við Google.

„Google er búið að festa sig í sessi sem risinn á markaðnum með auglýsingar á netinu og hefur náð að skýla sér fyrir samkeppni með því að setja samkeppnishamlandi skilmála í samningum við þriðja aðila," sagði Vestager. „Þetta er bannað samkvæmt samkeppnislögum ESB."

Kent Walker, yfirmaður alþjóðadeildar Google, lofar bót og betrun. „Við höfum nú þegar gert margvíslegar breytingar til að koma til móts við samkeppnisdeildina. Við munum gera frekari breytingar á næstunni til að auka sýnileika keppinauta okkar í Evrópu."

> **Við munum gera frekari breytingar á næstunni til að auka sýnileika keppinauta okkar.**
>
> Kent Walker, yfirmaður alþjóðadeildar Google



Walker kynnti einnig í gær breytingar á Android-stýrikerfinu fyrir síma. Í fyrra fékk fyrirtækið sekt frá ESB fyrir að neyða framleiðendur síma sem nota Android til að láta vafra, leitarvél og smáforritaverslun Google fylgja með. Fyrirtækið sagði að það væri nú þegar búið að breyta skilmálum sínum, sem heimila símaframleiðendum að láta smáforrit frá öðrum framleiðendum fylgja með.

Sektin í gær er sú þriðja á innan við þremur árum sem ESB leggur á Google fyrir brot á samkeppnislögum. Alls er búið að sekta fyrirtækið um 8,9 milljarða evra, eða sem nemur 1.200 milljörðum króna.

Google er markaðsráðandi þegar kemur að leitarvélum, mest í Evrópu þar sem markaðshlutdeildin er 90 prósent. Alphabet, móðurfélag Google, þénar umtalsverðar fjárhæðir í gegnum auglýsingasölu. Hagnaðurinn í fyrra nam 30,7 milljörðum dollara, eða tæplega 3.600 milljörðum króna.

Auglýsingatekjur Google koma helst inn í gegnum AdSense, forrit sem birtir leitarniðurstöður frá aðilum sem hafa greitt fyrir það samhliða hefðbundnum leitarniðurstöðum. Einnig birtir forritið auglýsingar sem eru sérsniðnar að notandanum, er til dæmis tekið mið af staðsetningu og hvernig vef notandinn er að skoða. Einnig er tekið mið af fyrri leitum notandans.

Til að fá hagnað í gegnum auglýsingar hafi vefsíðueigendur þurft að gangast við því að gefa Google öll verðmætustu auglýsingaplássin ásamt því að þurfa að fá leyfi frá Google til að birta auglýsingar í gegnum Yahoo! eða Microsoft. Á blaðamannafundi í gær lýsti Vestager Google sem millilið fyrir auglýsingar sem hefði komið sér upp vítahring.

„Keppinautar Google gátu ekki stækkað, sem leiddi til þess að eigendur vefsíðna þurftu að reiða sig eingöngu á Google," sagði Vestager í gær. „Það var engin ástæða fyrir Google að leggja á þessar kvaðir aðrar en til að hindra samkeppni."

arib@frettabladid.is



# Festa kaup á mun færri bílaleigubílum

**Stórar bílaleigur bregðast við erfiðara rekstrarumhverfi með því að kaupa 20-30 prósent færri nýja bílaleigubíla í ár. Leigutímabilið er orðið styttra og ferðamönnum fækkar. Greiða nú full vörugjöld af bílum. Launakostnaður bílaleiga hefur farið hækkandi.**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Bílaleigan Enterprise, sem er í eigu Kynnisferða, mun kaupa um 30 prósentum færri nýja bíla í ár en í fyrra. Bílaleiga Akureyrar/Höldur mun kaupa 20-23 prósentum færri nýja bíla í ár og Hertz á Íslandi mun kaupa mun færri nýja bíla. Þetta segja stjórnendur fyrirtækjanna við Fréttablaðið.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Bílaleigu Akureyrar, segir að stjórnendur fyrirtækisins hafi horft fram á erfiðara rekstrarumhverfi og því ákveðið að fækka bílum í flotanum. Frá og með áramótum hafi bílaleigur orðið að greiða full vörugjöld, launakostnaður sé hár og fari hækkandi og samhliða minna framboði af flugi til landsins var fyrirséð að ferðamönnum myndi fækka. „Það er orðið erfitt að ná endum saman,“ segir hann.

Erlendum farþegum sem flugu frá Keflavíkurflugvelli fækkaði um sjö prósent á milli ára í febrúar og um 6,4 prósent ef janúar er tekinn með í reikninginn, samkvæmt tilkynningu ISAVIA.

Björn Ragnarsson, forstjóri Kynnisferða, segir að almennt hafi afkoman af rekstri bílaleiga verið afar döpur. „Við höfum markvisst verið að draga úr framboði af bílaleigubílum,“ segir hann. Um sé að ræða viðleitni til að draga úr framboði og hækka verð. Verðin hafi verið ágæt á sumrin en langt undir kostnaðarverði á veturna.

Sigfús Bjarni Sigfússon, forstjóri Hertz á Íslandi, hefur verið í ferðamannabransanum í hartnær 30 ár og rekið bílaleigur í 20 ár. „Ég hef ekki upplifað jafn mikla óvissu,“ segir hann og nefnir að óvissa sé uppi um framtíð WOW air, hvort leiðakerfi flugfélaga eins og Icelandair og Norwegian sem fljúga hingað til lands muni raskast vegna þess að flugvélarnar Boeing 747 MAX 8 hafi tímabundið verið kyrrsettar og nú séu verkföll yfirvofandi sem beint sé að ferðaþjónustunni.

„Í ofanálag voru álögur á bílaleigur auknar um áramótin. Nú verðum við að greiða full vörugjöld af bílum í útleigu. Leigubílstjórar, útgerðir og flugfélög þurfa ekki að greiða vörugjöld af sínum atvinnutækjum. Þetta er ósanngjarnt. Aukinheldur erum við einu fyrirtækin í ferðaþjónustu sem greiða virðisaukaskatt í hæsta þrepi sem er með því hæsta sem þekkist í heiminum,“ segir Sigfús.



Í kjölfar verkfallsaðgerða drógust pantanir saman um 20-30 prósent hjá bílaleigunni Enterprise. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fram kom í skýrslu KPMG í haust að hagnaður bílaleiga sem hlutfall af tekjum hefði dregist saman úr 6,3 prósentum árið 2016 í 0,5 prósent árið 2017. Fjögur af níu félögum sem könnuð voru og telja tæplega 60 prósent af markaðnum, voru rekin með tapi. Vandinn fólst í því að launakostnaður og fjármagnskostnaður fór vaxandi.

Enterprise tapaði 88 milljónum árið 2017 en Björn segir að tapið hafi verið eitthvað minna í fyrra. „Árið 2018 í rekstri Hertz á Íslandi var hið versta í níu ár. En við vorum réttum megin við strikið,“ segir Sigfús. Fyrirtækið hagnaðist um 90 milljónir árið 2017.

Björn segir að fyrir tveimur árum hafi meðalleigutími verið sjö, átta dagar en sé nú fimm, sex dagar. Ferðamenn, sem geti keyrt ótakmarkað án viðbótarkostnaðar, keyri hins vegar jafn mikið en á styttri tíma. Bílarnir séu því meira eknir og það þurfi að afgreiða þá oftar til viðskiptavina sem auki rekstrarkostnað.

Stjórnendur bílaleiga eru almennt sammála um að pantanir í janúar og febrúar hafi verið ágætar. Björn segir að þær bókanir sem nú berist séu einkum frá ferðaskrifstofum. Eftir að fór að bera á verkfallsaðgerðum hafi þær dregist saman um 20-30 prósent. Steingrímur segir að ekki hafi dregið úr pöntunum hjá Bílaleigu Akureyrar en fyrirspurnir vegna verkfalla séu margar.

Steingrímur bendir á að almennt séu bílaleigubílar bókaðir í mars til júní. Sigfús Bjarni segir að fyrst kaupi fólk flug, því næst hótel og loks bílaleigubíla. „Sumarið lítur ágætlega út en við höfum kannski fengið um ein þriðja af bókunum sumarsins,“ segir hann.




Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Bakstuðningur á ótrúlegu verði

44%
afsláttur

NEO DESIGN®



Vnr: NEOVENTILO-SV

## Ventilo skrifborðsstóllinn

- Hæðarstilling
- Stillanlegur stuðningur við mjóhrygg
- Samhæfð stilling setu og baks fylgir hreyfingum notandans
- Mótstöðustilling fyrir mismunandi þyngd
- Hæðarstillanlegir armar
- Mjúk eða hörð hjól
- Bólstruð seta og netbak
- Svartur hjólakross
- Gerður fyrir notendur allt að 110 kg

**Hönnun: Michael Magrin**

Tilboðsverð
**39.900 kr.**
Verð áður frá **71.400 kr.**

Stóllinn er einnig fáanlegur með dýptarstillingu í setu á tilboðsverði: 54.900 kr.

**Tilboðið gildir til 29. mars**

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Opið virka daga** 8:00–18:00

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

Penninn
Húsgögn

ÍSLENSKA/SIA.IS PEN 91213 03/19




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516




VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR!

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

# Samfélagið skilgreint út frá frávikum

**„Hvað er að vera normal?“ spyr Héðinn Unnsteinsson sem hefur marga fjöruna sopið innan heilbrigðiskerfisins. Hann segir greiningar orðnar svo margar að flestir séu innan jaðarsamfélags og fáir eftir innan þess hrings sem við köllum „norm“.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is
Ari Brynjólfsson
arib@frettabladid.is



Hann veiktist fyrst 19 ára gamall og svo aftur 22 ára. Tveimur árum síðar var Héðinn Unnsteinsson greindur með geðhvörf. Hann náði tökum á veikindunum og hefur verið viðloðandi heilbrigðismál í hátt í 30 ár. Á þeirri vegferð varð Héðinn upptekinn af því að fræðast um sjúkdóminn og heilbrigðiskerfið almennt.

„Ég varð mjög áhugasamur um þetta allt saman. Ég skrifa bækling um geðhvörf með lækninum mínum og fljótlega fer ég að efast um stoðirnar sem standa undir þessum geðlæknisfræðum. Greining er svo huglæg. Það er engin þvagprufa, engin blóðprufa, engin hlutlæg sönnun á einu eða neinu. Þetta er bara huglægt mat á huglægu ástandi einhvers annars. Þetta eru mjög veik vísindaleg rök á bak við þetta, eiginlega bara engin,“ segir Héðinn. Hann fór af stað með verkefnið Geðrækt sem var starfrækt í þrjú ár og uppskar mikla vitundarvakningu í garð geðraskana.

„Hugmyndin var sú að það geta allir bætt geðheilsu sína, við eigum hana öll sameiginlega. Þetta snýst mikið um hugsanaferla, og það hvernig þú vinnur með hugann þinn og líkama. Ég er kominn af skáldum úr Þingeyjarsýslu og því mikið verið með tilvistarlegar pælingar. Mér hefur fundist þetta vera eitthvað meira en bara geðheilbrigði, tilvistarspurningar, hvaða gildi við höfum í lífinu og á hvað við leggjum áherslu. Ég geri mér grein fyrir því að ekkert okkar breytir heiminum eitt og sér en við getum haft áhrif á heiminn og áhrif á annað fólk og með árunum þá áttar maður sig á því að vera meira til staðar í líðandi stundu. Þetta er það sem allir eru að reyna, að lifa í núinu, að passa upp á orkuna sína,“ segir hann.

> **Af hverju erum við stöðugt að greina frávik í manneskjunni út í hið óendanlega?**
>
> Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur



## Hugvíkkandi efni í míkróskömmtum

Héðinn hefur starfað hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnun, bæði í Genf og í Kaupmannahöfn þar sem hann starfaði meðal annars við að semja yfirlýsingar um geðheilbrigði og geðheilbrigðismál. Í sínu starfi umgekkst hann fjölda framúrskarandi geðlækna, stjórnmálamanna og lyfjafyrirtæki í ýmsum Evrópulöndum.

Hann heimsótti mörg geðsjúkrahús, þá sérstaklega í Austur-Evrópu og kynnti sér aðstæður þar vel.

„Í þessu ferli átta ég mig á því að peningar skipta þarna mestu máli enda eru miklu meiri peningar í veikindum heldur en heilbrigði. Ég gefst eiginlega upp á kerfinu úti og kem heim og fer inn í heilbrigðisráðuneytið. Þar reyni ég að breyta kerfinu innan frá sem gengur hægt svo ég enda í forsætisráðuneytinu og verð þar í níu ár.“

Hann hefur því komið að mörgu í tengslum við geðheilbrigðismál, bæði sem notandi og á fræðilegum nótum. Í dag starfar Héðinn sem stefnumótunarsérfræðingur hjá Capacent og situr einnig í stjórn Geðhjálpar. Þá heldur hann fyrirlestra um lífsorðin 14, sem hann setti saman aftast í bókinni sinni Vertu úlfur sem kom út 2015 þar sem hann segir sögu af sinni reynslu.

Ísland trónir efst af Norðurlöndunum í lyfjanotkun og er einnig efst í notkun þunglyndislyfja hjá OECD. Héðinn segir það orðinn vana að gefa fólki lyf enda vilji það fá snögga lækningu, allt þurfi að gerast strax. „Svo er ég á þeirri skoðun að það séu jafnvel ný lyf á leiðinni við þunglyndi og kvíðatengdum geðröskunum. Nú er verið að skoða læknanleg gildi míkróskammta af hugvíkkandi efnum, en þau hafa sætt ákveðnum fordómum,“ segir Héðinn.

## Er fullkomið heilbrigði til?

Héðinn fór að skoða sögu geðrannsókna sem byrjar um 1811. Greiningartilfellum hefur vissulega farið fjölgandi frá þeim tíma. Árið 1874 voru sex tilfelli á skrá hjá Emil Kreplin, guðföður geðlæknisfræðinnar, en í dag eru þær orðnar 600.

Hann lýsir geðheilbrigðisstiku: Það sem er eðlilegt eða „normal“ er í miðjunni og svo eru frávik sitt hvorum megin.

„Þetta er í raun eins og þrívíð kúla og frávikin í kringum kúluna er jaðarsamfélag, utan hringsins – eins og kvæðið eftir Stein Steinarr sem er svo fallegt. Það sem hefur gerst er að þetta „normal“ hefur þynnst svo mikið. Jaðarfrávikin eru orðin svo mikil af því að það er komið svo mikið af greiningum. Það eru allir hér utan hringsins, en hverjir verða eftir í miðjunni? Ég veit það ekki. Það getur nefnilega hver sem er fengið greiningu, verið með einhver frávik,“ segir Héðinn.

Verið sé að greina samfélagið út frá alls konar frávikum sem eru að verða það stór og mikil að allir virðast vera með einhvers konar frávik. Ekkert „norm“ verður eftir, eða hvernig sem það er svo sem skilgreint.

„Auðvitað er þetta flókið samspil ótrúlega margra þátta þannig að manneskja er aldrei alveg fyllilega heilbrigð eða fyllilega veik. Hún verður samband af báðu. Fólk hefur fengið greiningu og verið með alvarlegar geðraskanir, hefur orðið félagslega út undan og misst virkni í samfélaginu, ekki verið á vinnumarkaði, misst húsnæði og sérstaklega er það slæmt í Austur-Evrópu. Þetta er hópur sem hefur verið jaðarsettur í gegnum aldirnar. Auðvitað eru alvarlegir sjúkdómar líka. En þegar allt er orðið rekið í gegnum frávik þá er eitthvað orðið að öllum. Þá erum við í andstöðu við geðrækt, að efla geðheilbrigði, ef allt er skilgreint út frá röskun. Margir eru farnir að efast um forsendurnar fyrir greiningunum út frá félagslegu, mannfræðilegu og tilvistarlegu sjónarmiði. Af hverju erum við stöðugt að greina frávik í manneskjunni út í hið óendanlega? Til þess að eitthvað raskist, þá þarf eitthvað að vera í lagi. En ef það eru svona rosalega margar raskanir, hvað er þá eftir í lagi? Hvað er að vera normal?“ segir Héðinn.

> ***Utan hringsins***
>
> *Ég geng í hring*
> *í kringum allt sem er.*
> *Og innan þessa hrings*
> *er veröld þín.*
>
> *Minn skuggi féll um stund*
> *á gluggans gler.*
>
> *Ég geng í hring*
> *í kringum allt sem er.*
> *Og utan þessa hrings*
> *er veröld mín.*
>
> **Steinn Steinarr**

## Stöðugt verið að tækla krísur

Héðinn tekur dæmi um heilbrigðiskerfið og nefnir fimm atriði sem einkennir það. Heilsuefling, forvarnir, snemmskoðun, meðferð og endurhæfing.

„Allur fókusinn er á meðferð og endurhæfingu eða um 98-99% fjármagns. Það eru miklu meiri hagsmunir í veikindum en í heilbrigði. Það er alveg hægt að taka heilbrigðiskerfið og setja fjármuni í heilsueflingu, forvarnir og snemmskoðun. Það er alltaf verið að tækla krísur en ekki farið í rót vandans,“ segir Héðinn.

„Sjúkdómavæðingin er svo áhugavert fyrirbrigði en hvað keyrir hana áfram? Af hverju erum við stöðugt að skilgreina fólk út frá frávikum sínum en ekki einhverju sem það á sameiginlegt með öðrum? Ég öfunda ekki ungt fólk og börn sem fá greiningar. Þetta litar sjálfsmyndina. Geðraskanir eru oft beintengdar ofbeldi og trúverðugleiki oft dreginn í efa. Þegar einstaklingur hefur verið greindur á hann stöðugt á hættu að vera smækkaður niður í geðgreiningu sína. Ef einhver sem er með geðröskun fremur glæp þá er það dregið fram og lögð áhersla á að útskýra brotið, „já, hann er andlega veikur“. Það er aldrei talað um að astmasjúklingur hafi lamið einhvern. Það eru enn fordómar og mismunun í garð geðsjúkra.“

Í alþjóðlegri samanburðarrannsókn frá árinu 2009 sem prófessorarnir Jón Gunnar Bernburg og Sigrún Ólafsdóttir stóðu að, voru viðhorf fólks til geðraskana skoðuð. Þar kom fram að mun færri vildu búa við hliðina á Jóni með geðklofa eða Gunnu með þunglyndi en einhverjum með astma.

„Við ráðum kannski aldrei við fordómana sem slíka en við getum tekist á við mismununina sem fordómar ala af sér. Við getum unnið með mismunun og bætt þekkingu og þannig minnkað fordóma,“ segir Héðinn.

„Það virðist vera undirliggjandi, kannski meira hjá þessari þjóð en annarri, þörfin á ytri viðurkenningu og ekki nógu mikil staðfesta á innri fullvissu um sjálfan sig. Svo er alltaf þessi samanburður og samkeppni líka. Við höfum tilhneigingu til að halda að einhver annar sé betri en við. Kannski er þetta krónískur vanmáttur síðan fyrir 500 árum sem er undirliggjandi hjá þjóðinni eftir að hafa verið undir Norðmönnum og Dönum. Það birtist kannski í minnimáttarkennd, smá þótta, jafnvel hroka. Það virðast ekkert alltof margir hérna sem geta hvílt í sjálfum sér og verið sáttir við sitt, en alltaf fleiri og fleiri,“ segir Héðinn. „Til að breyta þessu væri ráð að fá hugleiðslu inn í leikskóla og skóla og hægja aðeins á hlutunum.“





TILVERAN

# Það er ranghugmynd að hægt sé að vera eðlilegur

Það er ekkert að mér, heilinn í mér virkar bara svona en ekki hinsegin,“ segir Vilhjálmur Hjálmarsson, leikari og varaformaður ADHD-samtakanna. Hann er einn tugþúsunda Íslendinga sem fæddust með taugaþroskaröskunina ADHD. Vilhjálmur var ekki greindur fyrr en hann var orðinn þrítugur, fram að því þjáðist hann af þunglyndi.

Á bilinu 5 til 10 prósent þjóðarinnar eru með ADHD. Flestir skjólstæðingar samtakanna eru börn sem fá greiningu í gegnum grunnskóla, en undanfarin ár hefur fjölgað mjög í hópi fullorðinna sem átta sig á að þeir hafa verið þjakaðir af ógreindu ADHD alla ævi. „Það breytti öllu að fá að vita hvað var að, ég var alltaf að naga sjálfan mig fyrir að gera einhver aulamistök. Eftir greiningu lagðist ég í sjálfsskoðun og fór að horfa allt öðruvísi á hlutina,“ segir Vilhjálmur.

Oft á tíðum vilja foreldrar barna með ADHD kenna sjálfum sér um. „Það er fullt af fordómum, þeir hafa minnkað að undanförnu en samt nóg um vanþekkingu og misskilning. „Svo gleymi ég seint mömmunni sem kom á spjallfund með syni sínum sem ásamt föður og bróður var búið að greina. Þegar leið á fundinn galopnaðist munnurinn hægt og rólega, enda henni orðið ljóst að hún væri sjálf með ADHD, hún bara vissi það ekki. Þess utan sýna allir ADHD-lík einkenni einhvern tímann á lífsleiðinni, en einstaklingur með ADHD glímir við þessi einkenni alla daga.“

**Við erum öll eins og við erum, en vandamálið við þetta er að ef þú veist ekki af þessu þá flækist það fyrir þér og skapar alls konar önnur vandamál.**

Vilhjálmur Hjálmarsson, varaformaður ADHD-samtakanna



Áhrifin geta verið margvísleg á einstaklinga sem vita ekki að þeir eru með ADHD, algengast er þó þunglyndi og kvíði. „Algengt er að klúðra einföldum hlutum og erfitt fyrir þá sem umgangast mann að skilja af hverju maður geti og geri allt þetta flókna eins og ekkert sé.“ Margir skipta oft um vinnu og hækka til dæmis ekki í launum vegna þess. Áhrifanna gætir einnig heima við og dæmi eru um að aðstandendur stimpli einstakling óáreiðanlegan, einfaldlega vegna þess að ADHD gerir að verkum að viðkomandi mætir sjaldnast á réttum tíma og á erfitt með að framkvæma verkefni í réttri röð.

Vilhjálmur segir að þrátt fyrir að vera kominn á góðan stað í lífinu þá verði hann aldrei „eðlilegur“. „Það er ekki til, það er bara ranghugmynd. Við erum öll eins og við erum, en vandamálið við þetta er að ef þú veist ekki af þessu þá flækist það fyrir þér og skapar alls konar önnur vandamál. Ég tek þátt í samfélaginu eins og hver annar, en á mínum forsendum. Ég er bara svona og það er ekkert að því. Mikið væri samfélagið annars leiðinlegt ef allir væru eins.“

# Karakterar fái að dafna eins og þeir eru

**Móðir drengs með Tourette náði að halda sjúkdómnum í skefjum með hreinu mataræði og vill sjá að foreldrum verði hjálpað með mataræði og heildrænar lausnir áður en gripið er til lyfja. Hún segir það vont ef börn eru stöðugt gagnrýnd fyrir að fara ekki eftir hinum „gyllta þjóðvegi“ kerfisins.**

Hollt mataræði skiptir okkur miklu máli. Jafnvel svo miklu að það getur haldið ýmsum sjúkdómum og kvillum í skefjum. Berglind Sigmarsdóttir, athafnakona og eigandi veitingastaðarins Gott, getur tekið undir það. Sonur hennar greindist með Tourette-sjúkdóm um 10 ára aldur. Kækir hans trufluðu hann í skóla og daglegu lífi og var það mataræðið sem breytti öllu til muna. Hún hefur gefið út tvær bækur ásamt eiginmanni sínum með uppskriftum að hreinu fæði.

„Sonur minn var greindur með ADHD fyrir. Hann var orkumikill í leikskóla og gekk svo vel í skóla framan af en þegar Tourette-sjúkdómurinn fer að láta á sér kræla verður allt mun erfiðara. Hann átti erfitt með að sitja kyrr og vera almennt til friðs, eins og ætlast er til í skólanum. Hann er mjög flottur strákur, skapandi og skemmtilegur en þetta kassalaga kerfi hentaði honum illa,“ segir Berglind.

„Hann byrjaði einn daginn að fá einhverja kæki og við vissum ekki hvað það var. Taugalæknir greindi hann með Tourette en það var ekkert annað í boði til að halda kækjunum niðri en sljóvgandi lyf. Það eru ekki til nein sérstök lyf við Tourette nema þessi, sem sljóvga einstaklinginn og róa kippina og kækina niður. Fyrir mér var það aldrei eitthvað sem ég vildi einu sinni prófa. Ég tók þá ákvörðun að prófa mataræðið áður.“

Berglind fór á stúfana og aflaði sér upplýsinga um sjúkdóminn. Keypti bækur og fletti upp á netinu. Á þessum tíma fyrir tæpum tíu árum var talsvert minna úrval af fæði sem fæst víða í dag, eins og glútenlaust eða sykurlaust fæði, og merkingar á vörum voru lélegar.

„Ég breytti því eldhúsinu í rannsóknarstofu og bjó allt til frá grunni, þannig að ég vissi hvað væri í öllu,“ segir Berglind.

„Það er alltaf talað um nokkra hluti sem eru að valda fólki vandræðum í mataræðinu, það er sykur, glúten, mjólkurvörur og ger. En svo er þetta mjög mismunandi eftir fólki. Ég er yfirleitt mjög ýkt þegar ég dett í svona gír svo ég ákvað bara að taka allt út sem gæti verið að valda einhverju. Tók litarefni, rotvarnarefni og öll gerviefni út. Þetta var algjörlega hreint fæði. Það þarf ekkert að vera eitthvað heilsuduft, það getur bara verið kjötsúpa, gerð úr heilnæmu hráefni. Þannig varð bókin til þegar ég ákvað að taka þetta saman og skrifa sögu sonar míns.“

**Ég sætti fordómum fyrir þetta, hversu hræðilegt þetta væri nú fyrir greyið barnið, hann mætti aldrei fá neitt.**

**Ég myndi vilja sjá að foreldrum yrði hjálpað með mataræði og heildrænar lausnir áður en gripið er til lyfja.**

Berglind Sigmarsdóttir, athafnakona og eigandi veitingastaðarins Gott





Líkaminn er flókið fyrirbæri og það er engin skyndilausn þegar kemur að því að bæta heilsu. Það tekur tíma fyrir líkamann að taka breytingum og finna mun. Það er kannski þess vegna sem fólk gefst upp, það vill sjá niðurstöður strax eins og að taka eina pillu. Svo var það eitt kvöldið þegar Eurovision prýddi skjái landsmanna að það kom bersýnilega í ljós hversu mikið mataræðið hafði að segja.

„Ég sætti fordómum fyrir þetta, hversu hræðilegt þetta væri nú fyrir greyið barnið, hann mætti aldrei fá neitt. Þar sem ég ákvað að setja hann ekki á lyf var ég spurð hvort það væri ekki ábyrgðarleysi. Ég spyr bara, hvernig getur það verið ábyrgðarleysi að gefa barninu sínu holla fæðu? Ég hafði alltaf búið til sér fyrir hann. Við reyndum auðvitað öll í fjölskyldunni að taka þátt í þessu með honum svo hann væri ekki einn. Á þessu Eurovisionkvöldi gafst ég bara upp og lét undan. Sonur minn fékk að kafa í snakkskálina og nammið og allt sem var á boðstólum,“ segir Berglind.

„Hann varð svo veikur þetta kvöld. Hann fékk svo mikla kæki að hann náði ekki andanum. Hann lá bara í gólfinu, eftir eina kvöldstund af sukki. Þá sáum við raunverulega álagið á hann. Daginn eftir kastaði hann upp og það var meira að segja hringt frá skólanum til að athuga hvað hefði komið fyrir því kækirnir voru svo miklir. Hann gat bara ekki verið í skólanum og lært. Þarna sá hann sjálfur líka hvað þetta þýddi mikið fyrir hann. Eftir þetta var hann miklu meira til í þetta. Nokkrum mánuðum seinna var hann laus við þessa kæki.“

Sonur Berglindar er enn laus við kækina og borðar að mestu hreint fæði. Hann þolir hins vegar ýmislegt betur en þegar hann var yngri en finnur þegar hann þarf að taka til í mataræðinu.

„Ég veit ekki hvort mataræði getur haft áhrif á alla sjúkdóma eða greiningar en ég veit að hreint fæði myndi t.d. henta einstaklingum með ADHD betur. Þetta snýst allt um að hjálpa líkamanum að ná ákveðnu jafnvægi, þar spilar svefn t.d. líka inn í. Ég tel að það sé hægt að lækna líðan að mörgu leyti með því að borða heilnæmt fæði. Það eru alltaf að koma fram fleiri og fleiri rannsóknir sem sýna fram á tengsl milli þarmaflóru og geðheilbrigðis. Ég held að læknar séu í auknum mæli að taka undir þetta. Auðvitað er fullt af fólki sem þarf lyf og þau hjálpa mörgum. En það er líka fullt af fólki sem getur bjargað sér án þeirra. Það þyrfti meiri aðstoð hvað það varðar frá heilbrigðiskerfinu. Ég myndi vilja sjá að foreldrum yrði hjálpað með mataræði og heildrænar lausnir áður en gripið er til lyfja. Það er mikilvægt að við hjálpum þessum börnum sem eru með ADHD að komast í gegnum skólakerfið með heila sjálfsmynd. Ef ég hefði farið yfir með syni mínum öll Mentor-skilaboðin sem hann fékk frá skólanum og skammað hann í hvert skipti hefði það brotið hann niður. Það er rosalega erfitt að passa ekki inn í kerfið og vera gagnrýndur stöðugt fyrir að vera ekki að fara eftir þessum „gyllta þjóðvegi“ sem kerfið gerir okkur að fara eftir. En eru það ekki frumkvöðlarnir og oft skemmtilegustu karakterarnir sem fá að dafna bara eins og þeir eru?“

# Normal Disorder?

Ég var fyrir nokkru í fertugsafmæli í góðra vina hópi þar sem ýmislegt var skeggrætt eins og vant er og var umræðan lífleg. Þar hitti ég nokkra kollega mína auk annarra og snerist samtalið oftar en ekki um læknisfræðileg og heilsutengd málefni, en þau eru flestum hugleikin á þessum aldri þegar við erum að færast á „efri árin“ ef svo mætti segja. Einn af mínum gömlu skólafélögum var þarna líka, þekktur rithöfundur, margverðlaunaður og mærður fyrir sín skrif en einnig alkunnur vegna sterkra skoðana og skemmtilegra nálgana á málefni líðandi stundar.

Við vorum að ræða það hversu upptekin við erum orðin af því að setja einhvers konar skilgreiningar á allt og alla, ekki síst að reyna að sjúkdómsgreina fólk og börnin þeirra. Pínulítið eins og það hafi komist í tísku að vera með greiningu og að það sé alveg sjálfsagt að þessi og hinn sé með einhverja röskun sem þarfnist athygli, hvað þá meðferðar. Sem læknir fagna ég því auðvitað að okkur miði áfram og að við getum hjálpað fólki sem glímir við vanda, hver svo sem hann kann að vera. Margt hefur breyst á umliðnum árum og við erum orðin meðvitaðri um ýmis vandamál sem áður voru óþekkt eða höfðu ekki nafn. Gott dæmi um slíka greiningu er ADHD og hægt væri að nefna ýmsar fleiri eins og söfnunaráráttu, aðlögunarröskun og hegðunarraskanir ýmiss konar.

Geðraskanir eru sennilega eitt það erfiðasta sem læknar fást við og hefur um langt skeið verið ákveðin dulúð um þá sjúkdóma og þeir eru fyrst á undanförnum árum að koma meira fram í sviðsljósið og umræðuna. Áhrifin eru geysileg þegar almenn vakning verður og spéhræðsla og skömm víkur í upplýstri umræðu eins og sést hefur í tengslum við þunglyndi og kvíða sem eru algengustu raskanirnar sem fólk glímir við. Þá höfum við séð stórstígar framfarir eins og áður sagði í greiningu og meðferð raskana eins og t.a.m. ADHD, en slíkir einstaklingar voru iðulega taldir tossar og enduðu oftsinnis utanveltu bæði sem börn og fullorðnir.

Við eigum að fagna því að við skulum vera að ná lengra í því að kryfja og greina hegðunarmynstur, gefa þeim nafn, skilgreiningar og þannig auðvelda okkur að þróa viðbrögð og meðhöndlun til þess að bæta líðan. Slíkt er gott, en í þessum anda er auðvelt að átta sig á því að það er nánast hægt að setja slík skilmerki fyrir hvaða hegðun eða líðan sem er og þurfum við að forðast að sjúkdómsvæða of mikið hegðun eða atferli einstaklinga. Sérstaklega hættulegt er ef viðkomandi sem slengir slíku fram er ekki faglærður og með góða innsýn í heim geðraskana. Það getur nefnilega sært mjög að vera uppnefndur með sjúkdómsgreiningu, það er líklega verra en margt annað.

Vonandi tekst okkur sameiginlega að breyta því viðhorfi sem ríkt hefur gagnvart geðröskunum enn frekar og að í huga almennings séu þær jafn rétthár eins og aðrir sjúkdómar sem við glímum við dagsdaglega. Þá verður þeim heldur ekki beitt í þeim tilgangi að stríða eða níðast á öðrum. Við segjum til dæmis ekki helvítis lungnasjúklingurinn þinn þegar við ætlum að skammast, orð eins og vangefinn, ofvirkur, taugahrúgan þín, eða ertu með athyglisbrest eru farin að heyrast meira sem skammaryrði en áður var. Við þurfum að breyta því!

Í þessu samhengi fóru á flug heimspekilegar vangaveltur um það hvað þyrfti til? Lausnin væri kannski að allir fengju einhvers konar greiningu. Ein tillagan var ekki alslæm og kom frá téðum rithöfundi, en nafn hennar var Normal Disorder eða það að vera sjúklega normal. Líklegt er að greiningarskilmerki á slíku myndu vefjast mjög fyrir fagfólkinu enda þyrfti að útiloka allt annað fyrst sem gefur fólki lit og karakter. Slík greining væri líka afar vont uppnefni.

**Við eigum að fagna því að við skulum vera að ná lengra í því að kryfja og greina hegðunarmynstur, gefa þeim nafn, skilgreiningar og þannig auðvelda okkur að þróa viðbrögð og meðhöndlun til þess að bæta líðan.**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Margir hugsanlega á einhverfurófi sem þurfa enga hjálp

Nýjustu tölur frá Íslandi benda til þess að 2,7% barna á Íslandi séu á einhverfurófi. Það bendir allt til þess að sama tala gildi yfir þjóðina alla,“ segir Evald Sæmundsen. Hann er doktor í sálfræði sem hefur starfað með einhverfum og stundað rannsóknir á einhverfu í rúma þrjá áratugi.

Einhverfa er algengari meðal karla en kvenna, yfir 4% karla eru á einhverfurófi. Það er þó margt sem bendir til þess að konur séu síður greindar með einhverfu. Konur eru frekar greindar með persónuleikaröskun og aðra geðsjúkdóma áður en þær eru greindar með einhverfu.

Evald, sem starfar hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, segir að fólk geti verið með einhver einkenni einhverfu án þess að þurfa að vera greint á einhverfurófi. „Þetta er spurning um styrkleika einkenna og hvort þau hamla eða ekki. Við höfum áhuga á að finna þá sem eru með einhver einkenni í tengslum við rannsóknir á erfðum einhverfu. Hver einkennin eru, hvernig þau dreifast milli kynja o.s.frv.“

Einhverfa einkennist af erfiðleikum með félagslegt samspil, tjáskipti og áráttutengda hegðun. Fordómar í garð einhverfra byggjast oft á aðstæðum einstaklinganna. „Við getum hugsað okkur konu á rófinu sem líður ekki vel í félagsskap annarra og býr yfir litlum sveigjanleika í mannlegum samskiptum ásamt því að vera með áráttuhegðun. Það getur samt verið manneskja í framvarðasveit í listum eða vísindum. Við erum að tala um breidd sem spannar allt frá því að vera alvarlega þroskahamlað yfir í fólk sem lifir góðu lífi.“

Árið 2005 voru 0,6% barna greind á einhverfurófinu, talan var komin upp í 1,2% árið 2009 og er nú í 2,7%. Einhverfum er ekki að fjölga heldur eru einfaldlega fleiri greindir, Evald útilokar ekki að hlutfallið hækki. „Við höfum engan áhuga á því að greina alla með einhverfu fyrir árið 2020, við viljum bara fá að vita hverjir það eru sem þarfnast hjálpar. Við þefum ekki bara upp einkenni, við viljum gera eitthvað fyrir einstaklinga sem eiga erfitt en við ætlum ekki að hlaupa um ganga í háskólanum og greina þar skrítið fólk sem gæti verið á einhverfurófi. Það eru margir sem hafa enga sérstaka þörf fyrir hjálp.“

**Við eigum að fagna því að við skulum vera að ná lengra í því að kryfja og greina hegðunarmynstur, gefa þeim nafn, skilgreiningar og þannig auðvelda okkur að þróa viðbrögð og meðhöndlun til þess að bæta líðan.**

Evald Sæmundsen, doktor í sálfræði og sviðsstjóri rannsóknarsviðs Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins.





# Sjúkdómamenning þar sem einblínt er á fullkomnun sem er hreinlega ekki til

Það er kominn tími til að hugsa hugtakið „heilsa“ upp á nýtt, segir Linda Bára Lýðsdóttir, sálfræðingur hjá VIRK. Rúmlega 15 þúsund manns hafa leitað til starfsendurhæfingarsjóðsins frá því hann var settur á laggirnar fyrir um áratug. Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa.

„Það er spurning hvort menning okkar sé farin að ýta undir greiningar, við erum í sjúkdómamenningu, þar sem fólk talar til dæmis um að vera með þunglyndi og kvíðaraskanir, þegar það finnur fyrir neikvæðum tilfinningum sem er hluti af lífi fólks, eitthvað sem er eðlilegt. Einstaklingar einblína á sjúkdóminn. Við setjum spurningarmerki við þetta,“ segir Linda Bára. „Ætlum við að vera fórnarlamb sjúkdómsins, eða ætlum við að reyna að stjórna ferðinni þrátt fyrir veikindi?“

VIRK ásamt Embætti landlæknis er nú í sambandi við hollenskan hóp sem bendir á að það þurfi að skilgreina heilsu upp á nýtt. Núverandi skilgreining Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar er frá árinu 1948, þar segir að heilsa sé fullkomin andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan. „Við einblínum á fullkomnun,“ segir Linda Bára, eitthvað sem sé ekki raunhæft.

Um er að ræða hugmyndafræði hollenska læknisins Machteld Huber. Nýja skilgreiningin á heilsu er getan til að aðlagast og stjórna ferðinni þegar við mætum líkamlegum, andlegum og félagslegum áskorunum í lífinu. Heilsa skiptist þá í sex víddir, líkamlega virkni, andlega vellíðan, lífsgæði, tilgang, félagsleg tengsl og daglega virkni. Allar þessar víddir spila saman. „Um leið og þú vinnur í einni víddinni, þá eru miklar líkur á að ástandið skáni í hinum víddunum,“ segir hún.

„Við ætlum ekki að útiloka greiningar, það þarf að meðhöndla sjúkdóminn. Það sem við erum að benda á er að það þarf að skoða einstaklinginn út frá fleiru. Það þarf að horfa á einstaklinginn í heild sinni,“ segir Linda Bára. Slík vitundarvakning myndi minnka sjálfsfordóma einstaklinga. „Þá erum við ekki að festast í að hugsa um að það sé eitthvað að okkur.“

**Ætlum við að vera fórnarlömb sjúkdómsins eða ætlum við að reyna að stjórna ferðinni?**

Linda Bára Lýðsdóttir, sviðsstjóri og sálfræðingur hjá VIRK





bauhaus.is
BAUHAUS®
Nilfisk
Háþrýstidæla
C 120.7-6. Hámarksdæluþrýstingur 120 bör, hámarksvatnsflæði 440 l/klst. Áreiðanleg málmdæla og mótor. Sjálfkrafa ræsing/stöðvun.
17.596,-
21.995,-
Nilfisk
Háþrýstidæla
P 150.2-10 X-TRA. Hámarksdæluþrýstingur 150 bör. Hámarksvatnsflæði 610 l/klst. Með þrýstingsjöfnun og hjólavagni. Með tanki fyrir hreinsiefni.
63.996,-
79.995,-
20% afsláttur af Nilfisk og Kärcher vélum
Tilboðið gildir frá fimmtudegi 21.mars til og með sunnudeginum 24.mars 2019.
KÄRCHER
Ryk– og vatnssuga
WD 5. 1100 W. Sogkraftur sem samsvarar 1800 W. 25 lítra tankur, 2,2 m slanga. Flöt sía fylgir.
21.596,-
26.995,-
KÄRCHER
Háþrýstidæla
K 5 Premium Full Control Plus Flex. 2100 W. Dæluþrýstingur 20-145 bör. Vatnsflæði 500 l/t. Hámarkshiti 40°C.
50.396,-
62.995,-
KÄRCHER
Háþrýstidæla
K 7 Premium Full Control Plus Flex. 3000 W. Dæluþrýstingur 20-180 bör. Vatnsflæði 600 l/t. Hámarkshiti 60°C.
57.596,-
71.995,-
Nilfisk
Háþrýstidæla
C 110.7-5. PC X-TRA Hámarksdæluþrýstingur 110 bör, hámarksvatnsflæði 440 l/klst. Handfang sem auðvelt er að tenjga. Snúanleg slanga. Bætt geymsla fyrir úðabyssuna, stúta og snúra. Með fylgihlutum.
15.996,-
19.995,-
Nilfisk
Háþrýstidæla
C 120.7-6 Hámarksdæluþrýstingur 120 bör, hámarksvatnsflæði 440 l/klst. Áreiðanleg málmdæla og mótor. Sjálfkrafa ræsing/stöðvun.
19.196,-
23.995,-
Nilfisk
Háþrýstidæla
C 125.7-6. PAD X-TRA. Hámarksdæluþrýstingur 125 bör. Hámarksvatnsflæði 460 l/klst. Áreiðanlegv málmpumpa og mótor. Sjálfkrafa ræsing/stöðvun.
29.596,-
36.995,-
MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!
OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18
BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplysingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is

# TILVERAN

## Mótmæli flóttamanna flutt vegna veðurs

Hópur flóttafólks sem hefur mótmælt brottvísunum og slæmum aðbúnaði sínum á Austurvelli í tæpa viku tilkynnti á mánudaginn að hann ætlaði að flytja mótmæli sín af Austurvelli. Var ástæðan sögð kuldi og slæmt veðurfar.

Degi síðar röðuðu mótmælendur sér fyrir framan innganga Alþingishússins. Þrír voru handteknir í tengslum við málið en þeim var sleppt úr haldi sama dag. Höfðu mótmælin þá færst að lögreglustöðinni á Hverfisgötu.

Þá sitja fulltrúar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu fyrir svörum hjá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis í dag vegna aðgerða lögreglu gegn mótmælendum á Austurvelli.

**Flóttamenn þurftu að færa mótmæli sín vegna veðurs enda íslenskt veður ekki þekkt fyrir að sýna miskunn.**



## Kjaraviðræðunum slitið

Starfsgreinasamband Íslands sleit kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins á mánudaginn en samninganefndir beggja aðila komust ekki að samkomulagi á fundi hjá ríkissáttasemjara þann dag.

Samninganefnd Starfsgreinasambandsins ákvað fyrir helgi að ef ekki kæmi fram nýtt tilboð frá Samtökum atvinnulífsins á fundinum yrði viðræðum slitið.

Spurður hvort verkföll blöstu við svaraði Björn Snæbjörnsson, formaður sambandsins, því til að slíkar aðgerðir krefðust tíma og undirbúnings. Verkföll yrðu því ekki á næstu dögum. „Það fer ekkert frá okkur að gera kjarasamning,“ sagði hann. Sambandið ígrundar nú næstu skref.

**„Það fer ekkert frá okkur að gera kjarasamning,“ sagði Björn Snæbjörnsson, formaður Starfsgreinasambandsins.**



# Vikan

Margt stóð upp úr í liðinni viku. Veðrið lék ekki við flóttamenn sem mótmæltu í tjöldum á Austurvelli, kjaraviðræðum var slitið og WOW biðlaði til stjórnvalda. Þórdís Kolbrún tók við af Sigríði Andersen.



## Óskaði eftir ríkisábyrgð

Forsvarsmenn WOW air viðruðu um liðna helgi hugmyndir um að stjórnvöld veiti flugfélaginu ríkisábyrgð á lánafyrirgreiðslum til þess að tryggja rekstur félagsins til skemmri tíma. Hvorki stjórnvöld né flugfélagið vildu tjá sig um málið þegar fjölmiðlar leituðu eftir því.

Fjárhagsstaða WOW air er þröng en samkvæmt þeim upplýsingum sem stjórnvöld hafa fengið um stöðuna er félagið þó sagt vera með nægt lausafé til þess að standa við skuldbindingar sínar og halda rekstrinum gangandi fram yfir næstu mánaðamót.

Mikil óvissa ríkir um framgang viðræðna WOW air og Indigo Partners en stjórnvöld eru vel upplýst um gang mála.

**Fjárhagsstaða WOW air er þröng en samkvæmt þeim upplýsingum sem stjórnvöld hafa fengið um stöðuna er félagið þó sagt vera með nægt lausafé til þess að standa við skuldbindingar sínar.**

## Þórdís Kolbrún tók við ráðuneytislyklunum

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir tók við lyklum að dómsmálaráðuneytinu fyrir helgi en Sigríður Á. Andersen hafði áður greint frá því að hún myndi stíga tímabundið til hliðar vegna Landsréttarmálsins. Þórdís gegnir nú tveimur ráðherraembættum, en hún er nú bæði dómsmálaráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Landsréttur tók til starfa að nýju í byrjun vikunnar eftir að dagskrá síðustu viku var frestað í ljósi niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu. Þá var málið rætt á Alþingi þar sem forsætisráðherra sagði mikilvægt að umræðunni yrði ekki hleypt í skotgrafir.

**Þórdís Kolbrún tók við af Sigríði Andersen sem dómsmálaráðherra og gegnir nú tveimur ráðherraembættum.**

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins







Fallegt endaraðhús í Hlíðarbyggð í Garðabæ. Eignin er 185,4 fm með innbyggðum 37,4 fm bílskúr, auk íbúðarherbergis. Á efri hæð eru 2-3 svefnherbergi, baðherbergi, stofa, borðstofa, eldhús, þvottahús og geymsla. Á neðri hæð er íbúðarherbergi með sérinngangi. Aðkoma að húsinu er góð; hellulögð og upphituð. Fyrir aftan húsið, mót suðri, er sólrík timburverönd afgirt. Frábært fjölskylduhús á góðum stað í næsta nágrenni við Hofsstaðaskóla, Flataskóla, Garðaskóla, Fjölbrautaskóla Garðabæjar, leikskólana Kirkjuból og Bæjarból og fleira.



PIER
Frábærar fermingargjafir!
Veggklukka,
4.990,- 3.992,-
Veggklukka,
5.990,- 4.792,
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
VÖRUM!
Sértilboð!
PAPASAN bambus stóll með pullu,
25.980,- 19.990,-
Sértilboð!
LUNEVILLE snyrtiborð
29.900,- 14.990,-
RUBY loðskinn, 9.990,- 7.992,-
margir litir til!
Mikið úrval
af hnöttum!
CORNA horn, 6.990,- 5.592,-
ROMANA sófi, 49.900,- 39.920.
137x77xH76cm,-
BUSBY kollar, 12.990,- 10.392,-
www.pier.is
SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS
Gildir 21. mars- 27. mars. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.
PIER
BRINGING IT HOME

# Mikilvægt skróp



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Landssamtök íslenskra stúdenta sendu á dögunum frá sér tilkynningu þar sem bent var á að starfsfólk einhverra grunnskóla hefði lagst gegn því að börn og unglingar tækju sér frí frá skólastarfi til að mæta á útifundi þar sem stjórnvöld eru hvött til aðgerða í loftslagsmálum. Vitanlega eiga börn og unglingar skilið að mark sé á þeim tekið og á þau hlustað. Samt er iðulega reynt að þagga niður í þeim. Það er leitt að slíkt sé tíðkað í skólastofnunum sem eiga einmitt að stuðla að því að auka þroska nemenda og efla sjálfstæði þeirra og sköpunargáfu. Fögur orð í námskrá skipta engu ef reynt er að berja niður sjálfstæði nemenda um leið og þeir sýna í verki að þeir hafa samfélagslega vitund og vilja bregðast við í samræmi við það.

Nú blasir við að mannkynið stendur frammi fyrir því að loftslagsbreytingar af mannavöldum stefna lífi á jörðinni í stórhættu. Lengi má sitja í skólastofum og býsnast yfir þeirri stöðu mála og harma hversu illa sé komið fyrir jörðinni og íbúum hennar. Þá má skipta nemendum í hópa og láta þá ræða sín á milli hvernig eigi að gera heiminn betri og lífvænlegri, en það skilar í sjálfu sér engu, nema þá velmeinandi hugsun. Ekki er ástæða til að gera lítið úr henni en það þarf svo miklu meira til, sem sagt aðgerðir og þær strax.

Víða um heim streyma börn og unglingar út úr skólastofunum til að mæta á mótmælafundi og krefjast þess að gripið sé til alvöru aðgerða í loftslagsmálum. Það getur ekki verið neitt rangt við þessa fundi. Samt berast stöðugt fréttir af óánægðum skólayfirvöldum sem segja skróp nemenda ekki réttu leiðina, alls ekki megi riðla mikilvægu skólastarfi og setja starf kennara í uppnám. Þarna er stofnanahugsunin algjör og opinberar það viðhorf að skólinn sé geymsla, þar eigi að koma ungu fólki fyrir og það eigi að sitja stillt og hlýðið og læra samkvæmt námskrá. Ekki er talið æskilegt að þetta unga fólk fái of mikið af hugdettum um að gerast meðvitaðir og ábyrgir þjóðfélagsþegnar, enda mun það skapa alls kyns vesen fyrir skólayfirvöld.

Furðulegt er til þess að hugsa að einhverjir nemendur fái skróp í kladdann fyrir að mæta á fundi og hvetja til þess að heiminum verði bjargað frá þeirri eyðingu sem við honum blasir. Þeir ættu að fá stjörnu í kladdann fyrir að setja umhverfisvernd í forgang. Sennilega er það innbyggt í skólayfirvöld að þau viti betur en hinir ungu nemendur. Þannig er það nú samt ekki og nú ættu hinir fullorðnu að hafa vit á að taka undir með ungmennunum.

Í tilkynningu Landssambands íslenskra stúdenta kemur fram að þótt starfsfólk einhverra grunnskóla streitist á móti því að nemendur yfirgefi skólann til að taka þátt í mótmælum þá séu dæmi um að kennarar hafi mætt þangað með nemendur sína. Þar eru kennarar sem skilja mikilvægi þess að rödd æskunnar heyrist í heimi þar sem svo margt þarf að laga.

Loftslagsverkfall verður haldið á Austurvelli á morgun, föstudag. Þar ættu kennarar að slást í hópinn með nemendum sínum.

> **Fögur orð í námskrá skipta engu ef reynt er að berja niður sjálfstæði nemenda um leið og þeir sýna í verki að þeir hafa samfélagslega vitund og vilja bregðast við í samræmi við það.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Vont er þeirra jafnrétti**

**Eins og oft vill vera er ekki allt sem sýnist þegar flokkar, fyrirtæki og félög skreyta sig með fögrum páfuglsfjöðrum jafnréttis en slíkar sýningar þykja líklegar til vinsælda. Þannig vekur athygli að þrátt fyrir að Framsóknarflokkurinn stæri sig af kynjajafnrétti og að í þingflokknum séu fimm konur en þrír karlar þá virðist konunum síður treyst til áhrifastarfa. Tveir af þremur körlum eru ráðherrar og sá þriðji fær að vera formaður fjárlaganefndar, þingflokksformaður og varaforseti þings að auki. Eina konan af þessum fimm sem er treyst fyrir embætti og áhrifastöðu er Lilja Alfreðsdóttir.**

**Jeckyll og Hyde**

**Þorsteinn Víglundsson, þingmaður Viðreisnar, er djarfur pólitískur línudansari en kannski stundum full frekur til fjörsins eins og félagar í Foreldrasamtökum gegn áfengisauglýsingum hafa nú hátt um á Facebook. Þar er bent á að sem félags- og jafnréttismálaráðherra veitti hann samtökunum viðurkenningu fyrir starf sitt. Nú tali hans hins vegar fyrir því að áfengisauglýsingar verði leyfðar með lögum á Alþingi. „Það er stórfurðulegt að alþingismenn skuli vera að berjast fyrir að selja áfengi í verslunum þegar allt er í kalda koli á geðdeildum og Vogi,“ er meðal þess sem hann fær að heyra.**

thorarinn@frettabladid.is

# Velkomin í okurland!



Helga Vala Helgadóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Þessa dagana er tekist á um það hvort laun þurfi að hækka eða ekki. Samtök atvinnurekenda, með dyggum stuðningi ríkisstjórnarflokkanna, hamra inn í umræðuna að launajöfnuður hafi aldrei verið meiri og laun hér á landi séu óvenjulega há. Að ef hækka eigi lægstu launin muni það kollvarpa hinum margumtalaða stöðugleika sem lág- og millitekjufólk ber víst ábyrgð á að haldist.

Það má vel vera að meðaltal launa sé ágætt en það breytir ekki þeirri staðreynd að lágu launin duga ekki fyrir framfærslu í okkar samfélagi. Við því verður að bregðast.

Á sama tíma og almenningi er talin trú um skaðsemi kjarabaráttu launþega fáum við fréttir af hinum raunverulega ógnvaldi. Það er nefnilega svo að það er 66% dýrara að reka heimili á Íslandi en í Evrópusambandinu! Það eru ekki bara innfluttar matartegundir sem eru dýrari hér á landi heldur er það meira að segja fiskurinn sem svamlar hér allt um kring sem er dýrari fyrir íslenska neytendur en þá sem kaupa í matinn í löndum Evrópu sem sum hver liggja ekki einu sinni að sjó. Matarkarfan er ekki bara óheyrilega dýr heldur er húsnæðiskostnaður með hæsta móti í krónulandi.

Í þessu dýra landi hafa stjórnvöld í ofanálag gert atlögu að þeim stoðum sem ætlað er að jafna byrðar; barnabætur skerðast undir meðallaunum og vaxtabótakerfið heyrir næstum sögunni til. Í miðri kjaradeilu leggur ríkisstjórnin svo til skerðingu framlaga ríkisins til sveitarfélaganna, sem bera hitann og þungann af nærþjónustu við aldraða, börn og fatlað fólk. Fyrirséð er að sveitarfélög munu neyðast til að hækka verðskrár og skerða þjónustu til að standa undir tekjumissinum. Er þetta ábyrg aðgerð í miðri kjaradeilu?

Ábyrgð valdhafa er mikil og ríkisstjórnin hefur fjöldamörg verkfæri til að auka jöfnuð og hagsæld meðal landsmanna. Nú verður hún að leggja málinu lið af einhverri alvöru til að tryggja öllum íbúum landsins mannsæmandi lífskjör. Það hlýtur jú að vera megintilgangur með störfum þeirra.

> **Matarkarfan er ekki bara óheyrilega dýr heldur er húsnæðiskostnaður með hæsta móti í krónulandi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Heim til þín, Ísland

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Lima, Perú – Tvo síðustu fimmtudaga hef ég að gefnu tilefni fjallað hér um spillingu. Fyrst rakti ég rás viðburðanna á Íslandi frá upphafi haftabúskapar 1927 fram á okkar daga og hvernig spilling gróf um sig í skjóli hafta og skömmtunar, hermangs, ókeypis úthlutunar veiðiheimilda til útvegsmanna og einkavæðingar bankanna. Síðan stiklaði ég á stóru í spillingarsögu Panama til að leiða lesandanum fyrir sjónir ýmsar e.t.v. óvæntar andstæður og einnig hliðstæður. Nú er komið að því að reyna að rekja í grófum dráttum samhengið í sögunni.

**Menningarástand og saga**

Spilling verður naumast rakin til ákveðinna atburða, t.d. hafta eða hermangs, heldur virðist nær að skoða hana sem inngróna hegðun á vettvangi stjórnmála og viðskipta, ákveðið menningarástand sem hefur ríkt á Íslandi síðan að lýðræðisstjórnmálum varð til um og eftir aldamótin 1900. Heimastjórninni 1904 fylgdi sterkt flokksræði ásamt auknum umsvifum ríkisins næstu áratugi. Hvað skyldi fyrsti ráðherrann, Hannes Hafstein, hafa haft fyrir stafni þau ár sem hann var ekki ráðherra? Hann var ráðherra 1904-1909, bankastjóri Íslandsbanka 1909-1912, ráðherra aftur 1912-1914 og bankastjóri 1914-1917 þegar heilsa hans bilaði. Tryggvi Gunnarsson, móðurbróðir hans, sat á Alþingi 1869-1885 og aftur 1894-1908 og var bankastjóri Landsbankans 1893-1909. Þarna m.a. var lagður grunnur að meira en hundrað ára samkrulli bankamála og stjórnmála.

Haftakerfið 1927-1960 féll í gljúpan svörð við þessar kringumstæður og varð að gróðrarstíu fyrir hvers konar spillingu. Höftin ræktuðu sérstaka tegund hugarfars þar sem skilin milli viðskipta og stjórnmála máðust út að miklu leyti. Margar skýringar á spillingunni koma til álita, m.a. yfirburðastaða eins stjórnmálaflokks í stjórnkerfinu, fyrst Framsóknarflokksins í skjóli skakkrar kjördæmaskipanar og síðan Sjálfstæðisflokksins með tilheyrandi ofríki og markaðsfirringu með hálfsovézkum formerkjum. Margar bækur, gamlar og nýjar, hafa lýst þessu ástandi auk annarra vitnisburða. Meðal eldri bóka um málið má nefna Iðnbylting hugarfarsins (1988) eftir Ólaf Ásgeirsson sagnfræðing, Milliliður allra milliliða (1959) eftir Pétur Benediktsson bankastjóra og Þjóð í hafti (1988) eftir Jakob F. Ásgeirsson rithöfund.

**Erum við of fá?**

Sumir nefna fámenni sem skýringu á spillingunni þvert á tiltækar tölur. Transparency International hefur í bráðum aldarfjórðung mælt spillingu í stjórnmálum og stjórnsýslu um heiminn. Mælingarnar sýna að fámenn lönd mælast yfirleitt óspilltari en fjölmenn lönd. Meðaleinkunn fyrir spillingu í 20 löndum með færri en eina milljón íbúa var 5,3 árin 2015-2016 borið saman við meðaleinkunnina 3,9 hvort heldur í 31 landi með 10-20 milljónir íbúa eða 13 löndum með fleiri en 100 milljónir íbúa. Háar einkunnir vísa á litla spillingu. Danir og Ný-Sjálendingar skora hæst með einkunnina 9,0 fyrir 2015-2016. Sómalía rekur lestina með einkunnina 0,9 og ætti því e.t.v. heldur að heita Ósómalía.

> **Bankarnir halda áfram að veita útvegsfyrirtækjum lán með veði í sameignarauðlind þjóðarinnar. Þrenningin lætur sér ekki segjast. Hún mun halda uppteknum hætti eða jafnvel færa sig upp á skaftið nema fólkið í landinu setji henni stólinn fyrir dyrnar.**

Ef fámenni væri ein af undirrótum spillingar væri úr vöndu að ráða. Þá þyrftu fámenn ríki annaðhvort að sætta sig við spillinguna eða gera sérstakar ráðstafanir til að uppræta hana eða jafnvel ráðast í mannfjölgun með innflutningi fólks annars staðar að. En fámenni virðist sem sagt ekki vera sérstakt vandamál sem betur fer fyrir fámenn lönd. Eigi að síður getur talizt nauðsynlegt að gera ráðstafanir gegn spillingu í litlum löndum. Einmitt það hefur ríkisstjórnin í Panama gert að gefnu tilefni og einnig ríkisstjórn Svíþjóðar í fyrirbyggjandi tilgangi.

Hér í Perú situr Alberto Fujimori fv. forseti landsins 1990-2000 í fangelsi fyrir spillingu og mannréttindabrot.

**Vanheilög þrenning**

Órofa tengsl stjórnmála, viðskipta og banka vegna skorts á valdmörkum og mótvægi eru höfuðkennimark, mér liggur við að segja brennimark íslenzkrar spillingar. Einkavæðing bankanna var illa ef ekki glæpsamlega útfærð og leiddi til hruns m.a. af því að stjórnvöld vildu ekki sleppa takinu af bönkunum. Stjórnmálamenn höfðu afhent útvegsmönnum ókeypis aðgang að auðlindinni í sjónum og töldu vænlegt að hafa svipaðan hátt á einkavæðingu bankanna. Vart mátti á milli sjá hvor röddin var háværari í halelújakórnum að baki bankanna fram að hruni, rödd stjórnmálamannanna eða rödd viðskiptalífsins. Viðskiptaráð taldi Ísland standa Norðurlöndum „framar á flestum sviðum“. Bankarnir lánuðu þingmönnum mikið fé fyrir hrun, einkum til hlutabréfakaupa með veði í bréfunum sem gufuðu upp. Tíu alþingismenn, þar af sjö þingmenn Sjálfstæðisflokksins, skulduðu bönkunum 100 milljónir króna eða meira hver um sig, sumir miklu meira, þegar bankarnir hrundu. Bankarnir halda áfram að veita útvegsfyrirtækjum lán með veði í sameignarauðlind þjóðarinnar. Þrenningin lætur sér ekki segjast. Hún mun halda uppteknum hætti eða jafnvel færa sig upp á skaftið nema fólkið í landinu setji henni stólinn fyrir dyrnar.





ENNEMM / SÍA / NM92814

Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fáanlegur með sjálfvirkri neyðarhemlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

# Fagorðalistar ferðaþjónustunnar




**Sveinn Aðalsteinsson**
framkvæmdastjóri Hæfnisetursferðaþjónustunnar og FA

**Jóhannes Þór Skúlason**
framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Öll vitum við að samskipti á vinnustað skipta máli. Svo miklu máli að velgengni fyrirtækis getur verið undir því komin að starfsmenn eigi eðlileg og skýr samskipti.

Erlendir starfsmenn í íslenskri ferðaþjónustu skipta þúsundum. Áætlað er að um fjórðungur þeirra tæplegu 30.000 starfsmanna sem starfa við greinina séu af erlendu bergi brotnir. Margir þeirra geta aðeins treyst á ensku sem sameiginlegt tungumál við gesti og samstarfsfólk. Allstór hópur erlendra starfsmanna er þó hvorki mælandi á íslensku né ensku. Vinna samt sín störf vel og af trúmennsku. Hins vegar má oft rekja misskilning á leiðbeiningum og/eða veittri þjónustu til tungumálaerfiðleika starfsmanna. Margt hefur verið gert til að auka tungumálafærni þessa hóps og oft með miklum ágætum.

Hæfnisetur ferðaþjónustunnar, samstarfsverkefni Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), annarra aðila vinnumarkaðarins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, var stofnsett árið 2017, tímabundið til þriggja ára. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA), í eigu aðila vinnumarkaðarins, hýsir verkefnið. Eitt af fjölmörgum verkum Hæfnisetursins hefur verið gerð, útgáfa og dreifing svokallaðra fagorðalista ferðaþjónustunnar, unnið með dyggum stuðningi ýmissa aðila, m.a. starfsgreinaráða og SAF. Fagorðalistarnir hafa nýlega verið kynntir á Menntamorgnum ferðaþjónustunnar sem eru stuttir morgunfundir Hæfnisetursins og SAF sem ætlaðir eru fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Fagorðalistarnir eru u.þ.b. 100 algengustu fagorðin í hverjum af nokkrum meginflokkum ferðaþjónustunnar, þjónustu í sal, móttöku, veitingum, afþreyingu og þrifum. Orðalistarnir eru aðgengilegir á netinu, t.d. á vefsíðu Hæfnisetursins (hæfni.is) þar sem einnig má hlusta á framburð hvers orðs á íslensku. Þessi síða er með leitarmöguleika og hentar vel í snjallsíma sem eru ávallt innan seilingar. Gefin er þýðing á hverju orði á ensku og pólsku. Jafnframt hefur Hæfnisetrið látið útbúa veggspjöld með helstu orðum í hverjum flokki sem má setja upp til dæmis á kaffistofu starfsmanna, í eldhúsum veitingastaða eða annars staðar þar sem starfsmenn hafa aðgengi.

**Verkið sýnir einnig í hnotskurn nauðsyn þess að atvinnulífið og menntageirinn eigi í stöðugu samtali um þarfir atvinnulífsins fyrir hæft starfsfólk.**

Samkvæmt reynslu fyrirtækja, sem hafa prófað þessi veggspjöld og vefsíðuna, hafa þessi verkfæri reynst góður upphafspunktur samtals og samskipta á vinnustað um hugtök, merkingu þeirra og framburð. Þau hafa ekki síður reynst íslensku starfsfólki vel til að þjálfa sig í ensku til að geta sinnt gestum sínum betur eða haft samskipti við pólska samstarfsmenn, svo dæmi séu tekin. Veggspjöldin og vefsíðan eru ókeypis fyrir fyrirtæki í ferðaþjónustu. Hægt er að nálgast veggspjöldin í gegnum hæfni.is.

Það var því vel við hæfi að ráðherra ferðamála, Þórdís Kolbrún Gylfadóttir, og mennta- og menningarmálaráðherra, Lilja D. Alfreðsdóttir, opnuðu formlega fyrir notkun listanna á Grand Hótel Reykjavík nú nýlega. Verkið sýnir einnig í hnotskurn nauðsyn þess að atvinnulífið og menntageirinn eigi í stöðugu samtali um þarfir atvinnulífsins fyrir hæft starfsfólk. Starfsfólk sem eflir sig í starfi eykur hæfni sína, verður öruggara í sínum aðgerðum og á betri möguleika á framgangi í starfi. Jafnframt eykst starfsánægja á vinnustað með markvissri fræðslu.

Fagorðalistarnir eru lítil skref á þeirri vegferð en mikilvæg skref í rétta átt og eitt af mörgum verkum Hæfniseturs ferðaþjónustunnar til að auka hæfni í íslenskri ferðaþjónustu.

**„Eru Norðmenn að snúa baki við EES?“**

Opinn fyrirlestur í stofu 105 á Háskólatorgi klukkan 17:30 í dag.

Heimssýn · Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum · Herjan · Ísafold félag ungs fólks gegn ESB aðild

*Vegna ummæla minna, prentuðum í Fréttablaðinu 19.3.2019*

Ég, Ingi Vífill, vil biðjast afsökunar á ummælum mínum, sem birtust í Fréttablaðinu 19.3.2019 í umræðu um mótmæli hælisleitenda á Austurvelli.

Ummælin voru bæði óþroskuð og vanhugsuð en öllu framar voru þau óþarft framlag til umræðu um *réttmæta baráttu fólks til betra lífs.*

*Virðingarfyllst,*
*Ingi Vífill*

# Belja baular í útlöndum



**Valtýr Sigurðsson**
lögmaður og fyrrverandi ríkissaksóknari og dómari

Jón Steinar Gunnlaugsson lögmaður kom í þáttinn „Reykjavík síðdegis“ á dögunum til að ræða um nýlegan dóm Mannréttindadómstóls Evrópu. Hans skoðun var sú að dómurinn væri að engu hafandi og að við Íslendingar ættum ekki að kippa okkur upp við það þótt einhver belja baulaði í útlöndum. Dómarar Landsréttar ættu því að halda áfram að dæma sem áður og stjórnvöld að halda ró sinni.

Þessi orð lögmannsins leiddu hugann að því þegar Mannréttindanefnd Evrópuráðsins gaf sjálfstæði dómstóla á Íslandi falleinkunn 1987 vegna máls manns sem var búsettur á Akureyri og hafði verið dæmdur í undirrétti og í Hæstarétti fyrir brot á umferðarlögum. Í samræmi við gildandi lög var mál hans tekið fyrir og dæmt af fulltrúa bæjarfógetans sem starfaði á ábyrgð og undir stjórn bæjarfógeta sem jafnframt er yfirmaður lögreglunnar. Málið var kært til mannréttindanefndarinnar á þeirri forsendu að málið hefði ekki hlotið meðferð í undirrétti fyrir óháðum dómara. Mannréttindanefndin komst að þeirri niðurstöðu að líkur væru á að brotið hefði verið gegn mannréttindasáttmálanum. Í stað þess að taka til varna í málinu ákvað íslenska ríkið að breyta lögunum til samræmis við álit Mannréttindanefndarinnar.

**Þá kæmi ekki á óvart þótt meirihluti landsmanna teldi það fela í sér aukið réttaröryggi og ekki skerðingu á fullveldi Íslands að unnt sé að leita til Mannréttindadómstólsins með mál sín í stað þess að þurfa eingöngu að reiða sig á íslensk stjórnvöld og Alþingi.**

Hugmyndir að frumvarpi að lögum um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði voru kynntar í Dómarafélagi Ísland en formaður félagsins var bæjarfógeti. Eins og mörgum félagsmönnum leist formanninum ekki á að sýslumenn og bæjarfógetar yrðu sviptir dómsvaldinu. Orð formannsins voru á þá leið að þetta fyrirkomulag hefði reynst vel í okkar litla landi og engin ástæða væri til að hlaupa eftir einhverju erlendu fyrirkomulagi í þessum efnum. Þá skyldu menn vita að það væri til pólitískt vald í þessu landi og því yrði beitt til að koma í veg fyrir lagasetningu sem breytti þessu skipulagi.

Sem betur fer kom ekki til þess að slíku valdi yrði beitt og því tóku lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði gildi 1992. Þessi breyting hafði gríðarlega mikla þýðingu fyrir sjálfstæði dómstólanna og þá um leið fyrir þegna þessa lands þótt enn ætti eftir að stíga skrefið til enda, þ.e. að koma á fót millidómstigi.

Hluti af því að búa í réttarríki er að geta leitað til sjálfstæðra og óvilhallra dómstóla og njóta þannig réttaröryggis. Skipun dómara er stór hluti af þessu kerfi. Þrátt fyrir að við höfum svipað fyrirkomulag og t.d. Norðurlöndin er skipun í dómarastöðu sífellt deiluefni hér á landi. Staðreyndin er hins vegar sú að dómsmálaráðherrar hinna Norðurlandanna hlutast yfirleitt ekki til um tilnefningar hæfnisnefnda um dómara. Því mætti ætla að ábyrgð ráðherra þar væri annars konar en ráðherraábyrgð hér.

Sjónarmið Jóns Steinars og afstaða hans til dóms Mannréttindadómstólsins hugnast mér ekki og ætla ég að fleiri séu þeirrar skoðunar. Þá kæmi ekki á óvart þótt meirihluti landsmanna teldi það fela í sér aukið réttaröryggi og ekki skerðingu á fullveldi Íslands að unnt sé að leita til Mannréttindadómstólsins með mál sín í stað þess að þurfa eingöngu að reiða sig á íslensk stjórnvöld og Alþingi.




Þú finnur draumastarfið á
Job.is

# BÓNUS



**379** kr. kg

**Spergilkál**
Spánn



**379** kr. kg

**Blómkál**
Spánn



**1kg**

**1.098** kr. 1 kg

**Jarðarber Askja**
1 kg, Spánn



**195** kr. 170 g

**Paprika Ramiro**
170 g, Spánn



**250g**

**195** kr. 250 g

**Kirsuberjatómatar**
Spánn, 250 g

# LÁGT VERÐ ALLA DAGA

Verð gildir til og með **24. mars** eða meðan birgðir endast

**ALLTAF NÝBAKAÐ**



4stk.

**259** kr. 4 stk.

**Bónus Kringlur**
4 stk.

4stk.

**359** kr. 4 stk.

**Bónus Kjallarabollur**
Með osti, 4 stk.




500g

**159** kr. 500 g

**Bónus Kornbrauð**
500 g

**4 X 330 ml**
Takmarkað magn




**198** kr. 4x330ml

**Fanta**
4 x 330 ml

# BÓNUS ALLRA LANDSMANNA

**200 BLÖÐ**
á rúllu




**698** kr. pk.

**ES Salernispappír**
3ja laga, 12 rúllur




**459** kr. 1 kg

**ES Berjablanda eða Jarðarber**
Frosin, 1 kg

500g




**398** kr. 500 g

**Hindber eða Bláber**
Frosin, 500 g

# Fólk
## Tíska

FIMMTUDAGUR 21. MARS 2019



**Svanlaug Jóhannsdóttir hefur áhuga á litglöðum fötum og skóm sem jafnframt eiga sér sögu. Hún velur sér klassískan fatnað með karakter.** →6

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, tísku, menningu, heilsu og margt fleira.






„Tískan er orðin svo stór og svo hröð að það er einhvern veginn allt og ekkert í tísku á öllum tímum,“ segir Sólveig Adora Hansdóttir. MYND/LOGI ÞORVALDSSON

# Kominn tími á breytingar

Fatahönnuðurinn Sólveig Adora Hansdóttir hefur starfað í London undanfarið ár við fjölbreytt og spennandi verkefni. Hún sýnir eigin hönnun hér á landi í haust. →2

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Framhald af forsíðu ➭

Það kom aldrei neitt annað til greina hjá Sólveigu Adoru Hansdóttur fatahönnuði en að fara út í heim eftir útskrift frá Listaháskóla Íslands enda segist hún hafa viljað fá tískubransann beint í æð og læra á allt eins hratt og mögulegt var. Hún hefur undanfarið ár búið í London þar sem hún hefur verið í starfsnámi hjá Richard Malone, Hillier Bartley og Calvin Klein. Vinnudagarnir eru oftast langir en um leið hefur árið verið afskaplega lærdómsríkur tími að hennar sögn. „Tískubransinn á Íslandi er svo örlítill að ég vissi að ég fengi miklu meira út úr því að fara utan strax eftir útskrift. London varð fyrir valinu vegna þess hve stór, fjölbreytileg og framsækin hún er þegar kemur að tísku. Samt er tískubransinn hér ekki eins rótgróinn og hefðbundinn eins og í París og Mílanó og því er London opnari fyrir nýjum og öðruvísi leiðum og það heillar mig mjög. New York gæti svo verið næst, hver veit.“

## Ferskur og nýstárlegur

Fyrsti hönnuðurinn sem Sólveig vann fyrir var Richard Malone. sem er írskur og nýlega útskrifaður frá Central Saint Martins listaháskólanum í London. „Ég var búin að fylgjast með honum eftir að hann útskrifaðist og fannst hann vera með ferska sýn á tísku og tískubransann og um leið með nýstárlega og litríka hönnun sem ég fíla.“ Sólveig starfaði þar í fjóra mánuði og vann m.a. við haust- og vetrarlínuna 2019 sem var svo sýnd á London Fashion Week í febrúar. „Þar fékk ég að fylgja öllu ferlinu frá byrjun til enda og vann mjög náið með honum. Hann saumar og gerir flest allt sjálfur í stúdíóinu sem þýddi að ég fékk að vinna með flíkurnar sjálfar, gera prufur og að lokum sauma nokkrar sýningarflíkur. Tískuvikan sjálf var mikil upplifun þar sem var mikið unnið og lítið sofið. Eftir tískuvikuna fórum við til Parísar þar sem ég aðstoðaði við að

> **Mér finnst nefnilega mikilvægt að þróa þetta sjúka kerfi sem tískuheimurinn vinnur eftir og því mun sýningin koma á óvart.**

setja upp svo kallað „showroom“ þar sem bæði einstaklingar og stórverslanir skoða línuna nánar og ákveða hvort og hvað þau vilja kaupa úr henni.“

Eftir dvölina í París hóf Sólveig starfsnám hjá fatamerkinu Hillier Bartley sem Luella Bartley og Katie Hillier stofnuðu. „Hönnunarteymið þar sér líka um hönnun og þróun fyrir Calvin Klein svo ég er í raun starfandi hjá báðum fyrirtækjunum. Ég finn mikinn mun á þessu fyrirtæki og Richard Malone enda nokkur stærðarmunur. Hér fæ ég að takast á við ólíkari og meira krefjandi verkefni sem er frábært.“

## Eigin hönnun í haust

Um þessar mundir er Sólveg að vinna á fullu í eigin hönnun, undir merkinu Sólveig Adora, sem hún ætlar að sýna hér á landi í haust. „Sú sýning verður öðruvísi en fólk á að venjast. Mér finnst nefnilega mikilvægt að þróa þetta sjúka kerfi sem tískuheimurinn vinnur eftir og því mun sýningin aðeins koma á óvart, t.d. gefst gestum kostur á að hafa áhrif á útkomu flíkanna og taka þátt í sýningunni. Ég get þó ekki sagt of mikið núna en það er hægt að fylgjast með þróun mála á Instagram-síðu minni, @solveigadora.“

Hún segir tískuna ekki lengur snúast um strauma heldur sé hún orðin eitthvað allt annað. „Tískan er orðin svo stór og svo hröð að það er einhvern veginn allt og ekkert í tísku á öllum tímum. En fyrir mér er það mjög spennandi því það eru allir löngu komnir með nóg af því að reyna að fylgjast með því hvað er í tísku hverju sinni. Það er kominn tími á breytingar og þær eru í loftinu, sem betur fer.“

## London er frábær borg

London er frábær borg að hennar sögn enda býr hún yfir mikilli fjölbreytni í menningu, fólki, mat og öllu sem tengist tískubransanum. „Fyrir vikið getur borgin verið svolítið yfirþyrmandi sem er um leið helsti kostur hennar. Það verður þó áhugavert að sjá hvað gerist núna vegna Brexit-málsins sem getur haft mikil áhrif á tískubransann. Ég hef heyrt að margir í bransanum séu órólegir yfir ástandinu og íhuga jafnvel að flytja bækistöðvar sínar frá Englandi.“

## Lítill frítími

Vinnudagarnir eru langir í stórborginni og lítill tími fyrir frítíma að hennar sögn. „Þó finn ég að það er ótrúlega mikilvægt að gefa sér tíma fyrir sjálfan sig, annars getur borgin gjörsamlega gleypt mann og ruglað í hausnum á manni. Því finnst mér mikilvægt að hafa góðan félagsskap og hitta vini reglulega, hreyfa mig og hugleiða. Einnig reyni ég að fara sem oftast á söfn og sýningar. Svo virkar oft líka að fá sér gin og tónik og slaka á.“



London er frábær borg sem býr yfir mikilli fjölbreytni og þar kann Sólveig vel við sig. MYND/TÓMAS HOWSER HARÐARSON



Eftir flutninginn til London starfaði Sólveig fyrst um fjögurra mánaða skeið hjá Richard Malone þar sem hún vann meðal annars við haust- og vetrarlínuna 2019 sem var sýnd á London Fashion Week í febrúar. NORDICPHOTO/GETTY




MOS MOSH
hjá
Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Gamaldags nútími

**Gamlar blúndur frá langömmu leiddu Hrafnhildi Halldórsdóttur fatahönnuð í rétta átt þegar hún undirbjó sýninguna Tvennir tímar sem verður í Borgarbókasafninu í Kringlunni.**


Hrafnhildur Halldórsdóttir fatahönnuður sýnir kjóla í Borgarbókasafni í Kringlunni á HönnunarMars. MYND/STEFÁN

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Borgarbókasafnið tekur þátt í HönnunarMars í ár með sýningu Hrafnhildar Tvennir tímar en hún verður opnuð í Kringlunni í dag, fimmtudag, klukkan 17.

Á sýningunni leggur Hrafnhildur áherslu á samsuðu af gömlum efnum, útsaumi og nýstárlegum útfærslum. „Mig langaði til þess að hanna upp úr og endurnýta gömul efni. Ég átti mikið af gömlum blúndum frá langömmu minni og hekluðum dúkum sem amma mín hafði gefið mér. Þessi efniviður leiddi mig áfram í hönnuninni. Mér varð hugsað til þess hvernig þetta var í gamla daga þegar ekki fengust tilbúin föt og konur sátu oft fram á nótt og saumuðu föt á alla fjölskylduna. Kjólarnir sem ég saumaði hafa gamaldags og nútímalegt yfirbragð í bland. Ég geri til dæmis gegnsæja kjóla með gamaldags yfirbragði. En gegnsæjar flíkur hefðu seint verið leyfðar á fyrri tímum,“ segir Hrafnhildur sem hefur heillast af tísku frá unga aldri. Hún lærði fatahönnun í IED í Barcelona og bætti síðar við sig textílhönnun í Myndlistaskóla Reykjavíkur. „IED lagði áherslu á sníðagerð og saum en ég hafði lítið sem ekkert pælt í textíl og aferð. Það opnaði augu mín mikið að fara í Myndlistaskólann í Reykjavík, þá gat ég sameinað þetta tvennt. Fatahönnun er ótrúlega skapandi fag og á sama tíma krefst hún mikillar tæknilegrar kunnáttu og færni.“

Hrafnhildur hefur unnið að sýningunni Tvennum tímum um tveggja mánaða skeið. „Mig hafði lengi langað til þess að hanna upp úr þessum efnivið sem ég átti svo ég ákvað að nýta tækifærið og gera það fyrir þessa sýningu,“ segir hún en á sýningunni verður hægt að sjá línu af kjólum eftir Hrafnhildi. „Til dæmis má sjá kjól sem var saumaður úr gömlum gardínum, og annan úr fallegu bómullarefni sem ég fann í Rauðakrossbúðinni í Mjódd.“

Hrafnhildur segist alltaf hafa heillast af gömlum fatastíl og heldur til dæmis mikið upp á búningamyndir. „Það sem heillar mig við gamla handverkið er öll vinnan sem liggur að baki. Hún krefst þolinmæði og færni. Allt var gert í höndunum og tók lengri tíma.“


Á sýningunni verður hægt að sjá línu af kjólum eftir Hrafnhildi

> **Það sem heillar mig við gamla handverkið er öll vinnan sem liggur að baki. Hún krefst þolinmæði og færni.**

Innt eftir sínum eigin stíl segir hún hann fremur einfaldan. „Yfirleitt er ég bara í gallabuxum og bol sem ég finn með flottu sniði. Ég hef mjög mikinn áhuga á tísku og hef gaman af því að fylgjast með nýjustu tískustraumum en kaupi mér samt ekki sérstaklega mikið af fötum. Markmiðið er alltaf að kaupa sjaldnar og vandaðri fatnað. Þegar mamma var ung vann hún heilt sumar og keypti sér eina kápu og einn sumarkjól fyrir sumarlaunin. Fötin voru látin endast, voru margnýtt og jafnvel saumaðar nýjar flíkur upp úr þeim gömlu.“

Um sína uppáhaldshönnuði segir Hrafnhildur: „Mér finnst alltaf spennandi að skoða tískusýningarnar, til dæmis hjá Maison Margiela og Gucci. En svo fæ ég tískuinnblástur úr ýmsum áttum, til dæmis úr RuPaul's Drag Race eða gömlum búningamyndum.“

Sýningin Tvennir tímar stendur til aprílloka.






# Konukvöld í Flash Skeifunni 3A í kvöld

## Tilboð og afslættir í báðum búðum allan daginn!
## Tískusýning kl. 20 og léttar veitingar.



Blúndukjóll, ein st. passar á 38-46
verð nú 7.190 kr.



Kjóll ein st. passar á 40-44
verð nú 6.390 kr.



Plíseraður kjóll ein st. passar á 38-46
verð nú 7.990 kr.



Jakki ein st. passar á 38-42
verð nú 7.990 kr.



Túnika ein st. passar á 38-44
verð nú 3.990 kr.



Túnika ein st. passar á 40-46
verð nú 6.390 kr.



Túnia st M/L, XL/XXL
verð nú 3.990 kr.

Fleiri myndir á Facebook

FLASH

**Laugavegi 54 og
Skeifunni 3
sími: 552 5201**



Skyrtur ein.st. passar á 40-46
verð nú 3.990 kr.

# Lífssaga falin í prinsessuskóm

**Flestar konur elska skó. Þeir skipta máli í hinu daglega lífi og ef skór hefðu rödd gætu þeir margir sagt áhrifaríka sögu. Skórnir hafa karakter og fylgja okkur í gegnum sorg og gleði.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Svanlaug Jóhannsdóttir, söngkona og viðskiptafræðingur, er skófíkill og það er því ekkert skrítið að hún hafi safnað að sér skóm með sögu og gert úr þeim leikþátt. Sjálf hefur Svana, eins og hún er kölluð, lifað óvenjulegu lífi, búið víða um heim, dansað og sungið. Meðal þeirra landa og borga þar sem hún hefur búið eru Ekvador, Argentína og Barcelona. Hún bendir á að í ævintýrum hafi það þótt nauðsynlegt að eiga nesti og nýja skó þegar fólk lagði á sig ferðalag. „Ég er ekki mikið tískufrík en hef ógurlega gaman af öllu sem er sérstakt og gefur lífinu gildi. Þess vegna eru klassísk föt í miklu uppáhaldi,“ segir Svana sem sjálf fetar ótroðnar leiðir í listsköpun sinni.

Margir muna eftir þáttunum Sex and the City en þar komu skór mikið við sögu. Engir venjulegir skór heldur dýrir og óvenjulegir frá heimsfrægum hönnuðum eins og Manolo Blahnik sem á í einkasafni sínu yfir 30 þúsund skó. Það var aðalpersóna þáttanna, Carrie, sem var einna veikust fyrir fallegum og dýrum skóm. Rauðir háhælaðir skór hafa alltaf haft mikið aðdráttarafl. Það er til fræg myndasyrpa af Marilyn Monroe í rauðum kjól og skóm í sama lit.

Í sýningu Svönu, Í hennar sporum, sem frumsýnd verður annað kvöld í Tjarnarbíói í leikstjórn Pálínu Jónsdóttur verða átta pör af skóm í aðalhlutverki, hvert þeirra með eigin sögu og karakter. „Ég fékk fallega skó gefins frá konu sem ég þekki. Hún hafði fengið skóna frá gamalli frænku sinni sem var dóttir eiganda Hressingarskálans. Þegar ég steig í skóna sem líktust prinsessuskóm fór ég að hugsa um sögu eigandans. Skórnir eru silfurlitaðir með silki í botninum. Ég hugsaði sífellt um það hvernig kona það væri sem fór um í svona skóm. Ætli hún hafi gengið um ganga Hressingarskálans, sest við borð og fengið stærri sneið af köku en allir aðrir á staðnum? Þetta var kona sem átti pabba sem tekið var eftir í íslensku samfélagi. Flestir Reykvíkingar komu við á Hressó og fengu sér kaffi og tertusneið,“ segir Svana. „Í framhaldinu hafði ég samband við nokkrar konur og spurði hvort þær vildu gefa mér skó og segja mér sögu um þeirra upplifun í þeim. Ég fékk frábærlega jákvæð viðbrögð.“

Svana viðurkennir aðdáun sína á skóm af öllum gerðum. „Þegar ég kynntist manninum mínum var hann í rauðum Prada skóm. Hann var alveg ótrúlega glæsilegur og átti fleiri skópör en ég. Hann hefur því fullan skilning á þessari skóþörf minni. Eftir hrunið á Íslandi vorum við hjónin á gangi í bænum og ég sá þessa fallegu, dýru appelsínugulu skó í búðarglugga. Á þessum tíma hélt fólk að sér höndum enda kreppti skórinn hjá flestum. Ég dáðist að skónum en þá leit eiginmaður minn, Örn Helgason, á mig og sagði: „Það eru alltaf til peningar fyrir hlutum sem skipta máli, Svana mín.“ Ég keypti skóna og notaði þá síðan á brúðkaupsdaginn minn. Við bjuggum á Spáni í fimm ár og giftum okkar þar,“ útskýrir hún. „Reyndar var frábært að kaupa skó á Spáni, fjölbreytt og skemmtilegt úrval af skóm í öllum regnbogans litum.“

Svana var send í alþjóðlegan sumarskóla þegar hún var ellefu ára. „Ég kynntist fólki hvaðanæva úr heiminum og fékk um leið ferðabakteríu sem mér tekst ekki að losna við. Börnin mín hafa fengið að finna fyrir því að vera á ferðalögum og búa víða um heim. Þegar elsta barnið var sex mánaða fórum við til dæmis til Argentínu og ársgömul flutti hún til Spánar.“

Svana segist vera mjög hrifin af litum þegar kemur að fatavali sínu og skrítnum höttum sömuleiðis. „Einhvern veginn fer ég alltaf í þetta svarta þegar ég flyt til Íslands. Þegar maður býr í heitari löndum vel ég frekar buxur með blómum í fallegum litum. Annars er ég hrifin af vönduðum fatnaði. Hrífst af fötum sem eru fyrir utan þennan hefðbundna íslenska ramma, gamaldags en samt fín,“ segir Svana sem hlakkar mikið til frumsýningarinnar í Tjarnarbíói annað kvöld.



**Svana valdi appelsínugula skó þegar hún gifti sig enda er hún skófíkill og segir skemmtilegar sögur um persónur sem ganga um á skrautlegum skóm. Þegar hún kynntist manni sínum var hann í rauðum Prada skóm.** MYND/STEFÁN



**Svana hefur ekki bara gaman af litum og skóm. Hún hikar ekki við að setja upp skrautlega hatta.**



**Svana er ekki bara söngkona og viðskiptafræðingur heldur heimsborgari sem hefur búið víða um heim.**



**Gamaldags, klassísk föt eru í miklu uppáhaldi hjá Svönu sem hefur gaman af því að klæða sig upp á.**






B.

BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

## AFMÆLISHÁTÍÐ BRANDTEX!

**GJAFAPOKI**

**Fyrstu 20** sem mæta í dag fá gjafapoka!

**Opnum kl 10:00**

**FRÁBÆR DAGSKRÁ Í DAG**

**kl 14 -** Afmæliskaka og kaffi

**kl 13-16 - Sigga Kling** spáir fyrir gestum og Bylgjan verður í beinni

**B-LIKE - Nýtt merki í Brandtex**

Kynnum nýja og frábæra viðbót af basic vörum á frábæru verði - Hlýrabolir, bolir leggings, buxur, túnikur ofl.

B-LIKE

**SKEMMTILEGT HAPPDRÆTTI**

Happdrætti verður í versluninni út helgina!

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX IMITZ JENSEN


SMART FÖT, FYRIR SMART KONUR
NETVERSLUN WWW.TISKUHUS.IS
My Style tískuhús
Holtasmára 1
201 Kópavogur
(Hjartaverndarhúsið)
Sími 571 5464

LITRÍKUR VORFATNAÐUR
Gerry Weber, Taifun, Betty Barclay

15% KYNNINGARAFSLÁTTUR til 25. mars
skoðið laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL SÍGILD KÁPUBÚÐ
Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS


# Tískuborgin París og stíll Neymar

**Brasilíumaðurinn Neymar, dýrasti knattspyrnumaður sögunnar, kann vel við sig í tískuborginni París. Reglulega er hann á fremsta bekk á tískusýningunum en fatastíll hans þykir einkar glæsilegur í Suður-Ameríku þó Evrópubúar séu oft hálf hissa á fatavali hans.**



Neymar er nánast í guðatölu í ættlandi sínu Brasilíu. Ber númerið 10 eins og allar fornar hetjur brasilíska fótboltans.

Neymar þykir ákaflega töff í ættlandinu sínu Brasilíu. Séu þarlendir fjölmiðlar skoðaðir má sjá tískuspekinga dæma útlit hans og hann fær iðulega mjög góða einkunn.

Evrópskir fjölmiðlar eru þó ekki alveg á sama máli. Margir vilja meina að þó viðkomandi sé metinn á um 200 milljónir punda og þéni ógurlega sé hann gangandi sönnun þess að peningar geti engan veginn keypt stíl.

Neymar var mikið að vinna með kúrekaklútinn í gamla daga og batt hann eins og hann væri í gengi frá Mexíkó. Glingur hans hefur einnig fengið falleinkunn í Evrópu en mikið hrós í Suður-Ameríku. Eyrnalokkar og hálsfestar sem kosta á við einbýlishús þykja frekar hallærisleg í Evrópu en fjölmiðlar, sérstaklega í Brasilíu, hrósa honum reglulega.

Munurinn er einnig sjáanlegur þegar kemur að því hvað Neymar er að gera innan vallar. Evrópskum fjölmiðlum finnst hann vera ofleikari og einspilari á meðan hann er sagður nýr Pelé og snillingur með meiru í ættlandinu og víðar í Suður-Ameríku.



**Neymar fylgist vel með tískunni og helstu straumum. Hann er reglulega á fremsta bekk á tískuvikum víða um heim.** MYNDIR/NORDICPHOTOS/GETTY




**Á sýningu Balmain í janúar. Suðuramerískir tískubloggarar gáfu þessu lúkki 15 af 10 mögulegum. Trúlega hentar þetta ekki í janúarkuldanum á Íslandinu góða.**



**Neymar í miðjunni við hlið Pierre Emmanuel Angeloglou og Olivier Rousteing á sýningu L'Oreal. Sólgleraugu inni þykir töff víða annars staðar en í Evrópu.**



**Hér ásamt þáverandi kærustu sinni, Brunu Marquezine, á tískusýningu Off White í fyrra íklæddur Off White.**

Frjáls framlög – SAMFERÐA GÓÐGERÐARSAMTÖK – enginn kostnaður!

# VILTU GLEÐJA FORELDRA LANGVEIKRA BARNA EÐA FJÖLSKYLDUR ÞAR SEM FORELDRI ER AÐ GLÍMA VIÐ LÍFSÓGNANDI SJÚKDÓM?

Hjá okkur í Samferða er enginn kostnaður og allt rennur óskert til þeirra sem þurfa svo sannarlega á að halda.

Þú getur hringt í eftirtalin númer:

907 1081 – 1.000 kr.
907 1083 – 3.000 kr.
907 1085 – 5.000 kr.
907 1090 – 10.000 kr.



Þú finnur okkur á Facebook – ekki hika við að fylgja okkur þar, við gerum góðverk í hverjum mánuði fyrir íslensku þjóðina.

www.facebook.com/samferdafoundation



## Besta leiðin til að geyma föt

Á vefsíðu Vogue er að finna góð ráð sem tísku-sýningarstjórinn Shonagh Marshall gefur lesendum um geymslu á fötum. Marshall hefur gengið frá fötum úr tískulínum Alexander McQueen og Christian Louboutin til geymslu og hefur séð um skráningu á klæðnaði Isabellu Blow sálugu.

**Þvottur er aðalatriði**

Kannski augljóst, en föt geymast betur hrein. Gamlir matarblettir sem ekki sjást geta laðað að skordýr auk þess sem bletturinn getur dökknað og skemmt efnið.

**Engar mölflugur**

Þetta er ekki vandamál hér á landi en erlendis er mikilvægt að ganga þannig frá fötum að mölflugur komist ekki í þau. Bæði er hægt að koma fyrir mölkúlum til að fæla þær frá eða nota sérstakt sprey.

**Nýttu vel rýmið**

Góð leið til að nýta skáparými er að skipta út vetrar- og sumarfatnaði. Ekki er mælt með því að setja föt í lofttæmdar umbúðir þó það spari pláss þar sem það getur farið illa með þau.

Ullarflíkur og þungar flíkur þarf að geyma lárétt því það getur skemmt sauma á öxlum að láta þær hanga.

**Rétt hita- og rakastig**

Í söfnum er gert ráð fyrir hitastigi milli 18 og 23 gráðum og rakastigi um 50%. Ekkert mál er að hafa hitastigið lægra en ef það er hærra er meiri hætta á skemmdum í efnunum. Of mikill raki og of þurrt loft þykir ekki gott heldur.

**Ekki nota vírahengi**

Gullna reglan er sú að nota aldrei vírherðatré. Með tímanum skemmast flíkurnar og aflagast. Betra er að nota sterkbyggð axlalaga herðatré.



## Sólgleraugun stækka

Nú ættu allir að vera búnir að taka til sólgleraugun í bílnum. Sólin er lágt á lofti þegar hún lætur sjá sig. Hver vill ekki tolla í tískunni? Samkvæmt Dior verða sólgleraugu næsta hausts og vetrar stór, reyndar mjög stór. Þau ættu að vera ágæt fyrir þá sem búa í sólríkum löndum og vilja forðast sólarljósið gagnvart augum og andliti. Annars virðist vetrartískan næsta vetur vera frekar íslensk. Að minnsta kosti var mikið um frakka og jakka í dökkum jarðlitum, sérstaklega í herratískunni.

# Hví elska konur skó?

Oft heyrist því fleygt að konur elski skó. Fjallað er um ást þeirra á skóm í sögum og ævintýrum, eins og í Öskubusku. En hvernig stendur á þessu? Hér eru nokkrar góðar og gildar ástæður:

- Fallegir skór auka sjálfstraust og fá konur til að finna meira til sín.
- Réttir skór bæta líkamsstöðuna og koma í veg fyrir bakverki.
- Háir hælar lengja leggina, ekki síst húðlitaðir, og margir tengja hæð við aukin völd.
- Fallegir skór setja punktinn yfir i-ið þegar kemur að glæsilegu heildarútliti.
- Skór fyrirgefa þyngdaraukningu. Þótt fáein kíló bætist við kemstu enn í skóna.
- Niðurstöður rannsókna sýna að skókaup auka framleiðslu taugaboðefnisins dópamíns sem veldur vellíðan.
- Sumar konur kaupa skó sem safngripi, þótt þær ætli sér ekki endilega að nota þá.
- Skór gefa lífinu lit, fást fyrir öll hugsanleg tilefni og það er alltaf hægt að slá í gegn í nýjum skóm. Hælaskór fyrir sparileg tilefni, gúmmískór fyrir útihátíðina, sandalar fyrir ströndina, kuldaskór fyrir snjó …
- Gamalt máltæki segir að hægt sé að lesa persónuleika kvenna út frá skónum sem þær eru í. Því ekki að bæta við skrautlegum skópörum til að fjölga spennandi köflum í ævisögunni?







20% afsláttur

Nýtt!

Clinique iD

Settu saman þína eigin formúlu, sérsniðna að þínum þörfum.

Kaupauki




Clinique dagar í verslunum Lyfju dagana 21.–25. mars

**20% afsláttur** af öllum Clinique vörum og glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 7.900 kr. eða meira.*

*Meðan birgðir endast.

lyfja.is

LYFJA – Lífið heil

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.900,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

### Mótorhjól




## Þjónusta

### Sendibílaþjónusta

**SENDIBÍLAÞJÓNUSTA.**
Tökum að okkur allar flutningar,traust og góð þjónusta og vanir menn,
**Upplýsingar í síma:**
**Árni 661-3166**
**Ásgeir 869-3741**

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Trésmíði

Get bætt við mig verkefnum sem byggingastjóri. Uppl. sendist til stjorninn@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

**AFMÆLISTILBOÐ Í MARS !**
Gæða ungnautakjöt í 10 ár beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir**
**Sverrir í s. 661 7000**

### Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA TIL LEIGU:**
200-450 fm iðnaðarhúsnæði á 2. hæð.
Mjög bjart húsnæði og glæsilegt útsýni.
Gæti hentað vel fyrir listamenn.

Kr. 1.250 pr fm
**Nánar uppl. s. 840 3992**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000**
**Netfang proventus@proventus.is**

### Tilkynningar

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Lýsing Deiliskipulagsáætlunar á landspildu sem staðsett er milli Jaðars og Hrefnutanga Selfossi.

Samkvæmt 1.mgr. 40.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing deiliskipulags fyrir landspildu sem staðsett er milli Jaðars og Hrefnutanga norðan ár á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg. Landnúmer spildunar er 188146.

Um er að ræða deiliskipulag á skipulagssvæði sem er skilgreint sem íbúðarsvæði. Skipulagssvæðið afmarkast af Jaðri í vestri, Hrefnutanga í austri. Mógili í norðri og vegi meðfram Ölfusárbökkum í suðri. Svæðið er 11.065 m2 að stærð.

Í fyrirhugaðri deiliskipulagstillögu er gert ráð fyrir 10 raðhúsum, tveimur 3ja húsa lengjum neðst á svæðinu með aðkomu frá Ártúni og fjórum húsum ofan við klettabeltið með aðkomu frá nýjum vegi út frá Ártúni sem tekinn er lítillega út fyrir lóðina norðan við Hrefnutanga og er það gert til að draga úr halla vegarins að efri húsunum. Húsin eru öll einnar hæðar. Aðkoma að neðri húsunum er frá suð Austri, en þeim efri norð-vestri. Þau eru öll með stóra suðurverönd.

Teikning ásamt lýsingu deiliskipulagsáætlunarinnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67 Selfossi og í Ráðhúsi Árborgar að Austurvegi 2 Selfossi á skrifstofutíma frá kl. 8 – 15. Skriflegum ábendingum er hægt að koma á framfæri á sama stað og á netfangið bardur@arborg.is **fyrir 5. apríl 2019.** Einnig er hægt að kynna sér lýsinguna á heimasíðu Sveitarfélagsins, http://www.arborg.is

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingafulltrúi*

# Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS




**Toyota Auris Terra**
Nýskráður 5/2011, ekinn 98 þús.km., dísel, beinskiptur.
Ásett kr. 1.390.000
Tilboð
kr. 990.000
Allt að 100% fjármögnun í boði




**Honda CR-V Comfort**
Nýskráður 10/2012, ekinn 94 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
Ásett kr. 2.390.000
Tilboð
kr. 1.990.000
Allt að 100% fjármögnun í boði




**Honda Jazz Trend**
Nýskráður 4/2017, ekinn 30 þús.km., bensín, sjálfskiptur, glæný heilsársdekk.
Ásett kr. 2.290.000
Tilboð
kr. 1.990.000
kr. 25.931 á mán. í 84 mán.




**Honda Civic Comfort**
Nýskráður 6/2017, ekinn 32 þús.km., bensín, sjálfskiptur, glæný heilsársdekk.
Ásett kr. 2.790.000
Tilboð
kr. 2.430.00
kr. 31.629 á mán. í 84 mán.




**Honda CR-V Executive dísil**
Nýskráður 4/2017, ekinn 30 þús.km., dísel, sjálfskiptur, Honda verksmiðjuábyrgð.
Ásett kr. 4.990.000
Tilboð
kr. 4.390.00
kr. 57.011 á mán. í 84 mán.

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055



**Delfin iðnaðaryksuga**

Gríðaöflugir 3,4 kw mótorar
Ryksugar bæði blautt og þurrt
100 lítra tunna fyrir úrgang
Ítölsk gæði / 2 ára ábyrgð
Verð 490 þúsund krónur plús VSK

Gh-lausnir ehf / Steinhellu 12
Sími 899-1604 / delfin.is

EYJALIND **Varahlutir í VOLVO**

- Vinnuvélar
- Vörubílar
- Rútur



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Ferðaþjónustuhús**



**Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.**

**Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is**

**Snyrti & nuddstofan Smart**
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ

Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart



*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

**viftur.is**

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- **Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.**
- **Veggjagrind út 45x95 timbri.**
- **Pappi og bárustál á þaki.**
- **Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.**
- **Skúrar sem þola veður og vinda.**

**Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is**

## Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

## Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

capacent.is

# HÚSBÍLAR TIL SÖLU



TILBOÐ

**Ford Transit 2.4 diesel Carado húsbíll**
árg 2010 ekinn 150 þ km 6 gíra á tvöföldu að aftan, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 3.990.000**
**Tilboð 2.990.000**



TILBOÐ

**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2011 ekinn 145 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 og kojur **verð 4.390.000**
**Tilboð 3.490.000**



**Fiat Hobby húsbíll 2.3diesel** árg 2017 ekinn 68þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2
**Verð 8.900.000.**

Glæsilegur bíll sem þolir íslenskt veður.



TILBOÐ

**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 120 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 2 **Verð 5.990.000.**
**Tilboð 4.990.000**



TILBOÐ

**Fiat Ducato 2.3 diesel Carado húsbíll**
árg 2015 ekinn ca 147 þ km 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 4 **Verð 6.990.000.**
**Tilboð 5.990.000**



TILBOÐ

**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2011, ekinn ca 146 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 4.990.000.-**
**Tilboð 3.990.000.**



TILBOÐ

**Ford Transit 2.2 diesel Hymer Húsbíll**
árg 2012, ekinn ca 144 þ. km, 6 gíra, með öllu því helsta sem húsbíll þarf að hafa, svefnpláss fyrir 6 tvöfalt rúm aftast. **Verð 5.590.000.-**
**Tilboð 4.490.000.**

**TOURINGCARS**

gummi@touringcars.eu

**Allir bílarnir eru staðsettir í Keflavík. Upplýsingar í síma 776 7600**

Touring Cars ehf, Klettatröð 19, 262 Keflavík (Ásbrú)

**Möguleiki á allt að 100% láni.**

**BEST FYRIR**
25. maí - 15. júní




**679**
kr. 8x120g

**Dry-Aged Hamborgarar**
Frosnir, 8 x 120 g




**1.398**
kr. kg

**SS Lambalæri**
Krydduð, haustslátrun 2018




**298**
kr. 4 stk.

**Kjarnafæði Pólskar Pylsur**
360 g, 4 stk.

# SAMA VERÐ
## UM LAND ALLT




**695**
kr. kg

**Kjarnafæði Folaldakjöt**
Reykt




**695**
kr. kg

**Kjarnafæði Folaldakjöt**
Saltað



# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Smáratorgi:** Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **24. mars** eða meðan birgðir endast.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




459
kr. 1 kg

**Sandhóll Haframjöl**
1 kg




459
kr. 1 kg

**Sandhóll Tröllahafrar**
1 kg




98
kr. 500 g

**ES Haframjöl**
500 g



198
kr. 150 g

**Yosa Grísk Hafrajógúrt**
með rabarbara og jarðarberjum,150 g

# Hollir hafrar!

- Innihalda leysanlegar og óleysanlegar trefjar
- Náttúruleg uppsretta af hágæða prótíni
- Hafa jákvæð áhrif á blóðsykur og kólesteról
- Hafrar eru lágir í kalorium og mettandi
- Innihalda litla fitu sem er mest öll mettuð
- Geta einnig dregið úr líkum á sykursýki II

298
kr. 500 g

**Yosa Grísk Hafrajógúrt**
Hrein, 500 g





229
kr. 500 ml

**Yosa Oats for Cooking**
500 ml

259
kr. 1 l

**Yosa Hafradrykkur Rich**
1 l

229
kr. 1 l

**Yosa Hafradrykkur Natural**
1 l

279
kr. 1 l

**Yosa Hafradrykkur Cocoa**
1 l

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Smáratorgi:** Mán-Fim; 10:00-19:00 • Fös-Lau; 10:00-19:30 • Sun; 11:00-18:00 – **Skeifunni:** Alla daga; 10:00-19:00 – Verð gildir til og með **24. mars** eða meðan birgðir endast.

# Markaðurinn ER Á FRETTABLADID.IS

Markaðurinn færir þér nýjustu viðskiptafréttirnar
og greinargóða umfjöllun um viðskiptalífið.

Fylgstu með á frettabladid.is/markadurinn




Ekki missa af neinu, fylgdu
Fréttablaðinu á Facebook

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Línurnar farnar að skýrast í Domino's-deild kvenna



Valskonur stigu stórt skref í átt að deildarmeistaratitlinum og um leið heimaleikjarétti í úrslitakeppninni í Domino's-deild kvenna þegar þær unnu 80-68 sigur á Keflavík í gær. Með sigrinum er Valur kominn með tveggja stiga forskot á Keflavík á toppi deildarinnar ásamt því að vera með innbyrðis viðureignirnar á Keflavík þegar tvær umferðir eru eftir. Annar titill vetrarins er því í sjónmáli fyrir Valsliðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna**

**Valur - Keflavík 80-68**

**Valur:** Heather Butler 24, Helena Sverrisdóttir 20/11 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 14, Hallveig Jónsdóttir 9, Simona Podesvova 6, Bergþóra Holton Tómasdóttir 3, Ásta Júlía Grímsdóttir 2, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 2.

**Keflavík:** Brittanny Dinkins 25/11 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 23/10 fráköst, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 6, Emelía Ósk Gunnarsdóttir 4, Bryndís Guðmundsdóttir 4, Erna Hákonardóttir 3, Birna Valgerður Benónýsdóttir 2, Þóranna Hodge-Carr 1.

**Skallagrímur - Snæfell 63-71**

**Skallagrímur:** Maja Michalska 20/10 fráköst, Shequila Joseph 19/15 fráköst, Árnína Lena Rúnarsdóttir 14, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 10.

**Snæfell:** Gunnhildur Gunnarsdóttir 24, Angelika Kowalska 20, Berglind Gunnarsdóttur 9, Rebekka Rán Karlsdóttir 6, Anna Soffía Lárusdóttir 5, Katarina Matijevic 4/16 fráköst/10 stoðsendingar, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 3.

**KR - Breiðablik 86-87**

**KR:** Kiana Johnson 34/10 fráköst, Orla O'Reilly 18, Vilma Kesanen 18, Unnur Tara Jónsdóttir 14, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 2

**Breiðablik:** Ivory Crawford 34/28 fráköst, Sanja Orazovic 26, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir 15, Sóllilja Bjarnadóttir 10, Eyrún Ósk Alfreðsdóttir 2.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 40 | Snæfell | 30 |
| Keflavík | 38 | Haukar | 16 |
| Stjarnan | 34 | Skallagr. | 12 |
| KR | 30 | Breiðablik | 8 |

# Spennandi tækifæri

**Það vantar lykilleikmenn í íslenska kvennalandsliðið sem fer til Suður-Kóreu í apríl en landsliðsþjálfarinn væntir þess að aðrir leikmenn grípi tækifærið.**

**FÓTBOLTI** Jón Þór Hauksson tilkynnti í gær hvaða 23 leikmenn hann hefði valið í næsta verkefni kvennalandsliðsins fyrir æfingarleiki gegn Suður-Kóreu í byrjun apríl. Þjálfarateymið gerir fimm breytingar á leikmannahópnum frá Algarve og detta kunnugleg andlit út. Sara Björk Gunnarsdóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Dagný Brynjarsdóttir og Sif Atladóttir sem eiga samanlagt 400 landsleiki ásamt Öglu Maríu Albertsdóttur fara ekki með liðinu til Seoul. Inn í þeirra stað koma þær Sandra María Jessen, Elísa Viðarsdóttir, Fanndís Friðriksdóttir, Anna Rakel Pétursdóttir og Lára Kristín Pedersen.

Leikirnir eru hluti af undirbúningi Íslands fyrir undankeppni EM sem hefst í haust.

„Viðræður stóðu yfir í smá tíma en við vorum spennt fyrir því að fá tækifæri til að mæta Suður-Kóreu. Þetta eru öðruvísi mótherjar en við erum vanalega að mæta og það verður gaman að prófa það," segir Jón Þór í samtali við Fréttablaðið.

„Það eru líkindi á milli liðs Suður-Kóreu og Kanada, þær eru með sterkt lið og beinskeyttar. Þær eru að mörgu leyti ólíkar öðrum Asíuþjóðum þegar kemur að því, því að þær spila fast fyrir og ákveðið ofan á það að vera tekniskar og mjög fljótar. Þetta er verðugt verkefni og við berum virðingu fyrir liði Suður-Kóreu sem er frábært en á sama tíma óttumst við ekkert. Við þurfum bara að einblína á það sem við ætlum okkur að gera," segir hann.



Þetta verður þriðja verkefni landsliðsins undir stjórn Jóns Þórs og Ians Jeff sem tóku við kvennalandsliðinu síðasta haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jón Þór ákvað í samráði við Dagnýju og Margréti að gefa þeim frí til að þær geti einbeitt sér að undirbúningstímabili með félagsliðum sínum. Sif er að ná sér af lítils háttar meiðslum og Sara Björk fær frí til hvíldar. Það vantar því kjarnann í liðinu undanfarin ár en Jón vill sjá aðra leikmenn grípa tækifærið.

„Það eru frábærir leikmenn sem við erum að skilja eftir en það eru líka frábærir leikmenn í hópnum. Leiðtogar og sterkir karakterar sem ég vænti þess að stígi upp og leiði þetta lið," segir Jón Þór sem segist vera búinn að ákveða hver verði fyrirliði en vill ekki gefa það upp fyrr en hann er búinn að tilkynna leikmanninum það.

Ísland fer út nokkrum dögum fyrr til að venjast aðstæðum enda leikirnir um miðja nótt að íslenskum tíma.

„Leikirnir eru um miðjan dag úti þannig að aðstæðurnar verða krefjandi fyrir okkur. Það er eitthvað nýtt fyrir okkur og undir þjálfarateyminu komið að undirbúa leikmennina til að geta mætt af fullum krafti."

Agla María gat ekki gefið kost á sér í þetta verkefni vegna lokaprófs í háskólanum.

kristinnpall@frettabladid.is

# Úrslitakeppnin hjá körlunum hefst í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Úrslitakeppnin í Domino's-deild karla hefst í kvöld í Garðabæ og Njarðvík þegar tvö efstu lið deildarinnar, Stjarnan og Njarðvík taka á móti Grindavík og ÍR.

Það er erfitt að sjá að Grindvíkingum takist að stríða deildar- og bikarmeisturum Stjörnunnar. Stjarnan hefur verið eitt heitasta lið landsins undanfarna mánuði og unnið þrettán af síðustu fjórtán leikjum í deildarkeppninni. Einn þessara sigra kom einmitt gegn Grindavík í 21. umferð þar sem Grindvíkingar voru lítil fyrirstaða í átján stiga sigri Stjörnunnar.

Jóhann Þór Ólafsson, þjálfari Grindvíkinga, sem kveður liðið að tímabilinu loknu hefur oft náð að kreista fram hið ótrúlegasta úr Grindavíkurliðinu í úrslitakeppninni og á góðum degi getur Grindavík staðið í Stjörnunni en það er erfitt að sjá Grindvíkinga gera þetta að spennandi einvígi.

Spennan er heldur meiri fyrir seinna einvíginu sem hefst í kvöld þar sem Njarðvík tekur á móti ÍR. Tvær vikur eru liðnar síðan liðin mættust síðast þegar ÍR vann eftir framlengdan leik í Ljónagryfjunni og svo gott sem komu í veg fyrir deildarmeistaratitil Njarðvíkinga.

Njarðvík vann nauman sigur í fyrri leik liðanna þar sem staðan var jöfn fyrir lokaleikhlutann. Vita ÍR-ingar því að þeir geta vel strítt Njarðvíkingum og gott betur en það þrátt fyrir að hér séu að mætast liðin sem enduðu í sjöunda og öðru sæti deildarinnar.

**25**

**leiki í röð hefur KR unnið í fyrstu umferð úrslitakeppninnar undanfarin ellefu ár.**

Á morgun hefjast svo seinni tvö einvígin á Sauðárkróki og í Keflavík. Gengi Stólanna hefur verið brösugt undanfarna mánuði en Sauðkrækingar sýndu allar sínar bestu hliðar í sigrinum á Keflavík í síðustu umferð. Pressan er á Stólunum fyrir einvígið gegn Þórsurum frá Þorlákshöfn enda gerð krafa um Íslandsmeistaratitil á Sauðárkróki en Þórsarar fara nokkuð pressulausir inn í úrslitakeppnina eftir að hafa óvænt tekið sjötta sætið í deildinni. Liðin unnu sitt hvorn leikinn í deildarkeppninni á heimavelli.



Að lokum tekur Keflavík á móti KR annað kvöld. Undanfarin ár hefur úrslitakeppnin verið tími KR-inga og hefur KR titil að verja fimmta árið í röð.

Keflavík vann báða leiki liðanna í deildarkeppninni þar sem Michael Craion reyndist gömlu liðsfélögum sínum erfiður en það skyldi enginn afskrifa reynslumikið lið KR sem hefur unnið fjóra leiki í röð og litið betur út undanfarnar vikur. – kpt

## HILTON REYKJAVÍK NORDICA - FÖSTUDAGINN 22. MARS KL. 13-17



# Dagur verkfræðinnar

**13:00** **Setning: Sveinn I. Ólafsson, formaður Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.**

**13:10** **Ávarp: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, dómsmála-, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.**

**13:20** **„Bókvitið í askana - Mikilvægi nýsköpunar", Dr. Einar Mäntylä framkv.stj. Auðnu-Tæknitorgs.**

### SALUR A //

## Nýir tímar, ný tækni

**Þróun á fullkomlega sjálfvirkum dróna til fjarkönnunar.**
Hallgrímur Davíð Egilsson, tæknistjóri Svarma.

**Sýndarveruleiki og hermun í vöruþróun.**
Haukur Hafsteinsson, hugbúnaðarverkfræðingur hjá Marel.

**Restore verkefnið – ræktun brjósks.**
Dr. Paolo Gargiulo, dósent við Tækni- og verkfræðideild HR.

**Snjallvæðing er málið.**
Ragnheiður Hrefna Magnúsdóttir, forstöðumaður framkvæmda hjá Veitum.

KL. 15:10 – 15:40

### KAFFIHLÉ

**Sjálfsiglandi skip.**
Sæmundur Þorsteinsson, lektor í rafmagnsverkfræði við Háskóla Íslands og Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Stika.

**Sjálfakandi bílar. Tækifæri og áhættur.**
Arnór Bragi Elvarsson, byggingarverkfræðingur, sérfræðingur í innviðastjórnun.

**Smáforrit með lifandi upplýsingum um hleðslustöðvar.**
Sigurður Ástgeirsson, verkfræðingur hjá Ísorku.

**Verkfræðinemar HÍ og Tæknifræði- og verkfræðinemar HR.**
Team Spark kappakstursbíllinn.
RU Racing kappakstursbíllinn.

**STJÓRN:**
Ingunn Sæmundsdóttir, verkfræðingur, dósent í Háskólanum í Reykjavík.

### SALUR B //

## Umhverfið og verðmætasköpun

**Vindorka – tækifæri og áskoranir á Íslandi.**
Stefán Kári Sveinbjörnsson, verkfræðingur, verkefnastjóri Vindorku hjá Landsvirkjun.

**Konur í orkugeiranum - Breyttir tímar, breyttar áherslur.**
Íris Baldursdóttir, framkvæmdastjóri hjá Landsneti og stjórnarkona KÍO.

**Atmonia – Umhverfisvænn áburður.**
Egill Skúlason, prófessor í efnaverkfræði við Háskóla Íslands.

**Straumfræði, vindgreining og vindþægindi.**
Egill Maron Þorbergsson og Nína Gall Jörgensen, verkfræðingar hjá Eflu.

KL. 15:10 – 15:40

### KAFFIHLÉ

**Tæknilegar úrbætur, eftirlit og þróunarverkefni í kjölfar hlákuatburða og gerlamengunar í vatnsbólum í Heiðmörk.**
Hlín Benediktsdóttir og Sverrir Guðmundsson, verkfræðingar á Vatnsveitu Veitna.

**Samþætt vatnafarslíkön til greiningar á afrennsli, vatnsbúskap og mengunarálagi.**
Ágúst Guðmundsson, umhverfisverkfræðingur hjá verkfræðistofunni Vatnaskil.

**Ný orkustefna fyrir Ísland.**
Guðrún A. Sævarsdóttir, dósent við Háskólann í Reykjavík

**Hvar erum við stödd í sjálfbærnivegferðinni?**
Sandra Rán Ásgrímsdóttir sjálfbærniverkfræðingur hjá Mannviti.

**STJÓRN:**
Maríanna Magnúsdóttir, verkfræðingur hjá Manino.

### SALUR F-G //

## Verkfræðin er alls staðar

**Íslensk verkfræðiráðgjöf – verðmæti góðra ráðgjafa.**
Jóhanna Klara Stefánsdóttir, viðskiptastjóri Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV).

**Öryggi við framkvæmdir – virði verkfræðinnar.**
Dóra Hjálmarsdóttir og Dagmar Birgisdóttir, ráðgjafar í ÖHU, áhættu- og neyðarstjórnun, Verkís.

**Virði, sóun og umbótamenning.**
Margrét Ragnarsdóttir, verkfræðingur, ráðgjafi hjá Gemba.

**Nýjungar í götulýsingu.**
Svanborg Hilmarsdóttir, tæknifræðingur, rafmagnshönnuður hjá ON.

KL. 15:10 – 15:40

### KAFFIHLÉ

**Greining vindafars með reiknilíkönum til stuðnings við skipulag og mannvirkjahönnun.**
Haukur Elvar Hafsteinsson, straumfræðingur hjá verkfræðistofunni Vatnaskil.

**Raffræðilegar takmarkanir á lagningu jarðstrengja í flutnings- og dreifikerfum raforku.**
Magni Þ. Pálsson, verkefnastjóri rannsókna hjá Landsneti.

**Alþjóðlegt hjálparstarf Rauða krossins.**
Guðný Nielsen, iðnaðarverkfræðingur, verkefnastjóri í alþjóðaverkefnum RKÍ.

**Hvernig nýtist BIM við mannvirkjagerð?**
Ingibjörg Birna Kjartansdóttir, þróunarstjóri BIM/VDC hjá Ístaki, stjórnarformaður BIM Ísland.

**STJÓRN:**
Kolbrún Reinholdsdóttir, í Kvennanefnd VFÍ, verkfræðingur hjá Eflu.

H:N Markaðssamskipti / SÍA

**LÉTTAR VEITINGAR Í LOK DAGS**
**ÖLL VELKOMIN - FRÍTT INN**

VIÐBURÐUR Í JAFNVÆGI
JAFNRÉTTISSTIMPILL KVENNA Í ORKUMÁLUM

Skráning fer fram á vfi.is og á skrifstofu VFÍ í síma 535 9300.
Birt með fyrirvara um breytingar.

Verkfræðingafélag Íslands



Faðir okkar og tengdafaðir minn,

**Sigfús Bjarnason**

Sóltúni 7,

lést á heimili sínu 11. mars síðastliðinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem minnast vildu Sigfúsar er beint á Minningarsjóð líknarþjónustu og heimahlynningar Landspítalans.

**Ingólfur Bjarni Sigfússon**
**Ásgeir Sigfússon**
**Sean Michael Duffy**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Inga Ragna Holdø**

lést á heimili sínu að Grænumörk 3, Selfossi, laugardaginn 16. mars. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 26. mars kl. 13.30.

**Marta Rut Sigurðardóttir**
**Dagný María Sigurðardóttir**
**Guðmundur Sigurðsson**
**og aðrir aðstandendur.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, sonur og bróðir,

**Jóhann Þórlindsson**

Klapparstíg 4, Keflavík,

lést á heimili sínu 16. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 3. apríl kl. 15.

**Halldóra Guðrún Víglundsdóttir**
**Þórlindur Jóhannsson**
**Nikola Jóhannsson**
**Tinna Ósk Kristjánsdóttir**
**Vilborg Pála Kristjánsdóttir**
**Halldór Breki Kristjánsson**
**Kristján Breki Kristjánsson**
**Jóhanna Valdimarsdóttir**
**Þórlindur Jóhannsson**
**og systkini hins látna.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Sigurbjörn Reynir Eiríksson**

Aðalgötu 1, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 14. mars. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 26. mars kl. 13.00.

**Eiríkur S. Sigurbjörnsson**
**Jóhanna P. Sigurbjörnsdóttir**
**Valdís S. Sigurbjörnsdóttir**
**Sigurbjörn R. Sigurbjörnsson**
**Símon G. Sigurbjörnsson**
**Wayne Carter Wheeley**
**Ægir Frímannsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**



Leyfðu okkur að aðstoða þig!

GARÐHEIMAR

540 3320 • gardheimar.is
blomabud@gardheimar.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.



**Í hátíðarkórnum er valinn maður í hverju rúmi. Einsöngvararnir eru bæði núverandi og fyrrverandi nemendur skólans.**

# Ævintýri hve samhentir ólíkir einstaklingar verða

**Tvennir hátíðartónleikar verða í vikunni á vegum Tónlistarskóla Ísafjarðar í tilefni sjötíu ára afmælis hans. Þeir fyrri í kvöld í Ísafjarðarkirkju og þeir síðari á sunnudag í Langholtskirkju í Reykjavík. Ungversk kammersveit er meðal skemmtikrafta.**

Undirbúningur fyrir tónleikana hefur legið á margra höndum. Það er ævintýri hve samhentir ólíkir einstaklingar verða þegar markmiðið er að auðga litla samfélagið okkar hér á Ísafirði," segir Ingunn Ósk Sturludóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar, um hátíðartónleikana sem skólinn stendur fyrir í tilefni 70 ára afmælis sem var á síðasta ári.

Skólinn hefur fagnað tímamótunum með ýmsum hætti og staðið fyrir fjölmörgum tónlistarviðburðum en hápunktur afmælishaldsins er í þessari viku því tvennir hátíðartónleikar eru á dagskránni, á Ísafirði í kvöld og í Reykjavík á sunnudaginn.

Ungverska kammersveitin Müvak, hátíðarkór Tónlistarskóla Ísafjarðar og einsöngvarar, sem allir eru fyrrverandi eða núverandi nemendur skólans, auk kennara, munu flytja fjölbreytta efnisskrá, en í fyrirrúmi eru létt og skemmtileg verk, að sögn Ingunnar.

„Við fengum þessa hugmynd fyrir þremur árum þegar nokkrir nemendur og kennarar skólans tóku þátt í sumarakademíu Tónlistarháskólans í Szeged í Ungverjalandi. Á lokahátíð akademíunnar spilaði þessi frábæra hljómsveit, Müvak, og við vissum að við yrðum að fá hana til að spila á Íslandi," segir hún.

Yfirskrift tónleikanna er Chacun à son goût (Hver hefur sinn smekk) sem vísar í óperettuna Leðurblökuna eftir Strauss, því á efnisskrá tónleikanna eru einmitt þrjú verk úr óperettunni. Þar má einnig finna lög úr vinsælum söngleikjum á borð við Óliver og Hamilton.

„Við vildum endilega halda tónleikana bæði á Ísafirði og í Reykjavík til að sem flestir fengju tækifæri til að fagna afmælinu með okkur og auðvitað njóta þessarar skemmtilegu tónlistar í flutningi frábærra listamanna," segir Ingunn.

Tónleikarnir í Ísafjarðarkirkju hefjast klukkan 20 í kvöld, 21. mars, og verða endurteknir í Langholtskirkju í Reykjavík á sunnudaginn, 24. mars, klukkan 14. Heiðursgestur tónleikanna í Reykjavík er frú Eliza Reid, forsetafrú.

**gun@frettabladid.is**

## Arftaki elsta skólans

Tónlistarskóli Ísafjarðar er einn af elstu tónlistarskólum landsins. Hann var stofnaður árið 1948 að tilhlutan Tónlistarfélags Ísafjarðar og þó einkum fyrir frumkvæði Jónasar Tómassonar, tónskálds, organista og bóksala á Ísafirði. Áður hafði Jónas stofnað tónlistarskóla haustið 1911, sem mun hafa verið sá fyrsti á landinu en hætt störfum vorið 1918, eftir frostaveturinn mikla.

Við skólann starfa nú 18 kennarar á þremur stöðum í Ísafjarðarbæ, á Ísafirði, Flateyri og Þingeyri. Nemendur eru hátt á þriðja hundrað, auk þess eru fjölmargir eingöngu í kórum skólans eða lúðrasveitum.

**Upplýsingar af vef skólans**

**Við vildum endilega halda tónleikana bæði á Ísafirði og í Reykjavík.**

Ingunn Ósk Sturludóttir, skólastjóri





Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Helgi H. Sigurðsson**

úrsmiður,

lést á Hrafnistu í Reykjavík laugardaginn 16. mars. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 22. mars kl. 13.00. Sérstakar þakkir frá aðstandendum til starfsfólks Hrafnistu fyrir einstaka umönnun.

**Sigurður Helgason**
**Rannveig Halldórsdóttir**
**Erla Jónsdóttir**
**Helgi Hafsteinn Helgason**
**Fjóla Grétarsdóttir**
**Edda Júlía Helgadóttir**
**Sigrún Gréta Helgadóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórunn Sigurðardóttir**

lést á Landspítalanum 7. mars. Útförin verður gerð frá Neskirkju föstudaginn 22. mars kl .15. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Erna Einarsdóttir**
**Sigurður Einarsson**
**Arndís Björnsdóttir**
**Einar Þór Daníelsson**
**Hildigunnur Daníelsdóttir**
**Árni Garðarsson**
**Þóra Jensdóttir**
**Helga Þórunn Óttarsdóttir**
**Gústav Arnar Davíðsson**
**Þórunn Sigurðardóttir**
**Björn Sigurðsson**
**og barnabarnabörn.**



Ráðgjöf

Fræðsla

Forvarnir

„Doktor.is er ætlað að auðvelda aðgengi almennings að upplýsingum og ráðgjöf um heilsu, lífsstíl og forvarnir.“

*Teitur Guðmundsson, læknir og ritstjóri doktor.is*






Doktor.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 0 °C 7 | -5 °C 5 | -1 °C 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1 °C 5 | -1 °C 4 | -6 °C 10 |

Suðvestan 10-18 m/s, en 15-23 NV-til á landinu og 20-25 þar í kvöld og fram eftir nóttu. Þurrt og yfirleitt bjart veður A-lands, annars él. Víða suðvestan 8-15 og él á morgun, en skýjað með köflum og þurrt að kalla NA-lands. Hiti kringum frostmark að deginum, en víða vægt næturfrost.

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1 °C 2 | -3 °C 4 | 2 °C 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl | Hveravellir |
|---|---|---|
| 2 °C 6 | 2 °C 6 | -4 °C 3 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 1 °C 5 | -3 °C 5 | -6 °C 2 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl | Hveravellir |
|---|---|---|
| -4 °C 2 | -2 °C 3 | -7 °C 6 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | |
| | | | 5 | | 9 | | | 3 |
| | | | | 5 | 8 | 3 | 7 | |
| 9 | 8 | | | 6 | | | | |
| 2 | | 7 | 9 | | | | | |
| | | 1 | | | | | 6 | 4 |
| | 2 | | | | 5 | 8 | | |
| | 6 | | | | 1 | 7 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | | 6 |
| | | 9 | | | | 3 | | 4 |
| 6 | 2 | | | 9 | | 7 | | |
| | 8 | | | | | 6 | | |
| | | 7 | 5 | | 3 | | | 2 |
| | | 1 | 6 | | | 5 | | |
| | | 5 | | 4 | | | 7 | |
| 2 | | | | | 9 | | | 3 |
| 4 | | | | | 8 | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | 6 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | | 4 | | 9 | | | |
| | 1 | 3 | | 8 | 5 | | | 7 |
| | | | | 7 | | 2 | | |
| 6 | | | 9 | 2 | | | | 3 |
| 3 | | 1 | 5 | 9 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 6 | 3 | | 2 |
| | | | 8 | | | 5 | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 8 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. yndis
5. erfiði
6. núna
8. veggspjald
10. tveir eins
11. þróttur
12. skrambi
13. eldur
15. ásjóna
17. sáldra

**LÓÐRÉTT**
1. skynja
2. ekkert
3. fóstra
4. skot
7. útskýra
9. krydd
12. sálar
14. þangað til 16. á fæti

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** unaðs, **5.** púl, **6.** nú, **8.** plakat, **10.** ll, **11.** afl, **12.** ansi, **13.** funi, **15.** andlit, **17.** salla.
**LÓÐRÉTT: 1.** upplifa, **2.** núll, **3.** ala, **4.** snafs, **7.** útlista, **9.** kanill, **12.** anda, **14.** uns, **16.** il.

## Skák Gunnar Björnsson

Hannes Hlífar Stefánsson (2.523), Skákfélaginu Hugin, átti leik gegn Jóhanni Hjartarsyni (2.529), Víkingaklúbbnum, á Íslandsmóti skákfélaga.

**27. ... Rh7!! 28. Bxd5 Rg5 29. Bxe4 Hxe4! 30. Dd1 hxg3 31. c7 Bxc7 32. fxe3 Hxe3** og svartur vann skömmu síðar. Hannes hefur teflt af miklum krafti undanfarið og verður næststigahæsti skákmaður landsins á apríl-listanum.

**www.skak.is:** Skákþing Norðlendinga hefst á morgun.

Svartur á leik



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# EFNAHAGSLEGUR VERULEIKI:

## Fyrirhuguð **verkföll** stefna störfum í hættu



- Íslensk fyrirtæki greiða almennt **hærri laun** en erlendir keppinautar
- Uppgangur síðustu ára hefur í meiri mæli runnið í **vasa starfsfólks** en fyrirtækjaeigenda og lánveitenda – einnig í ferðaþjónustu
- Vegna fækkunar ferðamanna, verri nýtingar hótelherbergja og launahækkana síðustu ára er útlit fyrir að rekstur í ferðaþjónustu **verði í járnum** í ár
- Það stefnir í **taprekstur** hjá þeim hótelum sem verkföll beinast að ef hér verða miklar launahækkanir
- Slíkur taprekstur **ógnar störfum** og lífskjörum landsmanna

**HAGNAÐUR HÓTELANNA SEM VERKFÖLL BEINAST GEGN**
Milljónir króna




* Áætlun fyrir árið 2019 gerir ráð fyrir 7% lækkun herbergjanýtingar milli ára líkt og hefur verið raunin í janúar 2019. Auk þess er gert ráð fyrir 2,5% hækkun launa í apríl sem hefur í för með sér að launakostnaður á starfsmann verður að meðaltali 6% hærri árið 2019 samanborið við 2018.

Heimildir: Seðlabanki Íslands. Hagstofa Íslands, útreikningar Viðskiptaráðs

Sjá frekari umfjöllun, forsendur útreikninga og fleiri sviðsmyndir í Skoðun Viðskiptaráðs *„Velmegunarkúnni slátrað?"* **á vi.is**


VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE




# BÍLAR



Þriggja strokka sportbíll Gordons Murrey mun aðeins vega 850 kíló og verða þeim mun sprækari.

## Öflugur þriggja strokka sportari

**Gordon Murrey, sem hannaði McLaren F1 sportbílinn, vinnur nú að smíði agnarsmás en öflugs sportbíls.**

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

Gordon Murrey Automotive vinnur nú að smíði lítils sportbíls með 1,5 lítra og þriggja strokka Dragon vél frá Ford sem skilar 215 hestöflum. Þessi vél er sú sama og finna má í Ford Fiesta ST en í bíl Gordons Murrey skilar hún auka 18 hestöflum. Ford Fiesta bíllinn vegur 1.260 kíló en sportbíll Gordons Murrey mun aðeins vega 850 kíló og verða þeim mun sprækari.

Það mun gera þennan bíl öflugri per kíló en til dæmis Alfa Romeo 4C og eru 229 hestöfl á hvert tonn í sportbílnum en 202 hestöfl per tonn eru í Alfa Romeo 4C. Því ætti hann að vera sneggri úr sporunum en síðarnefndi bíllinn. Í Lotus Elise 1,8 S Cup er til dæmis 231 hestafl per tonn. Hinn nýi sportbíll Gordons Murrey, en hann er jú einna þekktastur fyrir það að hafa hannað McLaren F1 bílinn, mun fá nafnið T43 og bíllinn á að vera venjulegur götubíll en ekki brautarbíll.

### Ál og koltrefjar skýra léttvigtina

Bíllinn á að vera með helstu nauðsynjar venjulegs ökutækis og verður með miðstöð, hljóðkerfi og leiðsögukerfi og fullt af öryggispúðum þrátt fyrir litla þyngd. Bíllinn er einkar smávaxinn og lengd hans aðeins 3,6 metrar, breiddin 1,75 metrar, hæðin 1,24 metrar og bilið milli öxla 2,5 metrar.

Undirvagninn er að mestu smíðaður úr áli og yfirbyggingin úr koltrefjum og það skýrir að mestu léttvigtina. Bíllinn mun líkjast talsvert McLaren F1 en bara miklu minni. Hann verður með 6 gíra beinskiptingu og verður á 18 tommu léttmálmsfelgum. Bíllinn verður með frábært loftflæði og mun kljúfa loftið betur en flestir aðrir bílar. Ef til vill það besta við þennan nýja bíl er að hann á ekki að kosta meira en 40.000 pund, eða um 6,4 milljónir króna. Það mun gera hann 1,1 milljón ódýrari en Alpine A110 sportbílinn og 1,9 milljónum ódýrari en Porsche Cayman. Ekki er enn ljóst hvenær fyrstu T43 bílarnir koma á götuna.

## Mazda hyggur á Rotary-vél

**Miklar líkur eru á því að Mazda-bílar muni á næstu árum fást með Rotary-vélum en nýleg þróun á vélinni hefur gert þessa vélartækni afar hagkvæma, með litla eyðslu og mengun.**



Ný Rotary-vél hefur reynst svo hagkvæm í rekstri að hún myndi standast allar kröfur um bæði eyðslu og mengun, hversu strangar sem þær væru.

Margir muna eftir Mazda RX7 og RX8 sportbílunum með Rotary-vélum en framleiðslu þeirra var hætt, ekki síst vegna mikillar eyðslu vélanna og talsverðs viðhalds. Mazda hefur þó aldrei gefist alveg upp á þessari vélartækni og sífelldar fréttir hafa verið af frekari þróun Mazda á Rotary-tækninni en uppbygging vélarinnar er talsvert frábrugðin hefðbundnum brunavélum. Nú heyrast þær raddir að Mazda hugi að bíl eða bílum sem munu aftur fá Rotary-vélar. Þróun Mazda á vélinni hefur leitt til þess að hún þykir aftur eftirsóknarverð og svo vel hefur Mazda tekist upp að eyðsla hennar er orðin minni en í hefðbundnum brunavélum.

### Reynist afar hagkvæm í rekstri

Í viðtali sem blaðamaður ástralska bílatímaritsins Drive tók við Ichiro Hirose, yfirmann vélasmíði Mazda, á bílasýningunni í Genf fyrir nokkrum dögum kom fram að fyrirhuguð þróun Rotary-vélar sem „range extender“ hafi breyst yfir í það að vera hugsuð sem aðalvél einhverra bíla Mazda. Ný Rotary-vél þeirra hafi reynst svo hagkvæm í rekstri að bjóða mætti hana á öllum mörkuðum þar sem hún myndi standast allar kröfur um bæði eyðslu og mengun, hversu strangar sem þær væru. Því mætti búast við bílum frá Mazda á næstu árum með Rotary-vélar og þá líklega fyrst í heimalandinu Japan og í Ástralíu, en vonandi svo sem víðast um heiminn.

Ef til vill er því Rotary-vélin ekki alveg dauð úr öllum æðum, en einn helsti kostur hennar er fólginn í miklu afli frá litlu sprengirými.

# HELGIN BYRJAR Í NETTÓ!

**Bayonne skinka**
Kjötsel
**998** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.995 KR/KG
-50%



-56%



**Svínahakk**
Ferskt
**499** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.135 KR/KG




-25%

**Danpo kjúklingabringur**
900 gr
**1.274** KR/PK
**ÁÐUR:** 1.698 KR/PK



-20%

**Lambasnitsel**
Með raspi
**2.495** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.119 KR/KG



-20%

**Úrbeinað lambalæri með piparosti**
Kjarnafæði
**2.287** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.859 KR/KG

## FRÁBÆR SUNNUDAGSSTEIK!



**Beinlaus lambalærissteik m/gremolata kryddi**
Goði
-20%
**2.398** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.998 KR/KG



FRÁBÆRT VERÐ!

**Heill kalkúnn**
Franskur
**1.089** KR/KG

-21%



**Nautalundir**
Danish Crown
**3.270** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.139 KR/KG




-14%

**Coop pizzur**
m/skinku & osti
eða pepperoni
**335** KR/PK
**ÁÐUR:** 389 KR/ PK

**Jarðarber**
**289** KR/ASKJA
**ÁÐUR:** 578 KR/ASKJA
-50%



**nettó**
**Lægra verð – léttari innkaup**




## Barnadagar í Nettó!

**20% afsláttur af barnavörum**
**Tilboðin gilda 21. - 24. mars**



# Forréttindi fyrir nýjan höfund


„Ég er full af þakklæti fyrir að til sé tækifæri eins og þetta,“ segir Þórdís. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Þórdís Helgadóttir er leikskáld Borgarleikhússins. Verk eftir hana sýnt á þarnæsta leikári. Vill gera eitthvað nýtt.**

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Þórdís Helgadóttir hefur verið valin leikskáld Borgarleikhússins. „Ég er full af þakklæti fyrir að til sé tækifæri eins og þetta. Það er mikill heiður að vera valin í þetta verkefni og forréttindi fyrir nýjan höfund,“ segir Þórdís.

Þórdís er menntuð í heimspeki, ritstjórn og ritlist. Smásagnasafn hennar Keisaramörgæsir kom út 2018 og leikverkið Þensla var sýnt í Borgarleikhúsinu fyrr á þessu ári sem hluti af sýningunni Núna 2019, í leikstjórn Kristínar Jóhannesdóttur. Með Svikaskáldum hefur Þórdís gefið út ljóðabókina Ég er ekki að rétta upp hönd, og smásögur hennar, ljóð, esseyjur og þýðingar hafa birst víða í tímaritum og bókum.

„Þensla var fyrsta leikverkið mitt og það var einstaklega gaman að fá það sett upp í atvinnuleikhúsi,“ segir Þórdís.

## Vill gera eitthvað nýtt

Þórdís gegnir stöðu leikskálds Borgarleikhússins í eitt ár og mun á þeim tíma vinna að verki sem verður sýnt í leikhúsinu á þarnæsta leikári. Hún sendi inn tvær hugmyndir með umsókn sinni. „Ég veit ekki enn hvor hugmyndin verður ofan á,“ segir hún. „Bæði verkin eru einhvers konar absúrd drama, annað hefur ekki hlotið nafn, hitt heitir Jamaica Farewell og fjallar um mæðgur í sólarlandaferð í Karíbahafi.

Smásagnasafn Þórdísar, Keisaramörgæsir, sem kom út fyrir síðustu jól, ber með sér að höfundurinn hefur ríkt ímyndunarafl en sögurnar eru á mörkum raunveruleika og fantasíu. Þórdís er spurð hvort hún hafi áhuga á að gera eitthvað svipað í leikhúsi.

„Ég hef áhuga á að gera eitthvað nýtt,“ segir hún. „Mig langar að gera tilraunir og prófa mig áfram með miðilinn. Mér finnst ég vera rétt komin með tærnar á þröskuldinn á stað sem býr yfir alls konar nýjum verkfærum og möguleikum. Undanfarið hef ég verið að lesa fjölmörg verk og kynnast leikhúsforminu. Einhvern veginn gerist það samt yfirleitt sjálfkrafa að verkin mín enda á þessum óljósa stað mitt á milli fantasíu og raunveruleika. En við sjáum bara til.“

## Heillandi form

Hún segir um leikhúsformið: „Þetta er form sem mér finnst vera ótrúlega heillandi því innan þess er hægt að gera svo ótal margt, möguleikarnir eru endalausir og allt í umgjörðinni gerist fyrir framan mann. Ég hef alltaf verið heilluð af vinnu sviðslistafólks og það gefur mér mikla innspýtingu að fá að vinna með því í návígi og kynnast nokkrum leyndarmálum.“



# Glæpur drengs

**BÆKUR**

**Þrír dagar og eitt líf**

★★★★☆

**Höfundur:** Pierre Lemaitre
**Þýðandi:** Friðrik Rafnsson
**Útgefandi:** JPV
**Fjöldi síðna:** 263




Franski rithöfundurinn Pierre Lemaitre er meðal þekktustu núlifanda glæpasagnahöfunda heims og er margverðlaunaður. Fjórar bækur hans hafa komið út á íslensku: Irene, Alex, Camille og sú nýjasta er Þrír dagar og eitt líf.

Söguþráðurinn er nokkuð sláandi. Árið 1999 þegar Antoine Courtin er tólf ára verður hann sex ára dreng að bana í heimabæ þeirra og felur líkið. Mörgum árum síðar snýr Antoine aftur á æskuslóðir og þarf enn á ný að takast á við hina skelfilegu atburði úr fortíðinni.

Óhætt er að segja að Lemaitre ögri lesandanum í nokkuð óvenjulegri glæpasögu. Eina stundina hefur lesandinn andúð á Antoine vegna glæps hans og aðra stundina getur hann ekki annað en haft samúð með dreng sem þjáist vegna gjörða sinna. Höfundi tekst einkar vel að lýsa örvæntingu og ótta barns sem er stöðugt að ímynda sér hvað eigi eftir að gerast. Þessar lýsingar á hugarástandi drengs eru afar sterkar og sláandi.

Höfundi tekst mjög vel að draga upp eftirminnilegar myndir af aukapersónum og má þar sem dæmi nefna lýsingu á fimmtán ára stúlku í hjólastól, þar er til dæmis grípandi vel útfærður kafli sem gerist í jólamessu þar sem prestur fer með fagnaðarerindið um leið. Lesandinn sér kirkjugesti ljóslifandi fyrir sér meðan alls kyns hugsanir þjóta um höfuð hins unga Antoine þar hann situr á kirkjubekknum.

Í seinni hlutanum, sem gerist árið 2011 og árið 2015, fer sagan í nokkuð óvænta átt og Antoine stendur frammi fyrir tveimur kostum. Val hans kemur nokkuð á óvart. Sú klemma sem hann lendir í og leiðin sem hann kýs að fara er dálítið eins og frá öðrum og eldri tíma. Það er ekki laust við að sú hugsun hvarfli að lesandanum að þarna sé höfundur jafnvel að vinka til 19. aldar rithöfunda sem settu aðalpersónur sínar gjarnan í þá aðstöðu að vera þvingaðar til að ganga ákveðna leið sem þeim var þvert um geð.

Í stuttum eftirmála víkur Lemaitre góðu að hópi rithöfunda sem hann segir alveg örugglega hafa haft áhrif á verkið, þar á meðal er 19. aldar rithöfundurinn Nathaniel Hawthorne. Hann nefnir einnig Georges Simenon, en margt í andblæ verksins minnir einmitt á hann. Jean-Paul Sartre fær einnig kveðju og er það vel við hæfi því saga Lemaitre er sannarlega með tilvistarlegu ívafi.

Það er ekki á hverjum degi sem glæpasögur vekja lesendur til umhugsunar, en það gerist hér.

**Kolbrún Bergþórsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Sérlega góð og minnisstæð glæpasaga, heimspekileg og vitsmunaleg, frá höfundi sem sannarlega kann að hreyfa við lesendum.

# Ort, lesið, speglað, rænt og ruplað á degi ljóðsins

Hópurinn Svikaskáld býður upp á opið ljóðakvöld á Kaffislipp í Hótel Marina við Mýrarveg í Reykjavík í kvöld klukkan 20. Tilefnið er alþjóðlegur dagur ljóðsins sem Bókmenntaborgir UNESCO fagna um víða veröld. Byrjað verður með stuttum lestri úr ljóðum þekktra skálda frá öllum heimshornum og allt andans fólk á staðnum er hvatt til að stela, spegla og svara þeim lestri á næstu 10 mínútum. Hringiðan verður endurtekin eins oft og nauðsynlegt er. Kvöldið er óður til traustss, svika og innblásturs sem ljóðskáld og annað skapandi fólk fær hvert frá öðru.

„Við Svikaskáldin höfum unnið ljóðabækurnar okkar tvær á þennan hátt,“ segir Fríða Ísberg, ein úr hópnum. „Við opnum fyrir skáldaæðarnar með ljóðum eftir okkur eða aðra og notum þau sem stökkpalla fyrir framhaldið. Þetta verður svipað. Það verður skapað rými til að upptendrast og skapa í framhaldi af upplestri og allir geta tekið þátt. Það er mjög skemmtilegt. Svipað og fólk gerir þegar það botnar vísufyrriparta frá öðrum.“ – **gun**



**Svikaskáldin: aftari röð: Ragnheiður Harpa Leifsdóttir, Sunna Dís Másdóttir, Melkorka Ólafsdóttir og Þórdís Helgadóttir. Fremri röð: Þóra Hjörleifsdóttir og Fríða Ísberg.**




Kate Winslet og Jim Carrey fá að kenna á því í Eternal Sunshine of the Spotless Mind að ekki er hægt að flýja minningar, ástarsorg eða ástina.

# Besta ástarsaga aldarinnar?

**Fimmtán ár eru liðin frá frumsýningu þeirrar stórmerkilegu og undurfögru myndar Eternal Sunshine of the Spotless Mind. Á þessum tímamótum vilja einhverjir hampa henni sem einni bestu mynd aldarinnar.**

Fimmtán ára afmæli Eternal Sunshine of the Spotless Mind er fyrirtaks tilefni til þess að rifja upp hversu mögnuð þessi kvikmynd er. Vill líka svo skemmtilega til að hún hverfist einmitt um minningar og gleymsku. En þó fyrst og fremst sársaukafullar minningar og ástarsorg sem er svo óbærileg að aðalpersónan, sem Jim Carrey lék sérlega vel, var tilbúin til þess að nýta nýja tækni til þess að láta fjarlægja þær úr huga sínum.

Slíkt hið sama gerði fyrrverandi kærastan, sem Kate Winslet lék. Ástin og tilfinningarnar láta hins vegar ekki að sér hæða og þegar fyrrverandi kærustuparið hittist aftur, algerlega ómeðvituð um að þau áttu að baki fallegt samband og erfiðan skilnað, fella þau hugi saman aftur.

Auðvitað getur verið ofboðslega freistandi að fá frelsi frá þrúgandi og erfiðum minningum með því einfaldlega að láta þær hverfa. En hvað erum við annað en minningarnar sem við burðumst með?

**Gildi minninganna**

Sennilega ekki mikið og í þeirri erfiðu staðreynd leynist hinn fagri kjarni þessarar fimmtán ára gömlu myndar sem hefur staðist tímans tönn svo vel að þau sem mögulega eru búin að gleyma henni ættu að horfa á hana aftur. Aðrir hafa ekkert val. Þetta er mynd sem allir verða að sjá í það minnsta einu sinni á ævinni. Með því skilyrði að þeir gleymi henni ekki.

Persónu Winslet finnst hún á tímabili vera að hverfa vegna þess að hana skortir minningar sem hún áður átti og kvöldu hana. Og þegar parið er orðið ástfangið á ný og endurheimtir fyrri minningar ákveða þau samt að taka sénsinn á öðrum erfiðum sambandsslitum. Vegna þess að ástin er alltaf þess virði, sama hvað gerist síðar.

Stóru spurningarnar sem Eternal Sunshine of the Spotless Mind krefur áhorfandann um svör við, eru einfaldlega hvað gerist ef við sættum okkur við ástarsorgina frekar en að óttast hana. Hvernig væri að taka minningunum og sorginni bara sem hluta af okkur sjálfum frekar en að leggja á flótta?

Kvikmyndagagnrýnandinn Roger Ebert heitinn endurskoðaði dóm sinn um myndina 2010 og bætti hálfri stjörnu við til þess að hún fengi fullt hús. Sjálfur gaf ég henni fimm stjörnur í Fréttablaðinu á sínum tíma og get því ekki fjölgað þeim þótt ég glaður vildi. En í tilefni tímamótanna gef ég sjálfum mér fimmtán ára gamalt orðið. Og nú eins og þá er spurningarmerki í fyrirsögninni:

**Lækning við ástarsorg?**

„Sambandsslit og skilnaðir geta farið ansi illa með fólk og það eru þá ekki síst minningarnar um þá eða þann fyrrverandi sem valda hugarangri og éta þá sem engjast í ástarsorg upp að innan.

Í Eternal Sunshine of the Spotless Mind kemst Jim Carrey að því að það er til skemmtileg og ódýr lausn á þessu hvimleiða vandamáli; maður fer bara til læknis sem hreinsar burt allar minningar hans um fyrrverandi kærustuna sína.

Aðgerðin tekur eina nótt og þegar hann vaknar mun hann ekki sakna elskunnar sinnar, sem Kate Winslet leikur, einfaldlega vegna þess að fyrir honum hefur hún aldrei verið til.

Það borgar sig að segja sem minnst um innihald myndarinnar en atburðarásin á sér að mestu stað í huga aðalpersónunnar á meðan hún sefur og horfir á minningar sínar hverfa.

Sagan er eftir Charlie Kaufman sem er án efa einn frumlegasti handritshöfundurinn í Bandaríkjunum þessi misserin en hann á að baki snilldarmyndirnar Being John Malkovich og Adaptation. Þeir sem þekkja til verka hans ættu því að hafa nokkra hugmynd að því að hverju þeir ganga hér. Hann er sem fyrr að þvælast inni í kollinum á persónum sínum og það kemur vel í ljós hér að hann er orðinn býsna flinkur í þessum hugarflækjum þar sem Eternal Sunshine of the Spotless Mind er töluvert betri en fyrri myndirnar og þá er heilmikið sagt.


Charlie Kaufman með verðskuldaðan Óskar fyrir handrit mögulega einnar bestu myndar síðari tíma. NORDICPHOTOS/GETTY

Sagan er í eðli sínu flókin og það hefði hæglega verið hægt að klúðra henni en framsetningin er pottþétt, áferðin smart og leikararnir svo góðir að það klikkar ekkert.

Carrey sýnir heldur betur hvað í honum býr og glansar í gegnum hlutverk sitt, Kate Winslet og Eliah Wood (ekkert hobbitalegur) eru einnig traust en senuþjófurinn er Mark Ruffalo sem er gersamlega óþekkjanlegur frá því í In the Cut og tekur af öll tvímæli um það að hann er leikari í toppklassa.

Eternal Sunshine of the Spotless Mind vekur upp margar spurningar um ástina, hugsanir, minningar og samskipti kynjanna. Hún svarar ef til vill engu en minnir á hið fornkveðna að enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur og að minningarnar eru það dýrmætasta sem við eigum þó þær geti verið sárar.

Lækningin við ástinni og sorginni sem getur fylgt henni finnst sjálfsagt aldrei en þessi mynd getur ýft upp sár hjá áhorfendum um leið og hún veitir huggun með því að sýna svo ekki verður um villst að sársauki og söknuður er eitthvað sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur þess að vera til.

Eternal Sunshine er hreinn gullmoli í bíóflórunni þessa dagana. Mynd sem gleymist seint og býður upp á endalausar vangaveltur fyrir þá sem á annað borð nenna að pæla í nokkrum sköpuðum hlut. Brilljant mynd.“ thorarinn@frettabladid.is

KRÝSUVÍK
AÐALFUNDUR
KRÝSUVÍKURSAMTAKANNA
2019

Haldinn að Strandgötu 43 Hafnarfirði
miðvikudaginn 3.apríl 2019 kl. 17.00

Dagskrá :
VENJULEG AÐALFUNDARSTÖRF

Stjórnin




Þú færð vörur **KeyNatura** í Melabúðinni, Fríhöfninni, Fjarðarkaupum, Nettó, verslunum Mamma Veit Best, Heilsuver, Heilsuhúsinu, Hagkaupum, flestum lyfjaverslunum og í vefverslun okkar, **keynatura.is** - framleitt af SagaNatura á Íslandi.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 21. MARS 2019

**Hvað?** Málþing
**Hvenær?** 9-12
**Hvar?** Norræna húsið
Rauði krossinn á Íslandi og Alþjóða- og Evrópuréttarstofnun Háskólans í Reykjavík, með stuðningi utanríkisráðuneytisins, standa að málþingi um Genfarsamningana og lög í stríði.

**Hvað?** Fyrirlestur – Það var barn í dalnum
**Hvenær?** 12-13
**Hvar?** Fyrirlestrasalur Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.
Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur fjallar um hrjáð börn og fleira í verkum Steinunnar Sigurðardóttur rithöfundar. Fyrirlesturinn á vegum RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum.



**Tónleikar með Jazztríói Eddu Borg í Petersen-svítunni, Ingólfsstræti 2, í kvöld klukkan 21.00.**

**Hvað?** Fyrirlestur um fornleifar í Reykholti
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Stofa 101 Lögbergi, HÍ
Guðrún Sveinbjarnardóttir fornleifafræðingur fer yfir það helsta sem kom í ljós við fornleifarannsóknir í Reykholti fyrir nokkrum árum í fyrirlestri á vegum Miðaldastofu Háskóla Íslands. Aðgangur ókeypis og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Af hákarlaveiðum
**Hvenær?** 17
**Hvar?** Húnabúð, Skeifunni 11, R.
Hallgrímur Helgason rithöfundur lýsir hákarlaveiðum í nýjustu bók sinni, Sextíu kíló af sólskini.

**Hvað?** Vorsöngur á jafndægri
**Hvenær?** 17-18
**Hvar?** Borgarbókasafnið / Menningarhús Árbæ
Anna Sigríður Helgadóttir söngkona syngur sumarlög. Allir eru hjartanlega velkomnir – enginn aðgangseyrir.



**Hvað?** Hvaða tré er þetta?
**Hvenær?** 18
**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur
Steinar Björgvinsson garðyrkjufræðingur fræðir fólk um vetrargreiningu trjágróðurs. Viðburðurinn er á alþjóðlegum degi skóga og hefst við aðalinngang í Grasagarð Reykjavíkur. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Tónleikar – Parísarstemning
**Hvenær?** 20
**Hvar?** Hannesarholt
Bergljót Arnalds söngkona, Birgir Þórisson píanóleikari og Margrét Arnar harmónikuleikari flytja ljúfa tóna frá borg ástarinnar, París, við kertaljós. Lög sem Edith Piaf, Jacques Brel, Joseph Kosma og Charles Aznavour hafa gert fræg. Öll lögin verða sungin á frönsku. Bergljót mun einnig frumflytja lag sem hún hefur sjálf samið á frönsku. Hannesarholt býður upp á franska súkkulaðiköku og 2 fyrir 1 tilboð fyrir þá sem vilja fara út að borða fyrir tónleikana.

**Hvað?** Tónleikar með Jazztríói Eddu Borg
**Hvenær?** 21
**Hvar?** Petersen-svítan, Ingólfsstræti 2, R.
Tríóið skipa, auk Eddu, þeir Björn Thoroddsen gítarleikari og kontrabassaleikarinn Bjarni Sveinbjörnsson. Þau leika lög úr Jazzbiblíunni góðu og má heyra marga af „gömlu góðu“ standördunum.


## Þjóðleikhúsið 551 1200 • leikhusid.is



### Ronja Ræningjadóttir — Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Sun 24.03 | kl. 13:00 | U | Sun 14.04 | kl. 13:00 | U | Sun. 12.05 | kl 13:00 | U | Sun 26.05 | kl. 13:00 | Ö |
| Sun 24.03 | kl. 16:00 | U | Sun 14.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 | U | Sun 2.06 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 31.03 | kl. 13:00 | U | Sun 28.04 | kl 13:00 | U | Lau 18.05 | kl. 13:00 | Au | Lau 8.06 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 31.03 | kl. 16:00 | U | Sun 28.04 | kl. 16:00 | U | Lau 18.05 | kl. 16:00 | Au | | | |
| Sun 07.04 | kl. 13:00 | U | Sun 05.05 | kl. 13:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 | Ö | | | |
| Sun 07.04 | kl. 16:00 | U | Sun 05.05 | kl. 16:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 | Ö | | | |



### Einræðisherrann — Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau.23.03 | kl 19:30 | U | Fös. 05.04 | kl 19:30 | U | Lau 04.05 | kl. 19:30 | |
| Fös. 29.03 | kl 19:30 | U | Lau 13.04 | kl. 19:30 | Ö | | | |



### Jónsmessunæturdraumur — Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 22.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 06.04 | kl. 19:30 | Ö | Fös 03.05 | kl. 19:30 | |
| Lau. 30.03 | kl 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl 19:30 | U | | | |



### Þitt eigið leikrit — Kúlan

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 23.03 | kl 15:00 | U | Fös 29.03 | kl. 18 | Au | Fös 05.04 | Kl. 18:00 | Au | Lau 13.04 | kl. 17:00 | |
| Lau 23.03 | Kl. 17:00 | U | Lau. 30.03 | kl 15:00 | U | Lau 06.04 | kl. 15:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 17:00 | |
| Sun. 24.03 | kl 15:00 | U | Sun 31.03 | kl. 15:00 | U | Sun 07.04 | kl. 15:00 | U | | | |
| Sun. 24.03 | kl 17:00 | U | Sun.31.03 | kl 17:00 | U | Sun 07.04 | Kl. 17:00 | Au | | | |



### Súper — Kassinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim. 21.03 | kl. 19:30 | U | Fim. 28.03 | kl. 19:30 | U | Fim.04.04 | kl. 19:30 | U | Fim 11.04 | kl. 19:30 | Ö |
| Fös. 22.03 | kl. 19:30 | U | Lau. 30.03 | kl. 19:30 | U | Lau 06.04 | kl. 19:30 | Ö | Fös. 12.04 | kl. 19:30 | U |
| Mið 27.03 | kl. 19:30 | U | Mið. 03.04 | kl. 19:30 | U | Mið 10.04 | kl. 19:30 | Ö | | | |



### Loddarinn — Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau27.04 | kl. 19:30 | U | Fim 02.05 | kl. 19:30 | U | Lau 11.05 | kl. 19:30 | U |
| Þri 30.04 | kl. 19:30 | U | Fös 10.05 | kl. 19:30 | U | Fös 17.05 | kl. 19:30 | U |



### Brúðkaup Fígarós — Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 07.09 | kl. 19:30 | Ö | Fös 20.09 | kl. 19:30 | | Lau 28.09 | kl. 19:30 | |
| Sun 15.09 | kl. 19:30 | | Lau 21.09 | kl. 19:30 | | Lau 05.10 | kl. 19:30 | |



### Mið-Ísland — Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 21.03 | kl. 21:00 | Ö | Fös 22.03 | Kl. 22:00 | U | Lau 23.03 | Kl. 22:00 | U | Fös 29.03 | kl. 19:30 | U |
| Fös 22.03 | kl. 19:30 | Ö | Lau 23.03 | kl. 19:30 | Ö | Fim 28.03 | kl. 21:00 | | Fös 29.03 | Kl. 22:00 | |



### Improv — Leikhúskjallarinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mið 20.03 | kl. 20:00 | Mið 27.03 | kl. 20:00 | Mið 03.04 | kl. 20:00 | Mið 10.04 | kl. 20:00 |



### Dimmalimm — Brúðuloftið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 23.03 | Kl. 14.00 | U | Lau 30.03 | Kl. 14.00 | Ö | Lau 06.04 | Kl. 14.00 | |

## Borgarleikhúsið 568 8000 • borgarleikhus.is



### Matthildur — Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 21.03 | Kl 19:00 | U | Mið 03.04 | Kl 19:00 | U | Þri 16.04 | Kl 19:00 | U | Mið 08.05 | Kl 19:00 | Ö |
| Fös 22.03 | Kl 19:00 | U | Fös 05.04 | Kl 19:00 | U | Mið 24.04 | Kl 19:00 | U | Fim 09.05 | Kl 19:00 | U |
| Lau 23.03 | Kl 19:00 | U | Sun 07.04 | Kl 19:00 | U | Fim 25.04 | Kl 19:00 | U | Mið 15.05 | Kl 19:00 | Ö |
| Sun 24.03 | Kl 19:00 | U | Mið 10.04 | Kl 19:00 | U | Fös 26.04 | Kl 19:00 | U | Fim 16.05 | Kl 19:00 | Ö |
| Mið 27.03 | Kl 19:00 | U | Fös 12.04 | Kl 19:00 | U | Sun 28.04 | Kl 19:00 | U | | | |
| Fim 28.03 | Kl 19:00 | U | Lau 13.04 | Kl 13:00 | U | Þri 30.04 | Kl 19:00 | U | | | |
| Sun 31.03 | Kl 19:00 | U | Sun 14.04 | Kl 19:00 | U | Fim 02.05 | Kl 19:00 | U | | | |



### Elly — Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 30.03 | Kl. 20:00 | U | Lau 27.04 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 17.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 06.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 | ÖL |
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | Ö | | | |



### Ríkharður III — Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 29.03 | Kl. 20:00 | U | Fim 04.04 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 11.04 | Kl. 20:00 | ÖL |



### Kvenfólk — Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 23.03 | Kl. 20:00 | U | Sun 30.03 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 06.04 | Kl. 20:00 | Ö |



### Kæra Jelena — Litla sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 | U | Þrið 24.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | U |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | | | |



### Club Romantica — Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 22.03 | Kl. 20:00 | U | Fim 28.03 | Kl. 20:00 | Ö | Föös 05.04 | Kl. 20:00 | Ö |



### Bæng! — Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 23.05 | Kl. 20:00 | U |
| Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 | Ö |



### Kvöldvaka með Jóni Gnarr — Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U |



### Allt sem er frábært — Litla sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 11.05 | Kl. 20:00 | |

**Gjafakort Borgarleikhússins**
er ávísun á einstakt kvöld sem aldrei gleymist.
Gjafakortin eru tilvalin gjöf við hvers konar tilefni
og koma í fallegum umbúðum.
Borgarleikhúsið 568 8000 • borgarleikhus.is



**GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS**
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birds of Passage (ENG SUB) | 17:30 | Brakland (DANISH W/ENG SUB) | 20:00 |
| Capernaum (ICE SUB) | 17:30 | Taka 5 // Take 5 (ENG SUB) | 22:00 |
| Shoplifters//Búðarþjófar (ICE SUB) | 17:40 | Birds of Passage (ICE SUB) | 22:00 |
| Free Solo (ENGLISH - NO SUB) | 20:00 | Heavy Trip // Hevi Reissu (ENG SUB) | 22:00 |
| Arctic (ICE SUB) | 20:00 | | |



# Miklu meira en bara ódýrt

ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

Hjólafesting á bíl frá 4.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L 8.995

Álskóflur frá 1.999

Viðgerðarbretti 4.895

Sonax hreinsivörur á frábæru verði

Hjólatjakkur 2T m/tösku 3.795

Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W 19.999

Háþrýstidæla 1650W 9.999

6T Búkkar 605mm Par 9.999

Startkaplar frá 1.495

Hleðslutæki 12V 6A 4.995

Mikið úrval af verkfæratöskum frá 795

Verkfæraskápur á hjólum 34.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum 79.995

Steðjar í miklu úrvali

1/2 Toppasett 7.995

1/4 Toppasett 3.995

Vice Multi angle 6.985

1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk 14.995

Verkfærasett 108 stk 5.995

Skrall-lyklar 8-17 7.985

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla

Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið 24.995

Ruslapokar 10,20,50stk frá 395

Ruslatínur frá 395

Hjólbörur 100kg 3.995

Frábært úrval af dragböndum/ ströppum

Skóflur frá 995

Laufahrífur frá 999

Strákústar 685

Myndlistavörur í miklu úrvali

Flísasög 80mm 13.995

Scanslib Hverfisteinn frá 19.995

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm 9.999

Fjölsög Höfftech 5.999

Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali

Hjólsög GMC 1200W 14.999

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki) 19.995

Metabo KS216 bútsög 16.995

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,- 14.999

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is

Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

## Norrænir bíódagar á RÚV




Úrvalsmyndir á dagskrá RÚV allar helgar og einnig í spilara RÚV á RÚV.is eða í RÚV-appinu þegar þér hentar.

RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Útsvar 2013-2014 Seltjarnarnes - Hvalfjarðarsveit**
**14.00 Stríðsárin á Íslandi**
**15.10 Kexvexsmiðjan** Gamanþáttaröð frá 2011 undir stjórn Gísla Rúnars Jónssonar þar sem grín er gert að flestu því sem mannlegri náttúru er viðkomandi. Höfundar: Gísli Rúnar Jónsson og Carola Köhler. Leikendur: Andrea Jónsdóttir, Hallgrímur Ólafsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson. Framleiðsla: Röntgenmyndir ehf. e.
**15.40 Taka tvö Ari Kristinsson**
**16.35 Popppunktur 2011 Vinir Sjonna - Stjórnin**
**17.35 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsins** Þættir frá 2016 þar sem litið er um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Strandverðirnir**
**18.13 Fótboltastrákurinn Jamie**
**18.43 Bestu vinir**
**18.48 Bílskúrsbras**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Nörd í Reykjavík**
**20.30 Eitt stykki hönnun, takk Samstarf er ævintýri**
**21.00 Ljúfsár lygi** Áströlsk þáttaröð í sex hlutum sem byggð er á sígildri skáldsögu Leos Tolstoy, Önnu Kareninu, en gerist í nútímasamfélagi. Fyrrverandi tennisstjörnur, Anna og Xander Ivin, eru hamingjusamlega gift og virðast lifa fullkomnu lífi. En þegar Anna hittir mann að nafni Skeet fyrir tilviljun á flugvelli umturnast líf þeirra allra. Aðalhlutverk: Sarah Snook, Benedict Samuel og Rodger Corser. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Glæpahneigð** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna í von um að koma í veg fyrir frekari ódæðisverk. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.55 Löwander-fjölskyldan** Sænsk þáttaröð um ástir og örlög Löwander-fjölskyldunnar, sem rekur vinsælan veitingastað í Stokkhólmi undir lok seinni heimsstyrjaldar. Leikstjóri: Harald Hamrell. Leikarar: Suzanne Reuter, Mattias Nordkvist, Adam Lundgren, Hedda Stiernstedt, Charlie Gustafsson, Rasmus Troedsson, Anna Bjelkerud og Josefin Neldén. e.
**23.55 Kastljós**
**00.10 Menningin**
**00.20 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**09.00 Golfing World**
**09.50 The Players Championship**
**14.55 PGA Highlights**
**15.50 PGA Special. Gary Player. Picture This**
**16.45 Golfing World**
**17.35 Inside the PGA Tour**
**18.00 Valspar Championship** Bein útsending frá Valspar Championship á PGA mótaröðinni.
**22.00 PGA Special. Gary Player. Picture This**
**22.55 Inside the PGA Tour**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 Younger**
**14.10 The Voice US**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 The Kids Are Alright**
**20.10 Með Loga**
**21.10 9-1-1**
**21.55 The Resident**
**22.40 How to Get Away with Murder**
**23.25 The Tonight Show**
**00.10 The Late Late Show.**
**00.55 NCIS**
**01.40 NCIS. New Orleans**
**02.25 Venjulegt fólk**
**02.55 The Truth About the Harry Quebert Affair**
**03.40 Ray Donovan**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Á tónsviðinu**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Flakk** Hljómalindarreitur og Brynjureitur
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sinfóníukvöld. Á leið í tónleikasal**
**19.27 Sinfóníutónleikar**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Passíusálmar**
**22.15 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.50 A Late Quartet**
**13.35 Goodbye Christopher Robin**
**15.25 The Simpsons Movie**
**16.55 A Late Quartet**
**18.40 Goodbye Christopher Robin**
**20.30 The Simpsons Movie**
**22.00 Horrible Bosses**
**23.40 Baby, Baby, Baby**
**01.10 Knights of Badassdom**
**02.35 Horrible Bosses**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.50 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Anger Management**
**10.00 Landhelgisgæslan**
**10.25 Wrecked**
**10.50 Ísskápastríð**
**11.25 Satt eða logið**
**12.10 Heimsókn**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 My Big Fat Greek Wedding 2**
**14.35 Skógarstríð 3**
**15.50 The Goldbergs**
**16.10 Two and a Half Men**
**16.35 Stelpurnar**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 The Big Bang Theory**
**19.45 Splitting Up Together**
**20.10 NCIS**
**20.55 Whiskey Cavalier**
**21.40 The Blacklist**
**22.25 Magnum P.I.**
**23.10 Real Time with Bill Maher**
**00.05 Silent Witness**
**00.55 Silent Witness**
**01.50 Thirteen**
**02.45 Rebecka Martinsson**
**03.30 Rebecka Martinsson**
**04.15 My Big Fat Greek Wedding 2**

## STÖÐ 3

**19.10 The Last Man on Earth**
**19.35 Two and a Half Men**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 The Mindy Project**
**21.15 Supergirl**
**22.00 Arrow**
**22.45 Game of Thrones**
**23.40 The Simpsons**
**00.05 Bob's Burgers**
**00.30 American Dad**
**00.55 The Last Man on Earth**
**01.20 Two and a Half Men**
**01.45 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.35 Real Sociedad - Levante**
**09.15 Valur - Keflavík**
**10.55 FH - Afturelding**
**12.25 Real Madrid - Celta**
**14.05 Fréttaþáttur Undankeppni EM 2020**
**14.50 Undankeppni EM 2020** Bein útsending frá leik Kasakstan og Skotlands.
**17.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**17.25 Valur - Keflavík**
**19.05 Premier League World**
**19.35 Undankeppni EM 2020** Bein útsending frá leik Hollands og Hvíta-Rússlands
**21.45 Undankeppni EM - Mörkin**
**22.00 Undankeppni EM 2020**
**23.40 Undankeppni EM 2020**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Leeds - Sheffield United**
**08.40 Football League Show**
**09.10 Haukar - Valur**
**10.35 Everton - Chelsea**
**12.15 Fulham - Liverpool**
**13.55 Messan**
**15.00 Breiðablik - FH**
**16.40 Formúla 1 2019. Keppni**
**19.00 Úrvalsdeildin í pílukasti** Bein útsending frá Úrvalsdeildinni í pílukasti.
**22.30 Premier League World**
**23.00 Domino's-deild karla - 8 liða úrslit**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

# Sturtuveisla!




**Verðdæmi 80cm. 29.544**




**Verðdæmi 80x80 cm. 38.900**







**Verðdæmi 70x70 cm. 30.500**




**Verðdæmi 80x80 cm. 32.107**




**Verðdæmi 80x80 cm 29.600**

**Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.**
**Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.**
**Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.**




**Verðdæmi 70 cm. 26.190**

## Gæði, úrval & gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

**i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*



„Þegar maður fær áfallastreituröskun læðast allt í einu aftan að manni einhver gömul áföll sem maður hefur ekki áttað sig á að gætu haft svona mikil áhrif á mann.“

# Heiða syngur sig frá áfallastreituröskun

**Heiða Ólafsdóttir** tekst á við afleiðingar umferðarslyss og áfallastreituröskun syngjandi bjartsýn. Hún segir lagasmíðar hafa bjargað geðheilsu sinni en afraksturinn má heyra á nýrri plötu, Ylur, sem hún fagnar með tónleikum á föstudagskvöld.

Ég er að glíma við afleiðingar umferðarslyss sem ég lenti í fyrir ári,“ segir söngkonan og flugfreyjan Heiða Ólafsdóttir sem hefur ekkert getað flogið síðan í desember.

„Ég neyddist til þess að fara í veikindaleyfi hjá Icelandair vegna þess að áverkarnir sem ég fékk í bílslysinu hafa bara versnað,“ segir Heiða. „Ég er með stöðugan doða í hendi og fingrum og með brjósklos í hálsi og hef auk þess þurft að takast á við mikla áfallastreituröskun. Þannig að það að brasa í minni eigin tónlist hefur alveg bjargað geðheilsunni.“

Heiða segir líf sitt hafa gerbreyst á björtum og fallegum degi fyrir ári þegar hún beið á rauðu ljósi og ekið var aftan á bílinn hennar á mikilli ferð. „Það kom gríðarlega aftan að mér hvernig eitthvað svona aulalegt getur haft miklar og alvarlegar afleiðingar. Þetta er búið að valda mér mikilli áfallastreitu.“ Og óhætt er að segja að ógæfan hafi komið bókstaflega í bakið á henni vegna þess að hnykkurinn sem hún fékk á hálsinn endaði í brjósklosi með tilheyrandi stöðugum verkjum.

### Stóru stundirnar og spurningarnar

„Það er auðvitað galið að vera að gefa út plötu í þessu breytta og rafræna tónlistarumhverfi en ég er fyrst og fremst að gera þetta fyrir sjálfa mig,“ segir Heiða og bætir við að þótt það hljómi drungalega þá „getum við öll dáið á morgun þannig að það þýðir ekkert að sitja heima og lesa“.

Hún ákvað því að kýla í hljómplötuútgáfu með dyggum stuðningi eiginmannsins Snorra Snorrasonar sem gerði garðinn frægan sem Ídol-stjarna Íslands 2006. „Ég gat gert heila plötu vegna þess að Snorri minn er upptökustjóri og á hljóðver og frítt fyrir konuna sína,“ segir Heiða glaðlega. „Svo seldi ég plötuna og miða á útgáfutónleikana fyrirfram á þessari stórsniðugu síðu, Karolina Fund, og það gekk svo vel að ég komst með útgáfuna á núllpunkt.“

Heiða segir lögin á nýju plötunni hafa orðið til á löngum tíma, bæði fyrir og eftir slysið. „Á plötunni eru einungis alíslensk lög sem öll eiga það sameiginlegt að fjalla um ást, von og yl. Helmingurinn eftir mig og hinn helmingurinn þekkt lög í mínum búningi. Allt lög sem hafa talað sérstaklega til mín í gegnum tíðina.“

Lögin eru eftir nokkra af uppáhalds tónlistarmönnum Heiðu, til dæmis Bjartmar Guðlaugsson, Jóhann Helgason og Gunnar Þórðarson. „Platan fékk nafnið Ylur frá upphafsorði lags og texta sem ég samdi til Snorra míns þegar við vorum að fella hugi saman.“

Heiða yrkir og syngur um stóru stundirnar og spurningarnar í lífinu og þrátt fyrir allt sem á henni hefur dunið segir hún að bjart sé yfir plötunni. „Ég sleppti dramatísku lögunum sem ég á til en þau koma kannski út síðar. Ég er rosalega jákvæð og bjartsýn að eðlisfari en kannski verið meira í að peppa aðra og gleyma sjálfri mér. „Núna er komið að því að ég muni eftir því að vera jákvæð í minn garð.“

Heiða segist hafa viljað gefa jákvæðan tón með plötunni. „Mig langar að fólk heyri eitthvað sem færir þeim bjartsýni og þótt ástin, vonirnar og væntingarnar geti oft verið erfiðar þá er ekkert verra en að missa vonina. Það er það versta sem getur komið fyrir fólk.“

Útgáfutónleikar Heiðu hefjast í Salnum í Kópavogi klukkan 20 á laugardagskvöld og þar mun hún flytja öll lögin af plötunni í bland við nokkur af uppáhaldslögunum sínum. **thorarinn@frettabladid.is**

> **ÞAÐ KOM GRÍÐARLEGA AFTAN AÐ MÉR HVERNIG EITTHVAÐ SVONA AULALEGT GETUR HAFT MIKLAR OG ALVARLEGAR AFLEIÐINGAR. ÞETTA ER BÚIÐ AÐ VALDA MÉR MIKILLI ÁFALLASTREITU.**

# Garðar kokkur brauðfæðir lávarðadeildina

Matreiðslumeistarinn Garðar Agnarsson Hall hefur starfað við góðan orðstír sem kokkur í mötuneyti lávarðadeildar breska þingsins í rúm tvö ár. Svo góðan reyndar að í fyrradag var hann heiðraður fyrir brauðgerð sína sem hefur heldur betur slegið í gegn í Westminster.

Viðurkenningin sem Garðar fékk er tilkomumikil, House of Lords priority awards fyrir framúrskarandi árangur í þróun og daglegri framreiðslu á fersku brauði. Þannig að segja má að hann sé eiginlega orðinn konunglegur brauðgerðarmaður.

„Ég hef verið að reyna að poppa þetta aðeins upp með yfirkokknum og hluti af því var að knýja fram breytingar á brauðframboðinu,“ segir Garðar í samtali við Fréttablaðið eftir langan vinnudag.

Merkilegt nokk er metnaðurinn í matseldinni í lávarðadeildinni ekki slíkur að herramannsmatur hafi verið daglegt brauð áður en Garðar tók til sinna ráða. „Við vorum kannski að selja þrjú eða fjögur brauð yfir daginn áður en seljum nú tólf til fimmtán þannig að þetta hefur slegið rækilega í gegn.“

Garðar segir brauðbyltinguna vera lið í því að uppfæra mötuneyti lávarðanna frá því „að vera svona miðlungs yfir í mjög gott“, og hann segist bjóða upp á allar tegundir brauðs; súrdeigs, ítölsk og hvað eina. „Raunverulega bara allan pakkann.“

Garðar gerir brauðin sjálfur frá grunni og þótt hann sé ekki bakari þá hafi brauðgerðin fylgt honum allar götur frá því hann byrjaði að kokka. Og þótt hann sé hógvær mjög að eðlisfari neitar Garðar því ekki að hann njóti nokkurra vinsælda og virðingar í Westminster.

„Ég hef allavega fengið mikið klapp á bakið og það er ekki auðvelt að gera breytingar á svona stað. Það er langur vegur frá því. Þetta er mjög íhaldssamt umhverfi og maður hefur þurft að sýna smá þrautseigju.“

Vinsældir mötuneytisins hafa aukist jafnt og þétt eftir að Garðar bretti upp ermar að íslenskum hætti og gæðastöðlum. „Það eru allmargir lordar og barónessur sem nýta sér mötuneytið og traffíkin hefur aukist sennilega um 60-70% á einu ári eftir að við fórum að gera hlutina meira sjálf á staðnum. Það er smekkfullt alla daga frá morgni til kvölds en áður var það aðeins á miðvikudögum sem eru steikardagar.“ **– þþ**



Garðar ásamt Norman Fowler, formælanda lávarðadeildarinnar, eftir að hann tók við viðurkenningunni fyrir snilli sína í brauðgerð.

HONDA

RAFMAGNAÐIR

AKSTURSEIGINLEIKAR

CR-V HYBRID




HONDA

**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Auglýsing**

**um deiliskipulagstillögu fyrir Grænuvelli og nágrenni á Selfossi í Sveitarfélaginu Árborg.**

Samkvæmt 1.mgr.41.gr. skipulagslaga n.r. 123/2010 auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi Grænuvalla og nágrennis

Deiliskipulagstillagan nær yfir Árveg 2-10, Fagurgerði 1-9, Grænuvelli 1-8a, Hörðuvelli 2-6 og Austurveg 25-35.

Fyrirhugað skipulagssvæði afmarkast af Austurvegi til suðurs, Fagurgerði til vesturs, Árvegi til norðurs og Hörðuvöllum til austurs.
Skipulagssvæðið er alls um 3,2 ha að flatarmáli.

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar 2010-2030 er meirihluti skipulagssvæðisins, sem hér um ræðir, skilgreindur sem íbúðarsvæði. Suðurhlutinn, meðfram Austurvegi, er skilgreindur sem miðsvæði. Samkvæmt aðalskipulaginu er lögð áhersla á þéttingu íbúðabyggðar í eldri hluta Selfoss og möguleikar á þéttingu byggðar taldir töluverðir í og við miðbæinn, beggja vegna Austurvegar.

Markmið deiliskipulagstillögunar er að skýra kvaðir og heimildir á byggðum og óbyggðum lóðum á skipulagssvæðinu.
Með deiliskipulaginu er gerð breyting á lóðunum Grænuvellir 8 og 8b. Lóðin sem stendur nær götunni Grænuvöllum verður íbúðarlóð, nr. 8 og sú sem fjær stendur, nr. 8a verður ætluð fyrir bílastæði. Á þeirri lóð verður ekki byggingarréttur. Einnig er gerð sú breyting á lóðinni Hörðuvellir 2 að hún skiptist í tvær lóðir, Hörðuvelli 2 og Árveg 10.

Teikning ásamt greinargerð og skilmálum, vegna tillögunnar mun liggja frammi á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi frá 21. mars 2019 til og með 2. maí 2019. Öllum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna.
Frestur til að skila athugasemdum rennur út fimmtudaginn 2.maí 2019 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu hans að Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning, greinargerð og skilmálar til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða tillöguna og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið bardur@arborg.is

*Virðingarfyllst,*
*Bárður Guðmundsson*
*skipulags- og byggingarfulltrúi.*

LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Hallgrímur gaf sig allan í upplesturinn á verðlaunabók sinni Sextíu kíló af sólskini og tók sér átta vikur í verkið og komst ekki í gegnum meira en 30 blaðsíður í senn en bókin er um átján klukkustunda löng. MYND/GASSI

# Hallgrímur kláraði 60 kíló á átta vikum

Verðlaunabók **Hallgríms Helgasonar** Sextíu kíló af sólskini kemur út á hljóðbók í dag en höfundurinn leiklas hana sjálfur með miklum tilþrifum á átta vikum sem kostuðu hann mikla orku og vinnu.

Forlagið gefur út fjórar nýjar hljóðbækur í dag; Að vetrarlagi eftir Isabel Allende, Listamannalaun eftir Ólaf Gunnarsson, Barnið sem hrópaði í hljóði eftir Jónínu Leósdóttur og síðast en ekki síst Sextíu kíló af sólskini sem nýlega skilaði Hallgrími Helgasyni Íslensku bókmenntaverðlaununum.

Hallgrímur leiklas hljóðbókarútgáfuna sjálfur með slíkum tilþrifum að hann komst ekki yfir nema 30 blaðsíður í hverri lotu. „Þetta tók sinn tíma. Ég gat aldrei lesið nema tvo tíma í einu,“ segir Hallgrímur. „Þá var ég bara alveg búinn.“

Hallgrímur var í átta vikur við upptökur á hljóðbókinni sem er um það bil átján klukkustunda löng þannig að verkið útheimti gríðarlega orku og vinnu af hálfu höfundarins.

Hallgrímur reyndi eftir fremsta megni að blása enn meira í lífi í fjörugan texta sinn með því að gefa persónum mismunandi raddir. „Erfiðast við þetta var kannski líka að ég var ekki alveg viss um norðlenskuna, hvernig hún var töluð á þessum tíma. Mér finnst nú eiginlega engin norðlenska í Siglufirði núna, eða minni heldur en í Ólafsfirði og á Dalvík og Akureyri, en held hún hafi nú verið meiri í upphafi 20. aldar.“

**Fleiri ljá bókinni eyra**

Egill Örn Jóhannsson, forstjóri Forlagsins, segir að á undanförnum árum hafi vöxturinn í bókaútgáfu á alþjóðavísu verið mestur í hljóðbókum og Forlagið hafi brugðist við þeirri þróun. „Við í Forlaginu höfum ákveðið að fjárfesta töluvert á næstu misserum í útgáfu hljóðbóka,“ segir Egill.

> **SJÁLFUR HEF ÉG VERIÐ AÐ HLUSTA Á BÆKUR OG ÞETTA ER BARA SVOLÍTIÐ ÖNNUR UPPLIFUN Á BÓKMENNTUNUM OG MJÖG SKEMMTILEG.**
>
> Hallgrímur Helgason

„Þessi hljóðbókamarkaður er mjög spennandi,“ segir Hallgrímur. „Sjálfur hef ég verið að hlusta á bækur og þetta er bara svolítið önnur upplifun á bókmenntunum og mjög skemmtileg. Síðan vill maður helst gera þetta sjálfur svo þetta sé þá til og ég lagði mig allan fram við að gera þetta vel. Og maður vonar bara að fólk muni stökkva á þetta vegna þess að þetta er form sem hentar nútímalífi.“

Hallgrímur bendir á að fólk sé alltaf á ferð og flugi og þá nýtist hljóðbókin vel. „Svo er þetta mjög gott til að sofna út frá á kvöldin. Fólk sofnar yfirleitt ef það setur hljóðbók í eyrun. Bara verst að þegar það vaknar veit það ekkert hvar í bókinni það sofnaði.“

Forlagið hefur reist sitt eigið hljóðver þar sem stefnan er að taka upp að lágmarki 15-20 titla á ári auk þess sem stefnt er að því að nýta aðra aðila til þess að geta aukið verulega við útgáfuna á árinu.

**Stoltur útgefandi**

„Við setjum stefnuna á að gefa út allt að 30 hljóðbækur á árinu og nú er markmiðið fyrst og fremst að fjölga hlustendum og opna heim hljóðbókanna fyrir sem flestum og þess vegna höfum við ákveðið að fagna útkomu bókar Hallgríms á hljóðbók með því að selja hana á aðeins 490 krónur næstu daga,“ segir Egill.



Egill Örn er ákaflega stoltur af leiklestri Hallgríms og fullyrðir að útgáfan sæti tíðindum.

„Ég er ákaflega stoltur af þessari útgáfu og þetta er partur af þeirri viðleitni, að sem flestum verði gert kleift að kaupa og hlusta á verðlaunabók Hallgríms í algjörlega frábærum lestri. Ég leyfi mér að segja að þessi útgáfa sætir tíðindum.“

Forlagið sendi í fyrra frá sér smáforritið Hljóðbók, app fyrir bæði Android- og Apple-tæki til þess að streyma hljóðbókum. Egill segir uppfærslu á forritinu væntanlega á næstu vikum þar sem notendum verður meðal annars gert kleift að hlaða hljóðbókunum niður þannig að þeir geti hlustað þegar þeir eru utan netsambands.

Athugið að hægt er að hlusta á Hallgrím lesa fyrsta kafla bókar sinnar á Fréttablaðið.is.

**thorarinn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

BIOEFFECT

## BIOEFFECT EGF + 2A DAILY DUO

EINSTAKLEGA ÁHRIFARÍK HÚÐVARA SEM HÆGIR Á ÖLDRUN HÚÐAR, VER GEGN SKAÐLEGUM MENGUNARÁHRIFUM OG DREGUR ÚR BÓLGUM OG ROÐA




## 21.-24.MARS
## KYNNINGARDAGAR
Í LYFJUM & HEILSU

**20% AFSLÁTTUR AF EGF SERUM & EGF DAY SERUM Á KYNNINGARDÖGUM**

Kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur fyrir 9.900 kr eða meira*

*Meðan birgðir endast

BIOEFFECT.COM | @BIOEFFECTOFFICIAL

FÆST Í VERSLUNUM LYF OG HEILSU Í KRINGLUNNI OG GLERÁRTORGI AKUREYRI

BORN FROM **SCIENCE**
MADE IN **ICELAND**

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

*www.lyfogheilsa.is*



VIKUTILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

## TAMPA
tungusófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga.
Stærð: 240 x 143 cm

**Fullt verð: 129.900**

Aðeins **97.425 kr.**



VIKUTILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

## ZERO
hornsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna.
Stærð: 288 x 205 x 88 cm.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **142.425 kr.**



VIKUTILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

## SAGA
hornsófi 2H3

Slitsterkt d ökkgrátt áklæði.
Stærð: 275 x 215 x 86 cm

**Fullt verð: 219.900 kr.**

Aðeins **175.920 kr.**



VIKUTILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

## NEW MALMÖ
U-sófi

Dökk- eða silfurgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 330 x 220 x 85 cm

**Fullt verð: 269.900 kr.**

Aðeins **215.920 kr.**

## DENVER
2,5 s.æta
sófi & stóll

2,5 sæta sófi og stóll í klassískum stíl.
Ljósbleikt (Dusty Rose) sléttflauel.

Sófi: 184 x 82 x 82 cm
**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **83.930 kr.**



VIKUTILBOÐ 30% AFSLÁTTUR



Stóll: 84 x 82 x 82 cm
**Fullt verð: 69.900 kr.**

Aðeins **48.930 kr.**

Allar dýnur* {20-50% AFSLÁTTUR} Á DÝNUDÖGUM **DORMA**




DÝNUDAGAR 35% AFSLÁTTUR

- Pokagormakerfi
- Hægindalag í yfirdýnu
- Bómullaráklæði
- Sterkur botn
- Steyptur svampur í köntum

Spring Air
Trusted by millions since 1926.

## SPRING AIR EXCELLENT
heilsudýna – allar stærðir
120 / 140 / 180x200 cm

**VERÐDÆMI**
Stærð 120 x 200 cm
Fullt verð 89.900 kr.

Aðeins **58.435 kr.**



DÝNUDAGAR 50% AFSLÁTTUR

- 26 cm þykk heilsu-dýna sem lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- Non-slip efni á botni dýnunnar
- Engir rykmaurar
- Ofnæmisprófuð

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

## SHAPE DELUXE
heilsudýna 90x210 cm

**DÝNUDAGAR**
Stærð 90 x 210 cm
Fullt verð 77.900 kr.

Aðeins **38.950 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 10–18 (Holtagarðar)
Mán. til fös. kl. 11–18.30 (Smáratorg)
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

# DORMA

Láttu drauminn rætast

# Vikutilboð 21. til 27. mars



www.dorma.is

VEFVERSLUN ALLTAF OPIN

## RAMSEY
hægindastóll



Nettur hægindastóll. Bordeaux rautt eða grátt sléttflauel.

**Fullt verð:** 29.900 kr.

VIKUTILBOÐ 40% AFSLÁTTUR

Aðeins **17.940 kr.**

## BUFFALO
lyftistóll úr leðri



Stillanlegur hægindastóll. Leður á slitflötum. Hægt að halla til baka. Aðstoðar þig á fætur. Með skemli. Fáanlegur svartur, brúnn og drapplitur.

**Fullt verð:** 179.900 kr.

VIKUTILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

Aðeins **143.920 kr.**

## QOD DÚNSÆNG
Sérlega hlý og mjúk

**800 gr. heit dúnsæng, 140 x 200 cm.**
- 90% dúnn
- 10% smáfiður

**Fullt verð:** 27.900 kr.

QUILTS OF DENMARK®



VIKUTILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

Aðeins **22.320 kr.**

## NANCY
hægindastóll með skemli

Hægindastóll í sígildu útliti. Fáanlegur grænbláu, gráu og rauðu áklæði. Og í gráu, brúnu og svörtu PVC leðri.

**Fullt verð í áklæði:** 69.900 kr.

**Fullt verð í leðri:** 89.900 kr.



VIKUTILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

Vikutilboðsverð í áklæði

Aðeins **55.920 kr.**

Vikutilboðsverð í leðri

Aðeins **71.920 kr.**

DORMA

Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Guðrún Vilmundardóttir




# Óvæntir fundir

Ég er nýkomin heim af bókamessu í London og bókmenntahátíð í Umeå í Norður-Svíþjóð, þar sem Auður Ava Ólafsdóttir hélt dásamlegt erindi fyrir 200 manna sal og þurftu einhverjir frá að hverfa.

Það á jafnt við um bókamessur og bókmenntahátíðir að það eru ekki bara hinir boðuðu fundir og skipulagða dagskrá sem veita ánægju, heldur ekki síður óvæntar uppákomur. Vinirnir sem maður eignast þegar hlaupið er á milli funda eða beðið eftir lyftunni.

Nú og kunningjarnir sem maður eignast á rauðu ljósi.

Ég átti fundi í Soho í London og heimsótti nokkrar eftirlætis bókabúðir en þurfti svo að halda á mitt hótel í Kensington. Ég stóð við innganginn að neðanjarðarlestinni, en sólin skein og ég var ekki marga daga í borginni svo ég ákvað að halda mig ofanjarðar. Splæsa í leigubíl og líta bara á það sem nokkurs konar útsýnistúr.

Við höldum í vestur frá Charing Cross og ég er bara nokkuð ánægð með þessa ákvörðun þar sem við keyrum meðfram St. James garðinum og ég sá Big Ben og fannst bara ganga vel í útsýnistúrnum. Þar sem við keyrum upp að Buckingham-höll heyrist svo í bílstjóra mínum: Nei, sko, sjáðu. Þarna er drottningin.

Keyrir hún þá út um hallarhlið í gamalli glæsikerru og veifar mannskap fyrir framan höllina. Við keyrum áfram í átt til hennar, tökum saman rúnt á hringtorgi og stoppum svo hlið við hlið á rauðu ljósi.

Bílstjóri minn veifaði henni kurteislega og hún til baka.

Ég horfði þögul á úr aftursætinu, óneitanlega frekar lukkuleg með að vera ofanjarðar, og í útsýnistúr.








